


skoðun 32

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Spil








# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Miðvikudagur
22. desember 2010
300. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000





## Gerpla sýnd í Noregi

*Gleði í Þjóðleikhúsinu eftir að Gerpla var valin á hátíð í Bergen á næsta ári.*

**fólk** 56

## Ómar Ómars komnir út

*Ómar Ragnarsson fagnar útgáfu þriggja hljómdiska með bestu lögunum hans.*

**menning** 44



## Átti að fara fyrr út

*Hlynur Bæringsson hefur gert það gott í sænska körfuboltanum í vetur.*

**sport** 70

### veðrið í dag




**ÁFRAM KALT Í VEÐRI** Í dag má búast við NA 8-13 m/s á Snæfellsnesi og Vestfjörðum en hægari vindur annars staðar. NV- og V-til eru horfur á éljum eða lítilsháttar snjókomu.

**VEÐUR** 4






**AÐDRÁTTARAFL TUNGLINS** Á þriðja hundrað manns sendu tæplega sjö hundruð myndir í keppni Fréttablaðsins og Vísis um bestu ljósmyndina af tunglmyrkvanum í gærmorgun. Hér að ofan má sjá sigurmyndina, eftir Svein Bjarka Brynjarsson, sextán ára Árbæing. Myndina tók hann í garðinum heima hjá sér í Selási. Að eigin sögn þurfti hann marga tugi tilrauna til að ná almennilegri mynd, enda er myndin tekin á tíma og má sjá Svein sjálfan í forgrunni hægra megin. Aðrar úrvaldsmyndir má sjá inni í blaðinu í dag. **Sjá síðu 26**

MYND/SVEINN BJARKI BRYNJARSSON

# Meint meðlagssvik tilkynnt dag hvern

**Stöðugt er tilkynnt um fólk sem sagt er búa saman, annað fái greitt meðlag frá Tryggingastofnun en hitt safni meðlagsskuldunum hjá Innheimtustofnun.**

**FÉLAGSMÁL** Tryggingastofnun Ríkisins (TR) berast tilkynningar á hverjum degi um meint svik meðlagsþega, sem sagðir eru búa í óskráðri sambúð með meðlagsgreiðandanum sem þó greiði ekkert aftur til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

TR sér um að greiða einstæðum foreldrum meðlag en sendir það síðan í innheimtu til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Jón Ingvar Pálsson, forstjóri Innheimtustofnunar sveitarfélaga, segir að reglulega vakni grunur um að foreldrar séu ranglega skráðir einstæðir og þiggi meðlag þegar hitt foreldrið búi í raun hjá þeim, stundi hugsanlega svarta vinnu og safni háum meðlagsskuldum hjá Innheimtustofnuninni. Slíkum grun sé ýmist beint til TR eða Ríkisskattstjóra.

> Það koma daglega ábendingar um svona til okkar. Þær eru allar kannaðar og sumar reynast á rökum reistar en aðrar ekki.
>
> **ÞORGERÐUR RAGNARSDÓTTIR**
> HJÁ TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

„Það koma daglega ábendingar um svona til okkar. Þær eru allar kannaðar og sumar reynast á rökum reistar en aðrar ekki," segir Þorgerður Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri þjónustu- og kynningasviðs TR.

Reynist vera rökstuddur grunur um að sambúðarskráningin sé röng er málið sent til Þjóðskrár, sem aftur sendir bréf á fólkið og gefur því tveggja vikna frest til að skýra mál sitt eða mótmæla álytkuninni um ranga skráningu.

Berist ekkert svar er lögheimilið einfaldlega flutt og TR breytir þá greiðslunum í samræmi við það. Ef fólkið þrætir fyrir ranga skráningu er málið sent til lögreglu, sem grefst fyrir um búsetuhagina. Á meðan á þessu ferli stendur heldur fólkið óbreyttum bótum.

Greint hefur verið frá því að meðlagsgreiðendur skulda hinu opinbera nú um 20 milljarða króna. Jón Ingvar segir þessar tölur brenglaðar, í ljósi þess að Innheimtustofnunin haldi kröfum á menn lifandi allt fram að andláti þeirra. Til samanburðar afskrifi skatturinn skuldir eftir fjögur ár og bankar eftir fjögur til átta ár.

Dæmi eru um að einstaklingar skuldi upp undir 15 milljónir í meðlag.

- sh / sjá síðu 6

Sérfræðingar Fréttablaðsins:

## Apparat á bestu plötu ársins

**FÓLK** Apparat Organ Quartet á bestu íslensku plötu þessa árs samkvæmt álitsgjöfum Fréttablaðsins. Platan, Pólýfónía, skýtur Jónsa og Retro Stefson ref fyrir rass. Tvær barnaplötur komast á listann yfir tíu bestu plöturnar.

Ohio-sveitin The National á bestu erlendu plötuna, High Violet. Skammt undan er þriðja plata The Arcade Fire.

- hdm / sjá síður 64 og 66






## SPURNING DAGSINS



*Eiríkur, á ekki bara að fá gaurinn í bandið?*

„Nei. Strákurinn hefur talent, en ég held að hann myndi bara skyggja of mikið á okkur.“

Gossip Girl-stirnið Ed Westwick tók lagið með trúbadornum Eiríki Hafdal og bróður hans Magnúsi á English Pub um helgina.

Um 100 heimilislausir kettir gista í Kattholti og bíða nýrra eigenda:

# Kartöflupokakisurnar eru ennþá í Kattholti

**DÝRAVERND** Kisurnar níu sem fundust í kartöflupoka í Heiðmörk á fimmtudaginn eru nú allar í umsjón dýravinanna í Kattholti. Dýrin voru svo illa haldin eftir meðferð fyrri eiganda að þau eru enn þá hvekkt og bregðast illa við þegar reynt er að láta vel að þeim.

„Tvær eru þó byrjaðar að mala hjá mér,“ segir Elín G. Folha, starfsmaður í Kattholti, og segir það gott batamerki.

Fréttablaðið greindi frá því á laugardaginn að maður sem var á gangi með hundinn sinn í Heiðmörk gekk fram á poka sem í reyndust vera níu kettir. Þeir voru frá þriggja mánaða til eins árs gamlir. Hann ætlaði sér að reyna að finna eigendur fyrir fjóra af þessum níu en það bar ekki árangur. Hann kom köttunum þess vegna til starfsfólksins í Kattholti í gær.

„Núna eru þeir allir hérna vesalingarnir litlu,“ segir Elín. Hún segir engar tilraunir hafa verið gerðar til að finna þeim ný heimili þar sem þeir séu ekki tilbúnir undir slík vistaskipti. Elín vill halda þeim í Kattholti fyrst um sinn en veit ekki hversu lengi. Það gætu þó verið mánuðir þangað til úr rætist.

Í Kattholti eru þessa dagana um hundrað heimilislausir kettir en þeir hafa flestir verið á milli 150 og 200. „Þeir eldri dvelja oft lengi hérna hjá okkur því það eru kettlingarnir sem fólk vill,“ segir Elín. Hún segir að það algjöra þrautalendingu að láta svæfa dýrin, en stundum verði það ekki umflúið. **- shá**



**Í GÓÐUM HÖNDUM** Tvær af kisunum eru byrjaðar að mala, sem er gott batamerki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ásókn í greiðslu arfs fyrir skattahækkun

**Sýslumannsembætti segja gerð erfðafjárskýrslna til þess að hægt sé að greiða út arf fyrirfram hafa færst í aukana undanfarnar vikur. Fjölgunin er rakin til þess að erfðafjárskattur hækkar úr fimm í tíu prósent um áramótin.**

**EFNAHAGSMÁL** Erfðafjárskýrslum, til að hægt sé að greiða út arf fyrirfram, hefur fjölgað mikið undanfarnar vikur. Erfðafjárskattur mun hækka úr fimm prósentum í tíu um áramótin. Sýslumannsembættin í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Akureyri finna fyrir þessari aukningu.

„Það er mikil aukning. Skatturinn á að hækka um helming um áramót þess vegna er fólk að gera þetta núna,“ segir Guðgeir Eyjólfsson, sýslumaður í Kópavogi og Hafnarfirði. Hann segir að byrjað hafi að fjölga í kringum þann tíma sem hugmyndir um hækkun skattanna heyrðust. Engar tölur eru til um fjölgunina enn sem komið er, en sem dæmi voru fimmtán erfðafjárskýrslur lagðar fram í Kópavogi á mánudag. Það þykir mjög mikið. Guðgeir segist reikna með að áfram verði allt á fullu fram að áramótum. „Það er æskilegt að fólk komi sem fyrst með þetta til þess að það takist að afgreiða allt.“

Sömu sögu er að segja hjá sýslumannsembættinu í Reykjavík. Þar er mjög mikið um að fólk leggi fram erfðafjárskýrslur í þessum tilgangi nú, að sögn Þuríðar Árnadóttur skrifstofustjóra. Fyrst og fremst hafi orðið vart við fjölgun mála í desember. „Við sjáum fram á að það verði áfram þessa daga fram að jólum og svo milli jóla og nýárs,“ segir hún. Reynt verði að fara yfir allar skýrslur sem berist. „Við leggjum okkur öll fram við það og vonandi tekst það.“

Björn Jósef Arnviðarson, sýslumaður á Akureyri, segir það tilfinningu sína að heldur meira hafi verið um mál af þessu tagi upp á síðkastið. Að hans sögn er þó alltaf mikið að gera í erfðafjármálum undir lok árs.





**SÝSLUMAÐURINN Í REYKJAVÍK** Yfirleitt er það svo að mest er að gera í þessum málum rétt fyrir áramót en sýslumannsembættin sem Fréttablaðið ræddi við töldu mun meira að gera í ár en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Skatturinn á að hækka um helming um áramót þess vegna er fólk að gera þetta núna.
>
> **GUÐGEIR EYJÓLFSSON** SÝSLUMAÐUR

Samkvæmt fjárlögum næsta árs mun erfðafjárskattur hækka úr fimm prósentum í tíu prósent um áramótin. Þegar um dánarbú er að ræða er ein milljón króna undanþegin skatti nú en sú upphæð hækkar í eina og hálfa milljón við breytingarnar. Áætlað er í fjárlögum að þessar breytingar muni skila ríkissjóði einum milljarði króna í viðbótartekjur á næsta ári.

**thorunn@frettabladid.is**

Fíkniefnahundur skilaði sínu:

## Freyja fann kannabisefni

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður á tvítugsaldri sem lenti í umferðaróhappi skammt sunnan við Blönduós í fyrrakvöld reyndist vera með 300 grömm af kannabisefnum falin í bíl sínum.

Ýmislegt í fari ökumanns hafði vakið grunsemdir lögreglunnar. Var hann færður á lögreglustöðina á Blönduósi þar sem hann gaf sýni sem sýndi að hann hafði ekið undir áhrifum fíkniefna. Hann sagðist þó ekki hafa nein slík meðferðis. Fíkniefnahundurinn Freyja var þá látin kanna bílinn og fann hún fíkniefnin falin í innréttingu hans. Þau voru ætluð til sölu á Akureyrarsvæðinu. **- jss**



**HÚSADALUR Í ÞÓRSMÖRK** Áhugamenn vilja göngubrú úr Fljótshlíð í Húsadal.

Framkvæmdir í Þórsmörk:

## 140 metra brú yfir Markarfljót

**SAMGÖNGUR** Vinir Þórsmerkur hafa að undanförnu skoðað þá hugmynd að byggð verði göngubrú yfir Markarfljót, að því er segir í erindi hópsins til sveitarstjórnar Rangárþings eystra.

„Um er að ræða um það bil 140 metra brú yfir Markarfljót milli Húsadals og Fljótshlíðar. Áætlað er að þessi framkvæmd verði unnin í nokkrum þrepum á næstu þremur árum,“ segja Vinir Þórsmerkur sem hafa óskað eftir fjármagni frá Alþingi og aðstoð frá Ferðamálastofu vegna brúarbyggingarinnar. **- gar**



**Á HEATHROW** Erfiðlega gekk að koma flugvélum í loftið. NORDICPHOTOS/AFP

ESB gagnrýnir flugvelli:

## Vanbúnir þegar snjóar mikið

**BRETLAND, AP** Siim Kallas, samgöngustjóri Evrópusambandsins, gagnrýnir rekstur flugvalla í Bretlandi og víðar fyrir að hafa ekki nægan viðbúnað þegar snjóar mikið, eins og gerst hefur í Evrópulöndum undanfarna daga.

Farþegar eru margir hverjir furðu lostnir yfir töfum sem orðið hafa á flugi.

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, tekur undir gagnrýnina og bauð fram aðstoð breska hersins við að ryðja snjó af Heathrow-flugvellinum í London. **- gb**

Heiðmerkurdólgar dæmdir:

## Börðu mann og stungu af

**DÓMSMÁL** Fjórir karlmenn á þrítugsaldri hafa verið dæmdir í Héraðsdómi Reykjaness fyrir að ræna manni af heimili hans í Hafnarfirði í júlí 2008, misþyrma honum og skilja hann eftir í Heiðmörk.

Mennirnir bönkuðu þá upp á hjá fórnarlambinu og byrjuðu strax að misþyrma honum. Þeir þvinguðu hann inn í bifreið þar sem þeir héldu áfram að berja hann og óku með hann í Heiðmörk. Þar skildu þeir manninn lemstraðan eftir. Mennirnir fjórir hlutu dóma frá þremur mánuðum upp í fimmtán mánaða fangelsi. Þrír dómarnir voru að hluta á skilorði, en sá fjórði skilorðsbundinn. **- jss**


Gleðileg jól!

★★★★

„Skyldulesning hvers hugsandi manns.“

Steingrímur Sævarr Ólafsson, Pressan





Birta í jólapakkann

Salka salka.is


Ræningi ógnaði leigubílstjóra með sprautunál og hafði af honum peninga:

# Þetta var óhugnanleg lífsreynsla

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta var mjög óhugnanleg lífsreynsla,“ segir leigubílstjóri sem Fréttablaðið ræddi við í gær. Hann varð fyrir því í fyrrinótt að farþegi ógnaði honum með sprautunál og rændi síðan. Bílstjórinn vill ekki koma fram undir nafni, þar sem það gæti valdið honum frekari óþægindum.

Leigubílstjórinn skýrir svo frá að það hafi verið upp úr miðnætti í fyrrakvöld sem hann var með bílinn kyrrstæðan í nágrenni við 10-11 verslunina við Dalveg.

„Ég sé að maður kemur labbandi og spyr mig hvort bíllinn sé laus. Ég jánkaði því og hann settist inn. Þegar ég sá framan í hann hugsaði ég með mér: „Hvað er ég búinn að taka upp í?“ því ég sá strax að hann var dópaður og ruglaður.“

Maðurinn sagðist hafa verið að vinna í næsta húsi og þyrfti að komast í Trönuhjalla. Leigubílstjórinn gerði sem hann var beðinn um.

„Þegar við vorum komnir á áfangastað spurði hann mig hvort ég gæti skipt fimm þúsund kalli. Ég teygði mig í veskið sem var í hurðinni og þá notaði hann tækifærið, teygði sig í bíllykilinn og drap á bílnum. Ég sá þá að hann hélt á notaðri, ógeðslegri sprautu með nál í hendinni alveg við hliðina á mér.“





**LEIGUBÍLAR** Leigubílstjórinn sem Fréttablaðið ræddi við segir 99 prósent farþega í góðu lagi.

Maðurinn heimtaði peninga af leigubílstjóranum. Eitthvað hafði hann upp úr krafsinu, stökk út úr bílnum, fleygði lyklunum frá sér og hvarf út í myrkrið.

„Ég hringdi þegar í lögreglu, sem mætti á staðinn með það sama,“ segir bílstjórinn. „Mitt næsta verk verður að fá mér myndavél í bílinn.“

Ræninginn var ófundinn síðdegis í gær, en lögregla leitaði hans. **- jss**


GJAFAKORT
GJAFAKORT SMÁRALINDAR
Hægt er að kaupa gjafakort á smaralind.is og á þjónustuborðinu okkar á 2. hæð.
Smáralind
Á JÓLUNUM ER GLEÐI OG GAMAN
Um leið og þú klárar að versla fyrir jólin bjóðum við þér að njóta skemmtunar sem kemur þér í sannkallað jólaskap.
JÓLADAGSKRÁIN
22. DESEMBER
• Jólaleikritið í Vetrargarðinum kl. 17
• Jólasveinarnir kíkja í heimsókn kl. 15 og 17
• Hljómsveitin Frjókorn leikur ljúf jólalög kl. 18.00 og 20.30
• Söngskóli Maríu verður með atriði á göngugötunni kl. 19
23. DESEMBER
• Jólaleikritið í Vetrargarðinum kl. 17
• Jólasveinarnir kíkja í heimsókn kl. 15 og 17
• Söngskóli Maríu verður með atriði á göngugötunni kl. 16.30
• Hljómsveitin Frjókorn leikur ljúf jólalög kl. 18.00 og 20.30
Sjáumst – Smáralind
Næg bílastæði!
Opið til 22 til jóla

## GENGIÐ 21.12.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,49 | 117,05 |
| Sterlingspund | 180,63 | 181,51 |
| Evra | 153,25 | 154,11 |
| Dönsk króna | 20,567 | 20,687 |
| Norsk króna | 19,482 | 19,596 |
| Sænsk króna | 17,057 | 17,157 |
| Japanskt jen | 1,3912 | 1,3994 |
| SDR | 178,30 | 179,36 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

208,2003

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jákvæðar fréttir af þorskstofninum en þriðji slaki ýsuárgangurinn mælist í röð:

# Þorskstofninn að styrkjast

**HAFRANNSÓKNIR** Niðurstöður úr haustralli Hafrannsóknastofnunar eru jákvæðar og vísbendingar um að þorskstofninn sé að braggast verulega. Ýsustofninn er hins vegar innan við helmingur þess sem hann var 2004.

Heildarvísitala þorsks hækkaði um rúm tuttugu prósent frá árinu 2009. Er vísitalan sú hæsta frá 1996 er farið var í fyrstu stofnmælinguna. Hækkun vísitölunnar í fjölda er í góðu samræmi við áætlanirnar frá því í vor, en þyngdaraukning er aðeins meiri en áætlað hafði verið.

Heildarvísitala ýsu lækkaði um 25 prósent frá árinu 2009 og er nú um 45 prósent af því sem hún var árið 2004 þegar hún var hæst. Vísitalan er svipuð og árin 1996-2001. Fyrstu mælingar á árganginum frá 2010 benda til að hann sé slakur og sá lakasti frá 1996. Er það þriðji slaki ýsuárgangurinn í röð.

Niðurstöður mælingarinnar eru mikilvægur þáttur árlegrar úttektar Hafrannsóknastofnunarinnar á ástandi nytjastofna við landið. Þar vega ekki síður þungt upplýsingar um aldurssamsetningu afla og aflabrögð fiskiskipa á árinu, stofnmælingar þorsks á hrygningartíma í netaralli og síðast en ekki síst stofnmæling botnfiska í mars, eða í svokölluðu togararalli. - shá



**SÁ GULI AÐ BRAGGAST** Rannsóknir sýna stækkandi þorskstofn. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Ólafur Ragnar Grímsson:

# Segir Kína helst treysta á Ísland

**ORKUMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sagði í viðtali við fréttaveituna Bloomberg að Ísland sé helsti samstarfsaðili Kína við þróun og vinnslu jarðvarmaorku.

Hann sagði í viðtalinu að bæði Wen Jiabao forsætisráðherra og Xi varaforseti, sem verður næsti forseti Kína, hafi lýst því yfir að Kína líti nú á Ísland sem aðalfélaga sinn í umbreytingu Kína í jarðorkugeiranum. „Þeir í Kína eru að gera það sem við gerðum í Reykjavík," segir forsetinn. „Þegar ég var strákur var Reykjavík hituð upp með kolum og olíu en í dag er borgin algerlega hrein og jarðorkuvæn," sagði Ólafur Ragnar. - shá



**PETER MANGS** Neitar staðfastlega sök. NORDICPHOTOS/AFP

Skotárásirnar í Malmö:

# Ákærður fyrir fleiri morð

**SVÍÞJÓÐ** Peter Mangs, 38 ára Svíi sem er grunaður um eitt morð og nokkrar skotárásir í Malmö undanfarið ár, hefur verið ákærður fyrir tvö morð og fimm skotárásir til viðbótar við fyrri ákærur. Hann er nú grunaður um þrjú morð og tíu morðtilraunir.

Mangs var handtekinn í Malmö í síðasta mánuði eftir áralanga rannsókn lögregluyfirvalda á fjölda skotárása á fólk af erlendum uppruna. - shá





**KEYPT Í KULDANUM** Borgarbúar láta kuldann ekki stoppa sig í jólainnkaupunum.



**GLUGGAKAUP** Ungir sem aldnir leggja leið sína í miðborgina til þess að versla fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Heitar súkkulaðiráðstafanir

**Þrátt fyrir kulda segja verslunareigendur mikla jólastemningu einkenna miðborgina. Sala virðist vera betri en í fyrra. Fólk pantar heitt súkkulaði eins og það sé að fara úr tísku. Kaupmenn gera neyðarrástafanir.**

**VERSLUN** „Það er rosalega góð stemning í bænum og salan er betri heldur en í fyrra," segir Arndís B. Sigurgeirsdóttir, verslunarstjóri og eigandi bókabúðarinnar Iðu á Lækjargötu. „Kannski er bærinn að bjóða upp á meira í ár heldur en áður, ég veit það ekki. En hvað sem það er þá er það allavega að virka."

Verslunareigendur á Laugaveginum virðast almennt vera á sama máli um það að þrátt fyrir kólnandi veður og verslunarmiðstöðvar, sé að aukast líf í miðbæ Reykjavíkur að nýju fyrir jólin.

„Mér finnst bærinn vera að koma aftur og ég er farin að heyra aftur hljóð í fólki eins og í gamla daga, áður en verslunarmiðstöðvarnar komu, að fara saman í bæinn," segir Arndís. „Það er bjartara yfir fólkinu heldur en hefur verið og þrátt fyrir frosthörkur er jólastemningin hér."

Sala á erlendum bókum í Iðu hefur aukist um 40 prósent sé miðað við sama tíma í fyrra. Arndís segir svokallaðar „Table Top" bækur verði vinsælli gjafir með hverju ári en sala á íslenskum bókum hefur haldist stöðug.

„Það er meira að gera í dag en í gær og það heldur lífinu í okkur kaupmönnunum," segir Arndís.



**FRÍÐA Á 10 DROPUM** Fríða Sigurðardóttir býst við mikilli jólaös á kaffihúsinu á Þorláksmessu og hafa starfsmenn gert viðeigandi ráðstafanir til að bregðast við því.

Fríða Sigurðardóttir, starfsmaður á kaffihúsinu Tíu dropum á Laugaveginum, tekur undir orð Arndísar og segir stemninguna í miðbænum fara stigvaxandi dag frá degi.

„Fólk pantar heitt súkkulaði eins og það sé að fara úr tísku," segir Fríða. „Fólk hrannast inn og það myndast oft biðraðir út úr dyrum."

Fríða hefur undirbúið starfsfólk 10 dropa vel undir stærsta kvöld ársins, Þorláksmessu.

„Þá verður toppnum náð," segir hún. „Við erum búin að setja neyðarráðstafanir í gang til þess að það muni allt ganga smurt fyrir sig. Súkkulaðið verður hitað í 30 lítra potti og við verðum þrisvar sinnum fleiri á vakt en á venjulegum kvöldum."

Dögg Hjaltalín, verslunarstjóri bókabúðarinnar Máls og menningar, segir að fólk sé almennt farið að venja komur sínar meira í miðbæinn en áður.

„Það eru komnar margar gæðaverslanir í bæinn og traffíkin hefur aukist eftir því," segir hún. „Fólk er farið að gera meira eins og í gamla daga, að fara í bæinn og eyða góðum tíma þar í einu."

sunna@frettabladid.is





Reykjavíkur Apótek
Seljavegi 2 101 Reykjavík Sími 511 3340 Fax 511 3341 www.reyap.is

## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**FROST Á FRÓNI**
Kuldinn nær hámarki í dag en síðan dregur smám saman úr frosti. Horfur eru á éljum eða snjókomu við vesturströndina og NV-til í dag en annars úrkomulítið. Á morgun og aðfangadag verður úrkoman að mestu bundin við S- og A-ströndina.



**Á MORGUN**
5-10 m/s.
Hvassara syðst.

**FÖSTUDAGUR**
10-15 m/s syðst, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 0° |
| Billund | -2° |
| Frankfurt | 1° |
| Friedrichshafen | 4° |
| Gautaborg | -1° |
| Kaupmannahöfn | -1° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 1° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 2° |
| Orlando | 22° |
| Ósló | -15° |
| París | 2° |
| San Francisco | 12° |
| Stokkhólmur | -8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*


EINFALDLEGA MEIRA
ÚRVAL UM JÓLIN
FERSKT
OG FRAMANDI
HÉR FÁST
ÞREFALDIR
VILDARPUNKTAR
TIL JÓLA
ferskt með flugi!
Trönuber
Jarðarber
Rifsber
Blæjuber
Hindber
Brómber
Kirsuber
Bláber
Skreyttu eftirréttadiskinn með litilli sneið!
Trétómatur
Ástríðualdin
Dreka ávöxtur
Guave
Granatepli
Dvergappelsínur
Stjörnuávöxtur
Ferskar fíkjur
Ígulber
Broddmelóna
Rauð amerísk gæða epli
100% rauð jólaepli frá Washington fylki. Þessi verður þú að prófa!
epli eru ekki bara epli!
frábært úrval af kryddjurtum...
Garðablóðberg
Graslaukur
Hjartafró
Kerfill
Rósmarin
Steinselja
Basilika
Bergmynta
Kóriander
Lofnarblóm
Marjoram
Mynta
Salvía
Dill
Fáfnisgras
Flat steinselja
girnilegt úrval af sveppum!
Íslenskir sveppir
Enoki sveppir
Beach garic sveppir
Portabello sveppir
Shitake sveppir
Eringi sveppir
Heksen sveppir
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Sendir þú jólakort til vina og vandamanna þetta árið?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 68,4% |
| NEI | 31,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgdist þú með tunglmyrkvanum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Morðmálið í Hafnarfirði tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness í gær:

# Ósakhæfur og opið þinghald

**DÓMSMÁL** Þinghald í máli Gunnars Rúnars Sigurþórssonar sem játað hefur að hafa orðið Hannesi Þór Helgasyni að bana, verður opið. Yfirmat tveggja geðlækna er hins vegar það að Gunnar Rúnar sé ósakhæfur.

Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Dómsalur var þéttsetinn og mátti heyra saumnál detta meðan beðið var eftir dómara, saksóknara og verjanda Gunnars Rúnars. Faðir Hannesar Þórs, systur og fleiri aðstandendur voru meðal þeirra sem hlýddu á þinghaldið.



**GUNNAR RÚNAR SIGURÞÓRSSON** Mætti ekki í dómsal í gær.

Verjandi Gunnars Þórs hafði lagt fram kröfu um að þinghaldið yrði lokað, en dómari hafnaði henni. Sakborningurinn mætti ekki í dómsal við þingfestinguna.

Niðurstaða yfirmats tveggja geðlækna var kynnt við þingfestinguna og að þeirra áliti er Gunnar Rúnar ekki sakhæfur. Þetta er sama niðurstaða og geðlæknar komust að við undirmat. Það er síðan í valdi dómara að ákvarða endanlega um sakhæfi hans.

Um er að ræða játningarmál, þar sem Gunnar Rúnar hefur játað að hafa orðið Hannesi Þór að bana.

Milliþinghald í málinu var ákveðið 14. janúar. Aðalmeðferð verður 7. febrúar, þar sem Gunnar Þór, þrír geðlæknar og réttarmeinafræðingur munu gefa skýrslu. **- jss**

Da Vinci-fléttan vestanhafs:

# Helga látin laus gegn tryggingu

**LÖGREGLUMÁL** Helga Ingvarsdóttir hefur verið látin laus úr haldi gegn tryggingu. Hún var handtekin í nóvember ásamt Vickram Bedi, sambýlismanni sínum, vegna gruns um fjárkúgun.

Að því er fram kemur á vefmiðlinum Pressunni nemur tryggingarupphæðin 23 milljónum króna. Helga er í farbanni en verður ekki undir sérstöku eftirliti þangað til réttarhöldin hefjast. Bedi er hins vegar enn í haldi. Beiðni hans um lækkun á tryggingarfé var hafnað um síðustu mánaðamót.


**Jólaúthlutun Fjölskylduhjálpar Íslands**
**Er sem hér segir:**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Eskihlíð 2-4 | Hafnargötu 29 | Freyjusnesi 4 |
| S. 892 9603 | S. 697 3521 | S. 869 0820 |
| 14-15-21-22 des. | 22. des | 22. des |
| Frá kl 14:00 | | |

Fjölskylduhjálp Íslands


# Löndunarbann ESB er innantóm hótun

**Aukin harka virðist hafa færst í makríldeilu Íslands við Evrópusambandið og Noreg. Löndunarbann verður sett á makríl í evrópskum höfnum 14. janúar. Slíkt löndunarbann er þegar í gildi á Íslandi hvað varðar skip ESB og Noregs.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Evrópusambandið ætlar að gera alvöru úr hótunum sínum um löndunarbann á íslenskum makríl í evrópskum höfnum. Slíkt bann hefur engin áhrif á íslenskar útgerðir eða sölu íslenskra makrílafurða yfirleitt.

Framkvæmdastjórn ESB hefur ákveðið að löndun makríls af Íslandsmiðum í evrópskum höfnum sé óheimil frá og með 14. janúar. Eru það viðbrögð sambandsins við ákvörðun íslenskra stjórnvalda að skrifa ekki undir samkomulag um veiðarnar og gefa út einhliða makrílkvóta. Þetta kom fram í tilkynningu frá skrifstofu sjávarútvegsstjóra ESB, Maríu Damanaki, í gær. Fréttaveitan Bloomberg hefur eftir Damanaki að þetta skref þoli enga bið. Markmið bannsins er að „senda skýr skilaboð til Íslands“.



**TÓMAS H. HEIÐAR**



**MARÍA DAMANAKI**

Framkvæmdastjórnin mun tilkynna ákvörðun sína til nefndar sem sér um framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þá fundar Damanaki með Stefáni Hauki Jóhannessyni, sendiherra Íslands í Brussel, í dag.

Tómas H. Heiðar, formaður samninganefndar Íslands, segir íslensk stjórnvöld leggja áherslu á það gagnvart framkvæmdastjórn ESB að makrílmálið sé sjálfstætt fiskveiðimál og beri að leysa sem slíkt án nokkurrar tengingar við óskyld mál. Á þessu byggir fundur Stefáns og Damanaki. „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og utanríkisráðherra rituðu framkvæmdastjórninni bréf þessa efnis síðastliðið haust að gefnu tilefni,“ segir Tómas.

Tómas segir að samkvæmt lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands sé erlendum skipum óheimilt að landa afla í íslenskum höfnum sem er veiddur úr sameiginlegum stofnum en ekkert samkomulag er um veiðar. „Íslensk stjórnvöld telja ekki tilefni til viðbragða við því að sams konar reglur gildi um löndun íslenskra skipa í erlendum höfnum,“ segir Tómas.

Tómas minnir á að makrílveiðar íslenskra skipa hafa á undanförnum árum nær eingöngu farið fram innan íslensku efnahagslögsögunnar og öllum afla hefur verið landað í íslenskum höfnum og hann unninn hér á landi.

Íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á að strandríkin fjögur, Ísland, ESB, Færeyjar og Noregur, beri sameiginlega ábyrgð á makrílstofninum. Því hafa íslensk stjórnvöld gagnrýnt ESB og Noreg harðlega fyrir að úthluta sér rúmlega 90 prósent af ráðlögðum heildarafla án tillits til veiða annarra.

**svavar@frettabladid.is**



**KOMIÐ INN TIL LÖNDUNAR** Þorsteinn ÞH 360 var eitt þeirra skipa sem lönduðu makríl í Vestmannaeyjum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR





FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

visir.is


Dýrt að keyra menn í þrot, segir forstjóri Innheimtustofnunar sveitarfélaga:

# Einungis þrír í þrot vegna meðlaga

**FÉLAGSMÁL** Innheimtustofnun sveitarélaga, sem sér um að innheimta meðlagsskuldir, hefur einungis í þrígang frá upphafi keyrt skuldara í þrot. Þetta segir Jón Ingvar Pálsson, forstjóri stofnunarinnar.

Ef menn greiða ekki meðlag getur Innheimtustofnunin haldið eftir ákveðnu hlutfalli launa þeirra, en ef launum er ekki til að dreifa þarf oft að óska eftir fjárnámi. Reynist það árangurslaust og engar eignir finnast upp í skuldirnar knýr Innheimtustofnunin menn samt sem áður ekki í þrot.

„Ef við færum með allt þetta fólk í þrot, og þyrftum að greiða 250 þúsund krónur í tryggingu í hvert skipti, þá held ég að það myndi ekki svara kostnaði,“ segir Jón Ingvar. Stofnunin hafi aðeins þrívegis keyrt menn í þrot. Í þeim tilfellum hafi verið grunur um óeðlilega gjafagerninga, kaupmála eða annað til að skjóta eignum undan fjárnáminu.

Fram hefur komið að einstaklingar skuldi mest 15 milljónir króna í meðlag. „Það er engin afsökun fyrir því að vera í svona stórri skuld að meðlögum,“ segir Jón Ingvar, enda hafi Innheimtustofnunin upp á ýmis samningsúrræði að bjóða fyrir fólk í greiðsluvanda. **- sh**



**LEIKSKÓLABÖRN** Dæmi eru um að menn skuldi fimmtán milljónir í meðlög. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI



iPhone 4 og iPad: Verðið gildir með áskrift og frelsi hjá Nova. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr. /mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvaða tónlistarmaður hefur verið ráðinn verkefnastjóri tónlistarviðburða í tónlistarhúsinu Hörpu?*
2. *Í hvaða bæjarfélagi höfuðborgarsvæðisins munu íbúar yfir 67 ára aldri fá áfram frítt í strætó?*
3. *Hvaða íslenska hljómsveit er á leið í tónleikaferð um Japan?*

SVÖR:
1. Arngrímur Fannar Haraldsson. 2. Hafnarfirði. 3. Mezzoforte.

Hæstiréttur þyngir refsingu vegna nauðgunar en einn dómari vildi sýkna:

# Tvö ár í fangelsi fyrir nauðgun

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands hefur þyngt refsingu manns sem dæmdur er fyrir nauðgun í tveggja ára fangelsi. Héraðsdómur Norðurlands eystra hafði áður dæmt manninn í eins og hálfs árs fangelsi. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða konunni 800 þúsund krónur í bætur.

Maðurinn var sakfelldur fyrir kynferðisbrot með því að hafa haft samræði við konu og notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum ölvunar og svefndrunga. Systir konunnar kom að manninum hafa samfarir við hana þegar hún lá ölvunarsvefni í sófa á heimili þeirra. Maðurinn neitaði sök.

Fimm dómarar dæmdu málið og skilaði einn þeirra sératkvæði. Ólafur Börkur Þorvaldsson hæstaréttardómari sagði í sératkvæði sínu að þótt miðað hafi verið við að sjónarvotturinn hafi séð manninn, sem hún hafi vantreyst mjög, í rökkvaðri stofu viðhafa samfarahreyfingar við systur sína, þar sem hún hafi legið ölvuð í sófa verði við sönnunarmat í sakamáli að hafa í huga þau atriði sem séu ákærða í hag. Ákæruvaldinu hafi ekki tekist að sanna sekt mannsins og því beri að sýkna hann. **- jss**




**HÆSTIRÉTTUR** Þyngdi dóm yfir manni um hálft ár.

Ríkisstjórn mynduð í Írak:

# Fulltrúar allra hópa í stjórn

**BAGDAD, AP** Stjórnvöld í Írak hafa komið sér saman um að hin nýja ríkisstjórn landsins skuli leidd af Nouri al-Maliki forsætisráðherra sjía-múslima. Með því er verið að binda enda á níu mánaða pólitíska baráttu sem ógnaði stöðugleika í landinu.

Auk Nouri al-Maliki mynda 29 ráðherrar hina nýju ríkisstjórn landsins. Í henni munu sitja fulltrúar sjía, súnnía og Kúrda. Kosningar voru haldnar í Írak þann 7. mars síðastliðinn. **- sv**

Þróunarsamvinnustofnun:

# Engilbert fær starf framkvæmdastjóra

**UTANRÍKISMÁL** Engilbert Guðmundsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Hann mun hefja störf 1. mars næstkomandi.

Engilbert tekur við af Sighvati Björgvinssyni, sem hefur verið framkvæmdastjóri frá árinu 2001 og lætur af störfum um áramótin. Þórdís Sigurðardóttir, skrifstofustjóri og staðgengill framkvæmdastjórans, mun gegna embættinu þar til Engilbert kemur til starfa.

Engilbert hefur starfað við þróunarmál í 25 ár. Hann hefur starfað fyrir dönsku þróunarsamvinnustofnunina og Norræna þróunarsjóðinn. Þá hefur hann starfað hjá Alþjóðabankanum og er deildarstjóri hjá friðargæslu Sameinuðu þjóðanna í Sierra Leóne. **- þeb**

## SJÁVARÚTVEGUR

### Svipað veitt milli ára

Heimsaflinn var tæpar níutíu milljónir tonna árið 2008 og dróst saman um 158 þúsund tonn frá árinu 2007. Kyrrahafið gaf mestan afla og stærsta einstaka fisktegundin var Perúansjósa. Kínverjar veiddu mest allra þjóða árið 2008 en Íslendingar voru í 18. sæti heimslistans.

# Skilrúm og kjörkassar úr pappa á meðal kæruatriða

**Tveir kjósendur og einn frambjóðandi til stjórnlagaþings hafa kært kosninguna. Þeir telja pott víða brotinn í framkvæmdinni. Formaður landskjörstjórnar og dómsmálaráðherra skila viðbrögðum sínum í dag.**

**STJÓRNLAGAÞING** Þrír hafa sent inn kærur til Hæstaréttar og krafist ógildingar á kosningunni til stjórnlagaþings fyrir tæpum mánuði. Tveir kærendanna eru kjósendur en einn frambjóðandi.

Kæruefnin snúa að framkvæmd kosninganna, aðbúnaði á kjörstað, meðferð kjörseðla og talningu, en einnig því að meirihluti kjörinna fulltrúa hafi ekki náð tilskildum lágmarksfjölda atkvæða og séu því ekki réttkjörnir.

Hæstiréttur hefur tilkynnt bæði Ástráði Haraldssyni, formanni landskjörstjórnar, og Ögmundi Jónassyni dómsmálaráðherra um kærurnar og óskað eftir rökstuddri greinargerð frá þeim um kæruatriðin. Svörin eiga að berast Hæstarétti fyrir klukkan fjögur í dag.

stigur@frettabladid.is



**PAPPI** „Kjörklefarnir" voru aðskildir með skilrúmum úr pappa. Það eru ekki allir sáttir við. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Fjölmörg kæruatriði

*Kærandi í Neskaupstað krefst ógildingar kosninganna af fimm ástæðum:*

1. Kjörseðlar hafi verið númeraðir og auk þess með strikamerki. „Ofangreindur ágalli er brot gegn skráðum og óskráðum meginreglum um að kosningar skulu vera leynilegar," segir í kærunni.
2. Að ekki hafi verið notaðir hefðbundnir kjörklefar heldur pappaskilrúm. „Útilokað er annað en að kjósendur geti hafa kíkt á kjörseðil næsta kjósanda, t.d. þegar þeir standa upp við hliðina á öðrum sem eru að fylla út seðil, eða ganga fyrir aftan hann og horfa yfir öxl hans."
3. Ekki hafi verið hægt að skipta um kjördeild eins og venja er í kosningum.
4. Pappakassar hafi verið notaðir í stað hefðbundinna kjörkassa. Kjörkassar skuli vera læsanlegir og þannig frágengnir að ekki sé hægt að ná seðli upp úr þeim án þess að opna þá. Svo hafi ekki verið í þessum kosningum.
5. Ekki hafi mátt brjóta kjörseðilinn saman. Samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis skuli hins vegar brjóta kjörseðla saman til að tryggja leynd kosninganna.

Kærandi í Borgarbyggð krefst ógildingar með vísan til sömu atriða og nefnd eru í liðum eitt, tvö og fimm hér að ofan. Þá kærir hann útgáfu kjörbréfa til fjórtán þingmanna af 25, þar sem þeir hafi ekki náð tilskildum sætishlut eða lágmarksfjölda atkvæða. Þeir geti því ekki talist réttkjörnir þingmenn.

Loks kærir frambjóðandi úr Reykjavík með þeim rökum að frambjóðendum hefði átt að vera leyft að hafa fulltrúa sinn viðstaddan talningu atkvæða eins og tíðkist í öllum kosningum. Svo hafi ekki verið og í því ljósi þurfi að endurtelja atkvæðin í höndunum.






Ekkert umburðarlyndi gagnvart hernaðarumsvifum:

# Telur herflug og björgunarflug ekki það sama

**SAMGÖNGUR** Jóni Gnarr borgarstjóra þykir óeðlilegt að herflug og björgunarflug sé skilgreint í sama hóp varðandi lendingarleyfi hernaðarflugvéla á Reykjavíkurflugvelli.

„Þarna er um gjörólíka hluti að ræða. Þetta þarf að vera skýrt í lögum," segir Jón. „Þessi áskorun er tilmæli frá borgarráði, sem lýsa vilja okkar. Við leggjumst að sjálfsögðu ekki gegn því að flugvélar og þyrlur í björgunarflugi lendi á Reykjavíkurflugvelli þegar þörf er á."

Borgarráð skoraði einróma á utanríkisráðuneyti og flugmálayfirvöld að beita sér fyrir því að umferð herflugvéla um Reykjavíkurflugvöll verði stöðvuð. Verði tillagan samþykkt þýðir það meðal annars að björgunarþyrlur danska hersins fengju ekki lendingarleyfi á vellinum. Þjóðhöfðingjar sem fljúga í herflygd fengju heldur ekki leyfi til lendingar á Reykjavíkurflugvelli.

„Ef þjóðhöfðingi þarf að koma til Íslands og vill koma í herflugvél, þá getur hann lent á Keflavíkurflugvelli, keyrt þaðan til Reykjavíkur og í leiðinni séð meira af okkar fallega landi og stórbrotinni náttúru Suðurnesja," segir Jón spurður um það tiltekna mál.

„Reykjavíkurflugvöllur á að þjóna innanlandsflugi og það eru engar ástæður sem kalla á að herflugvélar lendi í Reykjavík, frekar en á alþjóðaflugvellinum í Keflavík, þar sem menn eru kannski betur í stakk búnir að bregðast við ef eitthvað fer úrskeiðis." Þá segist Jón persónulega ekki hafa neitt umburðarlyndi gagnvart hernaðarumsvifum. **- sv**



**JÓN GNARR** Borgarstjóri segir að ef þjóðhöfðingjar þurfi að sækja Ísland heim í herflugvélum geti þeir lent í Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



TILBOÐ

# Glæsilegir jólavendir í úrvali!

# Gleðileg jól!



**Skapaðu hlýleika heima...**



**20% til 50% afsláttur**

af öllum jólaseríum | jólaskrauti | jólapappír | kertum | serviettum og amerísku jólatrjánum



TILBOÐ

**Skreyttar leiðisgreinar**

**1.750kr**



Á Þorláksmessu verður kósí aðventustemming hjá okkur með heimagerðu bakkelsi og kertaljósum

**Hinni kokkur**
ætlar að reiða fram
plokkfisk í jólabúning, paprikusúpu og smørrebrød

Opið til kl. 20.00
Lokað aðfangadag

spíran

**Opnunartími um jólin**
Þorláksmessa - opið til 23.00
aðfangadagur - opið til 14.00
lokað jóladag
og annan í jólum
Opið aftur 27.des
frá kl. 11.00 til 19.00

GARÐHEIMAR
*fjölskyldufyrirtæki í 19 ár!*



**SNJÓRINN Í PARÍS** Tröppurnar upp að Sacré Coeur-kirkjunni í París snævi þaktar. NORDICPHOTOS/AFP

Úraþjófnaðurinn úr versluninni Leonard í Kringlunni:

# Stolnum úrum skilað til lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Tveimur úrum af sjö sem tveir ungir menn stálu úr versluninni Leonard í byrjun mánaðarins hefur verið skilað í hendur lögreglu. Verðmæti úranna sjö var um fimm milljónir króna.

Mennirnir tveir, annar sextán ára en hinn 23 ára, gengust við því í skýrslutöku hjá lögreglu að hafa stolið umræddum úrum úr versluninni Leonard í Kringlunni.

Þeir höfðu farið í verslunina, spennt upp læstan skáp með verkfæri sem þeir höfðu meðferðis, hrifsað nokkur úr og látið sig síðan hverfa. Allt tók þetta örskotsstund. Þjófarnir huldu ekki andlit sín, því þeir töldu sig vekja meiri athygli þannig búnir heldur en ella. Það varð til þess að þeir náðust greinilega á mynd í öryggismyndavélum í versluninni.

Grunur leikur á því að ránið hafi verið liður í skuldauppgjöri, þar sem mennirnir hafi verið að greiða fíkniefnaskuldir, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Eldri maðurinn á talsverðan sakaferil að baki, þar á meðal í tengslum við fíkniefni. Pilturinn hefur einnig komið við sögu hjá lögreglu en í minni mæli þó. - jss




**LÖGREGLUSTÖÐIN VIÐ HVERFISGÖTU** Tveimur úranna hefur verið skilað í hendur lögreglu.

Dæmdur fyrir fjölmörg brot:

# Braust inn, stal og lamdi konu

**DÓMSMÁL** 33 ára gamall karlmaður var dæmdur í átján mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness í dag, meðal annars fyrir fólskulegt rán.

Maðurinn braust inn á heimili konu í Reykjavík í júlí og stal skartgripum. Hann barði konuna og hótaði henni lífláti. Þá var maðurinn einnig dæmdur fyrir að brjótast inn í aðra íbúð og fyrir að stela þremur reiðhjólum. Þá var hann sviptur ökuréttindum ævilangt fyrir að hafa margoft ekið undir áhrifum fíkniefna.









**ÓRÉTTMÆT GAGNRÝNI** Guðmundur Bjarnason var framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs frá stofnun hans 1999 fram á þetta ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Óttast ekki rannsóknina

**Fyrrverandi framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs rekur þenslu á íbúðalánamarkaði til bankanna. Rannsókn Alþingis sé ágæt til að leiða hið sanna í ljós.**

**STJÓRNSÝSLA** „Í mínum huga er ekkert að óttast í þessu sambandi. Síður en svo. Mér finnst gott að farið sé yfir þetta fyrst uppi eru aðdróttanir eða vangaveltur um að ekki hafi verið staðið að öllu eins og átti að gera.“

Þetta segir Guðmundur Bjarnason, fyrrverandi framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, um samþykkt Alþingis um að efnt verði til rannsóknar á sjóðnum og áhrifum hans á stöðu efnahagsmála fyrir hrun.

Í þingsályktunartillögu þar um var vísað í ályktun rannsóknarnefndar Alþingis um að breytingar á fjármögnun og lánareglum sjóðsins hafi stuðlað að verulegu ójafnvægi í hagkerfinu og falið í sér ein af stærri hagstjórnarmistökum í aðdraganda að falli bankanna.

Guðmundur kveðst hafa orðið óánægður með þá ályktun rannsóknarnefndarinnar og því látið taka saman skýrslu með ítarlegri lýsingu á atburðarásinni. Væntir hann þess að rannsakendur hafi hana til hliðsjónar við störf sín.

„Atburðarásin var ekki eins og þar er lýst og ég tel að snörp innkoma bankanna á húsnæðislánamarkaðinn hafi ráðið langmestu. Hún setti þessa bólu af stað.“

Hækkun lánshlutfalls upp í 90 prósent hafi átt að verða á heilu kjörtímabili og skýrt hafi verið kveðið á um að ef það væri skoðun manna að ákvörðunin leiddi til efnahagslegs ójafnvægis yrði hún endurskoðuð. „Það var allt uppi á borðum og þetta vissu seðlabankamenn og aðrir efnahagsstjórnendur mjög vel þótt þeir virðist hafa gefið allt aðrar upplýsingar í rannsóknarskýrslunni.“



**GUÐMUNDUR BJARNASON**

Guðmundur segir ákvörðunina um 90 prósenta lánin hafa verið pólitíska. „Við höfðum ekkert með hana að gera og menn geta rifist og skammast eins og þeir vilja um hvort hún var skynsamleg yfirhöfuð. En breytingin var þó þannig uppbyggð að hún átti að hafa alla nauðsynlega fyrirvara, taka langan tíma og endurskoðast.“

Rannsóknin á að taka til þrettán skilgreindra atriða. „Það á meðal annars að skoða fjárstýringuna og lánasamninga og ýmislegt fleira en ég tel að alla tíð hafi verið unnið samkvæmt þeim leikreglum sem okkur voru settar og ákveðnar af viðkomandi stjórnvöldum.“

Guðmundur segir eðlilegt að rætt sé um það tap sem sjóðurinn hafi orðið fyrir. „En hver hefur ekki tapað peningum í þessu ástandi?“ spyr hann. „Er hægt að ætlast til þess að þessi stofnun, sem þrátt fyrir allt lifir þótt hún þurfi stuðning, tapaði ekki peningum?“ Fjölmargar stofnanir hafi þurft stuðning, til dæmis Seðlabankinn, og sumar ekki lifað þrátt fyrir stuðning, eins og til dæmis VBS.

bjorn@frettabladid.is

**Ellingsen**

– FULLT HÚS JÓLAGJAFA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • ellingsen.is

# JÓLAGJÖF
## ÚTIVISTARFÓLKSINS FÆST Í ELLINGSEN

**Opið:**

| | | |
|---|---|---|
| Miðvikudagur | 22. des. | 10 – 22 |
| Fimmtudagur | 23. des. | 10 – 22 |
| Aðfangadagur | 24. des. | 10 – 12 |



COLUMBIA Softshell flíspeysa. Vindheld með Omni-Shield ytra lagi.
**Verð frá 17.990 kr.**

Bakpokar. Léttir, sterkir og einstaklega vandaðir.
**Verð frá 9.990 kr.**

COLUMBIA jakki. Vatns- og vindheldur með Omni-Tech ytra lagi.
**Verð frá 24.990 kr.**

Barnavettlingar í mörgum litum og gerðum.
**Verð frá 890 kr.**

COLUMBIA barnaúlpa. Vatns- og vindheld með Omni-Shield ytra lagi og Omni-Heat einangrun.
**Verð frá 16.990 kr.**

COLUMBIA snjóbrettabuxur. Omni-Tech vatnsvörn, úr öndunarefni með límdum saumum.
**Verð frá 14.990 kr.**

SNOW COMMANDER loðfóðruð stígvél. Vatnsheld og þola allt að 32. gráðu frost.
**Verð frá 11.290 kr.**

COLUMBIA flíspeysa. Hentar allt árið.
**Verð frá 9.790 kr.**

DIDRIKSONS úlpa. Vatns- og vindheld fóðruð úlpa sem andar vel.
**Verð frá 26.990 kr.**

Barnahúfur í mörgum stærðum, gerðum og litum.
**Verð frá 2.190 kr.**

DIDRIKSONS úlpa. Frábær í snjóinn.
**Verð frá 9.900 kr.**

Columbia göngubuxur. Einstaklega léttar og endingargóðar, fljótar að þorna og með UPF 30 sólarvörn.
**Verð frá 17.990 kr.**

Kuldastígvél. Vatnsheld og þola mikið álag.
**Verð frá 6.490 kr.**

COLUMBIA gönguskór úr vatnsheldu leðri. Sérstyrktur hæll og einstaklega gott grip.
**Verð frá 27.990 kr.**

PIPAR\TBWA · SÍA

**JÓLA-TILBOÐ!**



COLUMBIA BUGABOOT
Dömuskór
**JÓLATILBOÐ**
19.990 kr.



COLUMBIA BUGABOOT
Herraskór
**JÓLATILBOÐ**
19.990 kr.



COLUMBIA SHASTA
Dömuskór
**JÓLATILBOÐ**
19.990 kr.



COLUMBIA SHASTA
Herraskór
**JÓLATILBOÐ**
22.990 kr.



COLUMBIA DASKA
Dömu- og herraskór
**JÓLATILBOÐ**
29.990 kr.




Útrásararmur eiganda Nóatúns hefur tapað 15 milljörðum á tveimur árum:

# Færði gjalddaga um nokkur ár

**VIÐSKIPTI** Straumborg, fjárfestingafélag Jóns Helga Guðmundssonar og fjölskyldu, tapaði sjö milljörðum króna í fyrra, samkvæmt nýbirtum ársreikningi. Tap félagsins síðastliðin tvö ár nemur 14,7 milljörðum króna.

Jón Helgi og fjölskylda á Norvik-samstæðuna, móðurfélag Nóatúns, Krónunnar, Elko, Byko og fleiri verslana. Straumborg heldur utan um erlendar eignir tengdar Norvik, svo sem í Lettlandi og Rússlandi. Straumborg á jafnframt tæpan fjórðungshlut í Norvik á Íslandi.


**JÓN HELGI GUÐMUNDSSON**

Fyrir bankahrunið í október 2008 var hlutafjáreign Straumborgar í Kaupþingi metin á rúma 22 milljarða króna. Hlutafjáreignin var verðlaus í lok ársins.

Eignir Straumborgar í fyrra námu 36,9 milljörðum króna samanborið við 42,3 milljarða árið á undan. Eigið fé nam rúmum 5,4 milljörðum króna miðað við tæpa 12,5 milljarða árið 2008. Eiginfjárhlutfall í lok síðasta árs var 14,5 prósent miðað við rúm 29 prósent í hittifyrra.

Á móti eignum skuldar Straumborg tæpa 31,5 milljarða króna. Þar af eru tæp sextíu prósent í krónum. Lungi afborgana var á gjalddaga í fyrra. Straumborg gat ekki staðið skil á þeim og samdi við lánardrottna í apríl á þessu ári um lengingu á lánum til 2013. Það ár verður Straumborg að reiða fram 31 milljarð króna, miðað við endurnýjaða samninga. - jab

# Átta salerni fyrir 30 þúsund ferðamenn

**Útilokað er að taka svo vel sé á móti öllu því ferðafólki sem kemur á Hveravelli. Gestir komast ekki á salerni ef dísilrafstöðin á staðnum bilar. Drykkjarvatnið er mengað af saurgerlum og er óneysluhæft. Engin varanleg lausn er sjáanleg.**

**UMHVERFISMÁL** Aðstaða til að taka á móti ferðafólki á Hveravöllum er ekki boðleg og umbætur þola enga bið, er mat Hveravallafélagsins sem sér um rekstur á svæðinu.

Hreinlætismál eru stærsti vandinn en aðeins átta salerni eru á staðnum fyrir þrjátíu þúsund manns sem heimsækja svæðið á aðeins tveimur mánuðum að sumarlagi. Það fyrsta sem margir gestir gera við komuna til Hveravalla er að standa í biðröð til að komast á klósett, enda er mesta umferðin bundin við fáeina klukkutíma yfir hádaginn.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í samantekt eftir málþing Hveravallafélagsins í október. Í hnotskurn eru úrlausnarefnin eftirfarandi að mati nefndarinnar: „Húsnæði er lítið og gamalt og þar með aðstaða til veitingarekstrar og gistingar, ekkert neysluhæft vatn er til staðar, rafmagn er framleitt með dísilvélum með tilheyrandi kostnaði, salernisaðstaða er ófullnægjandi, sorpmagn er verulegt og þarf að flytja til byggða, aðgengi og verndun hverasvæðisins er ábótavant, tjaldstæði er of lítið, óviðunandi aðstaða er fyrir landverði og annað starfsfólk og fjármagn til úrbóta er af skornum skammti.“

Hveravellir eru friðlýst svæði samkvæmt náttúruverndarlögum og tilheyra Húnavatnshreppi. Hveravallafélagið, sem er nær alfarið í eigu sveitarfélagsins, sér um rekstur svæðisins.

„Þetta er vart bjóðandi öllu lengur,“ segir Stefán Haraldsson, atvinnuráðgjafi SSNV atvinnuþróunar, um ástandið á Hveravöllum. Hann segir að samkvæmt nýju deiliskipulagi og umhverfismati sveitarfélagsins eigi þær byggingar sem fyrir eru að víkja fyrir nýjum. „Í fullkomnum heimi yrði byggð þjónustumiðstöð sem hefði tekjur til að reka hreinlætisaðstöðu á Hveravöllum og allt sem henni tilheyrir. En á stað þar sem starfsemi er í gangi í tvo mánuði á ári þá er erfitt að reikna þetta dæmi, ef leggja á í þetta verulegar upphæðir.“

Stefán segir vandamálið felast í því að ekki er hægt að bæta aðstöðuna sem fyrir er þar sem deiliskipulagið geri ráð fyrir því að hún fari.

Í samantekt Hveravallafélagsins segir að ef nauðsynleg uppbygging Hveravalla á að verða að veruleika þurfi að koma til samstarf ríkis, sveitarfélagsins, rekstraraðila á svæðinu og ferðaþjónustuaðila sem nýta svæðið með einhverjum hætti. Á málþinginu komu engar hugmyndir fram hvernig slíku samstarfi ætti að vera háttað.

svavar@frettabladid.is


**HVERAVELLIR** Allt að þrjátíu þúsund heimsækja Hveravelli á tveimur mánuðum yfir sumarið. Svæðið þolir slíka umferð engan veginn eins og aðstæður eru þar núna.

Atvinnuflugmenn vara við tillögum um nýjar reglur um hámarkslengd vakta:

# Dregið úr flugöryggi í Evrópu

**ÖRYGGISMÁL** Evrópusamband atvinnuflugmannafélaga segir nýjar tillögur Flugöryggisstofnunar Evrópu að nýjum reglum um hámarks flugtíma og lengd vakta flugmanna munu draga úr flugöryggi í álfunni.

Í fréttatilkynningu frá Evrópusambandi atvinnuflugmannafélaga (ECA) segir að tillögur Flugöryggisstofnunarinnar (EASA) taki ekkert tillit til vísindalegra niðurstaðna heldur sé ætlað að forða flugfélögum frá auknum kostnaði. EASA leggi til fjórtán stunda hámarksvinnutíma flugmanna en vísindalegar niðurstöður sýni að hámarkið ætti að vera tólf stundir. Til viðmiðunar er nefnt að vinnutímahámark Evrópusambandsins fyrir vörubílstjóra sé níu stundir að degi og tíu stundir að nóttu.

„Reglurnar eru langt undir þeim væntingum sem ætti að bera til trúverðugrar stofnunar ESB í flugöryggismálum,“ segir ECA. „Verði þessum tillögum ekki breytt verulega, munu þær draga úr flugöryggi í Evrópu, einkum í þeim löndum þar sem fyrir eru í dag strangari reglur um vinnutímamörk flugáhafna.“

Philip von Schöppenthau, framkvæmdastjóri ECA, segir að vinnutímamörk eigi að taka mið af mannslíkamanum og takmörkunum líkamsklukkunnar. „EASA virðist hins vegar halda því fram að flugmenn í Evrópu þoli betur þreytu og geti unnið lengur en flugmenn í Bandaríkjunum og meira heldur en niðurstöður vísindamanna segja að sé innan öryggismarka,“ segir von Schöppenthau. - gar


**FLUGMENN LUFTHANSA** Samtök evrópskra atvinnuflugmanna segja vísindalegum sjónarmiðum vikið til hliðar til að forða flugfélögum frá auknum kostnaði. MYND/AP

JOE BOXER®

Kringlan og Smáralind

KRÓNAN
fyrst og fremst ódýrt



1258 kr. kg
Lambalæri



40% afsláttur
1559 kr. kg
Verð áður ~~2598~~ kr.
Grísalundir



20% afsláttur
958 kr. kg
Verð áður ~~1198~~ kr.
Grísahryggur m/pöru

# ALLT Í JÓLAMATINN Í KRÓNUNNI



1528 kr. kg
Lambahryggur



15% afsláttur
2968 kr. kg
Verð áður ~~3498~~ kr.
Lambafille m/fituröndd



598 kr. kg
Grísabógur, hringskorinn



3998 kr. kg
Franskar Barbary andabringur



1395 kr. kg
FS skata




135 kr. pk.
BB rúgbrauð

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

GJAFAKORT KRÓNAN
Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is



35% afsláttur
20% afsláttur
989 kr. kg
Krónu hamborgarhryggur
1949 kr. kg
Verð áður 2998 kr.
ÍM hangilæri, úrbeinað
2398 kr. kg
Verð áður 2998 kr.
Sambands hangilæri, úrbeinað
8 lítrar Coca-Cola og 1 DVD
Þetta eina sanna!
1198 kr.
8 lítrar Coka-Cola og 1 DVD
2298 kr. pk.
Nóa konfekt, 750 g
279 kr. pk.
Rolo, 3 í pk.
698 kr. stk.
Krónu ostakaka
TILBÚIÐ í ofninn!
489 kr. pk.
Hollt & Gott kryddað rótargrænmeti, 400 g
749 kr. stk.
Krónu hátíðaríska
155 kr. pk.
Ritz saltkex
KÍKTU Á kronan.is
– meira fyrir minna
Sjá opnunartíma verslana Krónunnar
á www.kronan.is



**RÁÐHÚSIÐ** Ráðhúsið í Los Angeles speglast í risavöxnum polli. Stormur reið yfir Kaliforníuríki um helgina með mikilli rigningu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Karlmaður sýknaður af líkamsárás og annar dæmdur á skilorð:

# Stúlkan var berfætt og blóðug

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítugur karlmaður hefur verið dæmdur í sextíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás. Annar maður á svipuðu reki var sýknaður af þátttöku í líkamsárásinni.

Það var undir morgun í apríl 2009, að lögreglu var tilkynnt um að stúlka hefði orðið fyrir líkamsárás í húsasundi í miðbæ Reykjavíkur. Þegar lögreglumenn komu á vettvang hittu þeir fyrir mennina tvo og stúlku sem var í miklu uppnámi, berfætt og blóðug.

Annar mannanna var með skurði á höndum sem mikið blæddi úr, en föt hins mannsins voru blóðug. Stúlkan sagði að hinn fyrrnefndi væri fyrrverandi unnusti sinn. Hefði hann brotist inn í hús hennar, lamið hana og sparkað í hana. Unnustinn fyrrverandi játaði að hafa veist að stúlkunni og hrint henni, en í ljós kom við réttarhöld að hinn maðurinn sem ákærður var í málinu, hafði aðeins orðið samferða árásarmanninum heim til hennar. Hann var því sýknaður.

Dómurinn taldi árásarmanninum það til málsbóta að hann hefði af sjálfsdáðum leitast við að bæta fyrir brot sitt með því að biðja stúlkuna afsökunar, greiða henni bætur, setja upp rúður í stað þeirra sem hann hafði brotið í húsi hennar og leita til sálfræðings. - jss



**LÖGREGLAN** Aðkoman var slæm þegar lögregla kom á vettvang.

Rann í hálku og datt:

# Milljónir í kjölfar vinnuslyss

**DÓMSMÁL Samkaup hf. hafa verið dæmd í héraðsdómi til að greiða konu nær 3,7 milljónir króna í bætur.**

**Konan var starfsmaður hjá fyrirtækinu. Dag einn bilaði stór gólffrystir sem geymdi kjöt- og fiskfrystivörur, sem eyðilögðust. Konan var að bera út poka fullan af ónýtum kjötvörum sem hún ætlaði að henda í gám. Hún rann til í hálku og fékk slæman hnykk á bakið frá mjóbaki og upp í háls. Hún var frá vinnu eftir slysið og hlaut varanlega örorku.** - jss



**AFHENDING FRÁ ÍSLANDSBANKA** Fjölskylduhjálp tekur við gjöf útibús Íslandsbanka á Reykjanesi.

Fjölskylduhjálp stækkar:

# 162 fjölskyldur afgreiddar strax

**SAMFÉLAGSMÁL** Útibú Íslandsbanka á Reykjanesi gaf Fjölskylduhjálp Íslands 2,5 milljónir króna af því tilefni að opnuð var þriðja starfsstöð samtakanna að Hafnargötu 29 í Reykjanesbæ í vikunni sem leið.

Tuttugu sjálfboðaliðar hafa nú þegar tekið til starfa á svæðinu og segir í tilkynningu frá Fjölskylduhjálp að þörfin sé brýn. 162 fjölskyldur hafa verið afgreiddar eftir að starfsstöðin var tekin í notkun og er talið að mun fleiri eigi eftir að nýta sér aðstoðina.

Auk Íslandsbanka gaf Nettó í Reykjanesbæ samtökunum 300.000 króna styrk. - sv

BRETLAND

## Ætluðu að valda manntjóni

Mennirnir tólf sem breska lögreglan handtók í fyrradag eru sagðir hafa verið að undirbúa hryðjuverkaárásir í jólaösinni með það að markmiði að valda sem mestu manntjóni. Einnig var ætlunin að vinna skemmdir á frægum byggingum. Whitehall í Lundúnum mun hafa verið meðal skotmarka, meðal annars þinghúsið.




# Fækkar mest á Vestfjörðum

**Lítils háttar fólksfjölgun hefur verið á landinu öllu milli ára. Fólki hefur fækkað víða á landsbyggðinni, mest á Vestfjörðum eða um 3,2 prósent á einu ári. Um 64 prósent landsmanna búa á höfuðborgarsvæðinu.**

**MANNFJÖLDI** Íslendingum hefur fjölgað um 643 milli ára, og eru nú 318.236 talsins. Fjölgunin er um 0,2 prósent milli ára. Fólki hefur fækkað umtalsvert víða á landsbyggðinni. Mest er fólksfækkunin á Vestfjörðum, 3,2 prósent á einu ári, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

Fólki fjölgaði um 0,7 prósent á höfuðborgarsvæðinu frá 1. desember 2009 til 1. desember síðastliðins. Í dag búa 202.186 manns í Reykjavík og nágrannasveitarfélögum, tæplega 64 prósent þjóðarinnar.

Fólki fjölgaði lítillega á Norðurlandi eystra á tímabilinu, um 0,3 prósent. Í öðrum landshlutum fækkaði fólki milli ára.

Íbúum á Vestfjörðum fækkaði um ríflega 200 á tímabilinu, og voru þeir 7.129 talsins 1. desember síðastliðinn. Það er 3,2 prósenta fækkun. Það er meiri fólksfækkun en samanlagt síðustu fjögur ár á undan. Frá árinu 2006 hefur fólki á Vestfjörðum fækkað um samtals 4,6 prósent.

Nokkur munur er á þróuninni hjá körlum og konum á Vestfjörðum. Körlum hefur fækkað um 4,1 prósent milli ára en konum um 2,2 prósent.

Fólksfækkunin var um 1,2 prósent á Austurlandi frá 1. desember í fyrra fram til 1. desember síðastliðins. Þar virðist nú komið jafnvægi á fólksfjöldann eftir uppbyggingartímabil í kringum bygginguna Kárahnjúkavirkjunar og álvers.

Á síðustu árum hafði körlum fækkað mun meira en konum, en á árinu hefur fækkunin verið svipuð hjá kynjunum.

Á Suðurnesjum hefur fólki fækkað um 1,4 prósent frá 1. desember í fyrra. Í öðrum landshlutum var fólksfækkunin minni, á bilinu 0,1 til 0,3 prósent.

brjann@frettabladid.is




Fimm forsetaframbjóðendur enn í haldi lögreglu ásamt hundruðum annarra:

# Tveir frambjóðendur lausir úr varðhaldi í Hvíta-Rússlandi

**HVÍTA-RÚSSLAND** Tveimur forsetaframbjóðendum í Hvíta-Rússlandi, sem voru handteknir í mótmælum vegna úrslita kosninganna, hefur verið sleppt úr haldi. Fimm forsetaframbjóðendur eru enn í haldi ásamt hundruðum annarra mótmælenda.

Grigorí Kostusyev ræddi við fjölmiðla eftir að honum var sleppt í gær. Hann segir að leyniþjónustumenn hafi yfirheyrt hann „harkalega“ en ekki beitt hann líkamlegu ofbeldi. Þeir hafi viljað neyða hann til þess að fordæma aðra forsetaframbjóðendur sem tóku þátt í mótmælunum. Hann gerði það ekki. Frambjóðandanum Dmitrí Uss var einnig sleppt úr haldi.

Lögreglan í Minsk handtók 700 manns í mótmælunum á sunnudag. Fjölskyldur og vinir þeirra hafa safnast saman fyrir utan fangelsi og mótmæli hafa haldið þar áfram. Blaðamenn voru á meðal þeirra sem voru handteknir og kallaði samband blaðamanna í Rússlandi eftir því í gær að þeim yrði tafarlaust sleppt.

Alexander Lúkasjenkó forseti var endurkjörinn með um 80 prósentum atkvæða í forsetakosningunum um helgina. Úrslit kosninganna hafa verið gagnrýnd og bæði Bandaríkin og Evrópusambandið fordæmdu handtökurnar í mótmælunum. - þeb



**FRÁ MÓTMÆLUM** Fjöldi fólks hefur safnast saman fyrir utan fangelsi í Minsk, þar sem mótmælendur eru í haldi. NORDICPHOTOS/AFP





# HÁTÍÐ Í BÆ

Njóttu alls þess besta um hátíðarnar og bjóddu upp á

nýja og girnilega **hátíðarskyrtertu frá Mjólku**.

MJÓLKA

www.mjolka.is

# Gleymd og grafin fræðigrein

**Sjóðir til styrktar fornleifafræðirannsóknum eru tómir. Í sparnaðarskyni tók Háskóli Íslands ekki inn nýnema á haustönn. Fornleifafræðingar telja uppbyggingu fagsins ógnað og atvinnumöguleika tvísýna.**

**FRÆÐI** Framtíð fornleifafræði á Íslandi er í óvissu, að mati Félags íslenskra fornleifafræðinga. Fjárveitingar til fornleifarannsókna hafa verið skornar niður um áttatíu prósent á síðastliðnum þremur árum.

Hvorki er ljóst hver framtíð nýrra rannsókna er né hvernig staðið verður að því að ljúka fjölmörgum rannsóknum sem ráðist var í á undanförnum árum. Í sparnaðarskyni tók Háskóli Íslands ekki inn nýnema í fornleifafræði á haustönn. Félag íslenskra fornleifafræðinga (FÍF) skorar á yfirvöld mennta- og menningarmála að bregðast við.

Mikil gróska hefur verið í fornleifafræði á Íslandi síðastliðin tíu til fimmtán ár. Auknu fé var veitt til rannsókna og ný þjóðminjalög frá 2001 styrktu fræðigreinina. Þá var byrjað að kenna fornleifafræði við Háskóla Íslands árið 2002.

Lilja Pálsdóttir, formaður FÍF, segir að þessu gróskumikla tímabili sé lokið og framtíð fagsins sé óljós. Á stuttum tíma hafi rannsóknasjóðir ýmist verið þurrausnir og hafa þeir nú úr litlu að moða, að hennar sögn. „Aukið fjármagn blés nýju lífi í fornleifarannsóknir hér á landi og gerði það að verkum að ný atvinnutækifæri sköpuðust, bæði til handa fornleifafræðingum og nemendum í fornleifafræði, auk þess sem sérhæfing jókst innan fagsins og greinin óx og dafnaði. Nú blasir við að framtíð fornleifafræði á Íslandi er í uppnámi.“

**Þróun fjárveitinga til fornleifarannsókna á árunum 2006-2011**

| Ár | Þjóðhátíðarsjóður | Kristnihátíðarsjóður | Fornleifasjóður | Fjárlög | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| 2006 | 250.000 | 57.600.000 | 5.000.000 | 29.500.000 | 92.350.000 |
| 2007 | 6.500.000 | 0 | 25.000.000 | 78.000.000 | 109.500.000 |
| 2008 | 5.200.000 | 0 | 25.000.000 | 92.000.000 | 122.200. |
| 2009 | 2.600.000 | 0 | 22.000.000 | 63.000.000 | 87.600.000 |
| 2010 | 2.750.000 | 0 | 19.100.000 | 27.600.000 | 49.450.000 |
| 2011 | 4.800.000 | 0 | 17.000.000 | 4.000.000 | 25.800.000 |

Lilja bendir á að verkefni tengd fornleifafræði séu fyrirferðarlítil í nýju frumvarpi til fjárlaga. Þar séu aðeins fjórar milljónir eyrnamerktar fræðigreininni.

Lilja segir að ekki einungis setji takmarkað fé strik í reikninginn hvað varðar framtíð rannsókna heldur sé jafnframt bagalegt að ekki sé nægt fé til að klára þær rannsóknir sem þegar séu komnar á góðan rekspöl. Þetta eigi við um stórar rannsóknir sem fjármagnaðar voru úr Kristnihátíðarsjóði í byrjun eins og á Hólum, Skálholti, Þingvöllum, Skriðuklaustri og fleiri stöðum tengdum kristni og kristnitöku.

Í ályktun FÍF segir jafnframt að fornleifafræðinám í Háskóla Íslands sé í uppnámi þar sem ákveðið var í fyrsta sinn eftir að kennsla hófst í greininni að taka ekki inn nýnema á haustönn. Ástæðan er að fjármagn var ekki til að halda úti kennslu fyrir fyrsta árs nema.

svavar@frettabladid.is



**FORNLEIFAUPPGRÖFTUR VIÐ HRÍSBRÚ** Undanfarin tíu til fimmtán ár hafa verið mikil gósentíð í íslenskri fornleifafræði og fagið verið í mikilli uppsveiflu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SKREYTIR LOFTIN** Á þjóðhátíðardeginum í Katar skreytti þessi flugmaður loftin yfir háhýsum borgarinnar Doha. NORDICPHOTOS/AFP

Ósáttur bæjarfulltrúi:

## Kynningarstjóri með hroka

**SVEITARSTJÓRNIR** Gunnar I. Birgisson, bæjarfulltrúi í Kópavogi, sakar Örnu Schram, kynningarfulltrúa bæjarins, um „ótrúlegan hroka“ í svari hennar við fyrirspurn hans um heimasíðu bæjarins.



**GUNNAR I. BIRGISSON**

Í svari sínu við fyrirspurn Gunnars víkur Arna meðal annars að upplýsingaborða á heimasíðunni. „Hafi einhver hins vegar velkst í vafa um að hægt væri að smella á borðann til að sjá niðurstöðurnar hefur verið hnykkt á því í fyrirsögn svo það fari ekki á milli mála,“ segir í svari kynningarfulltrúans. - gar




Samþætting atvinnu og fjölskyldulífs gengur vel:

## Skipulag skólanna er það sem truflar helst

**ATVINNULÍF** Stjórnendur fyrirtækja telja lokanir í skólum og mikinn fjölda starfsdaga, ósamræmi milli frídaga leik- og grunnskóla og stuttan opnunartíma helst trufla eða valda erfiðleikum í samþættingu atvinnu og fjölskyldulífs.

Þetta sýnir nýleg könnun meðal félagsmanna Samtaka atvinnulífsins sem leiðir þó í ljós að samþætting atvinnu og fjölskyldulífs gengur almennt vel.

Um helmingur stjórnenda segir áhrifin af skipulagi skólastarfs vera lítil eða frekar lítil, um þriðjungur segist ekki hafa orðið sérstaklega var við nein áhrif en sautján prósent aðspurðra telja sig hafa orðið vör við mikla eða frekar mikla erfiðleika hjá starfsfólki vegna skipulags skólastarfs.

Einnig var spurt um umönnun aldraðra foreldra. Niðurstaðan var skýr, aðeins 5,3 prósent svarenda segjast verða vör við erfiðleika starfsfólks vegna þessa.

Könnun SA var tölvupóstkönnun og var send til 1.754 fyrirtækja en fjöldi svarenda var 572 og var svarhlutfall því 33 prósent. Áætlað er að 33.000 starfsmenn starfi hjá þeim fyrirtækjum sem þátt tóku í könnuninni. - shá



**Í LEIKSKÓLA** Stytting leikskólatíma hefur áhrif á framlegð fyrirtækja, segir í svari eins stjórnenda. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fyrirtæki veita þurfandi fólki aðstoð fyrir jólin:

## Alcoa gefur pening og Vinnslustöðin humar

**SAMFÉLAGSMÁL** Hjálparstarf kirkjunnar hefur fengið 5,7 milljónir íslenskra króna í styrk frá Samfélagssjóði Alcoa í Bandaríkjunum.

Sjóður Alcoa hefur styrkt Hjálparstarf kirkjunnar síðustu ár. Samkvæmt tilkynningu frá Alcoa verður styrknum varið til matar- og lyfjaaðstoðar, ráðgjafar og hjálpar vegna skólagöngu og tómstunda barna á Íslandi.

Starfsárið 2009 til 2010 tók hjálparstarfið við rúmlega fimm þúsund umsóknum frá einstaklingum og fjölskyldum. Tæplega tólf þúsund úthlutanir fóru fram.

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum færði á dögunum Jólaaðstoð 2010 að gjöf humar og saltsíld til dreifingar fyrir jólin, alls tvö þúsund poka af humri og tvö þúsund eins lítra fötur af síld. Þetta kemur fram á vefnum Eyjafréttir.is.

Landflutningar-Samskip fluttu gjöfina frá Eyjum til Reykjavíkur endurgjaldslaust en vörurnar verða geymdar hjá Samskipum og fluttar á dreifingarstaði í samræmi við óskir Jólaaðstoðar.

Jólaaðstoð 2010 er formlegt samstarf Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur, Rauða krossins í Reykjavík, Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins um stuðning við íslenskar fjölskyldur fyrir jólin. - shá, þeb



Jólin eru tími ástar og kærleika. Þá eiga allir að gleðjast og láta sér þykja vænt hver um annan!
Krakkajól í Kosti
16"
18.999 kr/stk
10.499 kr/stk
20% AFSLÁTTUR
4.959 kr/stk
6.199 kr/stk
1.699 kr/stk
kostur
16"
18.999 kr/stk
20% AFSLÁTTUR
3.999 kr/stk
4.999 kr/stk
10.499 kr/stk
20% AFSLÁTTUR
4.879 kr/stk
6.099 kr/stk
Opnunartími yfir jólin
20. 21. 22. desember, 10-21
24. desember, 10-13
Annan í jólum, lokað.
23. desember, 10-22
Jóladag, lokað.
27. desember, 12-20
kostur
kostur
Dalvegi 10-14 | 201 Kópavogur | Kostur.is | Sími 560 2500
facebook

**FRÉTTASKÝRING:** Deilur innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs

# Stjórnarflokkur í klessu

**Ástandinu í VG eftir hjásetu þriggja þingmanna við afgreiðslu fjárlaga verður best lýst með að segja að þar sé allt í klessu. Flokkurinn er einstaklega veikburða og staða ríkisstjórnarinnar er eftir því.**

Ekki er víst að þingmennirnir þrír, Atli Gíslason, Ásmundur Einar Daðason og Lilja Mósesdóttir, jafnan nefnd þremenningarnir, hafi gert sér fulla grein fyrir þeim áhrifum sem hjásetan um fjárlagafrumvarpið hefur haft. Trúnaður milli þeirra og forystu flokksins er brostinn, skil milli fylkinga í VG hafa enn skerpst og samstarfsflokkurinn í ríkisstjórn telur þau ekki lengur til stjórnarliða.

### AGS og foringjaræði

Að morgni fimmtudagsins í síðustu viku, daginn sem greidd voru atkvæði um fjárlagafrumvarpið, afhentu þremenningarnir flokkssystkinum sínum yfirlýsingu þar sem ástæður hjásetunnar eru skýrðar. Tvennt segja þau koma til: annars vegar að ríkisstjórnin skuli binda trúss sitt við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og hins vegar að vinnubrögð ríkisstjórnarinnar séu ekki lýðræðisleg. Um hið fyrrnefnda segir meðal annars: „Efnahagsstefnan byggir á því að verja fjármagnskerfið á kostnað velferðarþjóðfélagsins og birtist hún í skattahækkunum og stórfelldum niðurskurði.“ Um hið síðarnefnda segir: „Vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við gerð fjárlagafrumvarpsins, sem og ýmsum öðrum stórum og afdrifaríkum málum, hafa einkennst af forræðishyggju og foringjaræði frekar en lýðræðislegri ákvarðanatöku.“

### Áfram eins

Af viðbrögðum forystumanna ríkisstjórnarinnar að dæma geta þremenningarnir gleymt draumum sínum um öðruvísi vinnubrögð. Áburði um forræðishyggju og foringjaræði hefur alfarið verið hafnað og lítur ríkisstjórnin almennt svo á að hún fari vel og lýðræðislega með vald sitt. Ekkert bendir til annars en að það sé líka mat almennra þingmanna Samfylkingarinnar og þess VG fólks sem styður stjórnina skilyrðislaust.

Ekki er heldur við því að búast að grundvallarbreytingar verði á samstarfinu við AGS. Forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa sagt samstarfið leiðina upp úr öldudalnum. Þótt á því séu gallar fylgi því fleiri kostir.

### Ögmundur

Þremenningarnir eru ekki einangraðir í þingflokknum. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur tekið upp hanskann fyrir þá, varið þá og útskýrt sjónarmið þeirra. Hefur hann síðustu daga komið fram líkt og talsmaður þeirra Atla, Ásmundar og Lilju.

„Ég held að menn eigi ekkert að túlka þetta á annan veg en það er meint, sem jákvæða hvatningu inn í stjórnmálin,“ sagði Ögmundur við Fréttablaðið á föstudag. Í þingumræðum þann dag sagði hann svo þremenningana hafa fylgt þeim stefnumarkmiðum og hugsjónum sem þeir lofuðu kjósendum sínum.

Sú staðhæfing vekur vitaskuld upp spurningu um hvort Ögmundur telji aðra þingmenn flokksins, og hann þar með talinn, hafa með stuðningi við fjárlagafrumvarpið svikið sín loforð. Engin gögn sýna að þremenningarnir hafi lofað einhverju öðru en aðrir í VG fyrir kosningarnar 2009.

### Nefndaformennska endurskoðuð?

Atli Gíslason hefur setið á þingi frá 2007 en hann var varaþingmaður kjörtímabilið á undan og settist sem slíkur nokkrum sinnum á þing. Ásmundur Einar og Lilja voru fyrst kjörin í fyrra. Lilja hafði ekki tekið þátt í starfi VG fyrir kosningar en Ásmundur var meðal annars formaður svæðisfélags flokksins í Dölunum.

Atli og Lilja eru formenn í fastanefndum þingsins, Atli í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd en Lilja í viðskiptanefnd. Þeim störfum gegna þau í krafti trausts frá félögum sínum í þingflokknum. Viðmælandi úr röðum þingmanna segir að formennska þeirra hljóti að koma til endurskoðunar. Það geti trauðla gegnt þeim trúnaðarstörfum áfram í harðri andstöðu við samflokksmenn sína um grundvallarmál.



**Á ÞINGFLOKKSFUNDI** Steingrímur, Jón og Ögmundur á þingflokksfundi í apríl á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Glámskyggni eða úthugsað?

Hér að framan var efast um að þremenningarnir hefðu gert sér grein fyrir hvaða áhrif hjáseta þeirra myndi hafa á þingflokk þeirra og stjórnarsamstarfið. Sé það raunin kann pólitísk glámskyggni að skýra gjörðir þeirra.

Alls ekki er þó útilokað að þau hafi séð hvern leik fyrir. Að þau hafi vitað að allt færi á annan endann. Í því ljósi hafi þau sett fram kröfur sínar um breyttar áherslur og búist við að að þeim yrði gengið. Ef ekki, væri stjórnin í vondum málum. Þau hafi verið reiðubúin að taka slíkan slag. Áhrifin og eftirköstin væru fyrst og fremst vandamál annarra.

### Hörð andstaða

Ríkisstjórnin býr við það óvenjulega hlutskipti að hörðustu andstöðuna við hana er að finna í hennar eigin röðum. Þekkt er í gegnum söguna að stjórnarliðar séu gagnrýnir á einstaka ákvarðanir og andspyrna af þeirri tegund sem þingmenn VG hafa viðhaft er einstök.

Fyrir vikið er ríkisstjórnin afar veik. Hana skortir nauðsynlegan innri slagkraft sem hefur áhrif á sjálfstraust hennar.

Sé gripið til líkingar úr fótbolta má segja að bróðurpartur liðsins geti aldrei gengið að því vísu að tilteknir leikmenn sæki á rétt mark. Við slíkar aðstæður verður leikurinn erfiðari, tvöfalda þarf í vörninni og sækja á færri leikmönnum en ella.

### Niðurstaða

Með hliðsjón af atburðum síðustu daga og yfirlýsingum áhrifamanna í þingflokkum stjórnarflokkanna verður ekki séð að auðveldlega verið barið í brestina. Hafi flokksforingjarnir í hyggju að láta stjórnarsamstarfið lifa út kjörtímabilið þurfa veigamiklar breytingar að verða á starfsumhverfi hennar.

Þótt spjótin standi nú á Atla, Ásmundi og Lilju hafa Guðfríður, Ögmundur og stundum Jón Bjarnason verið Þrándur í Götu.

Ljóst er af öllu að einhver niðurstaða þarf að fást. Hún getur hvorki falist í loðnum yfirlýsingum stjórnarforystunnar um breytta starfshætti né andspyrnuhreyfingarinnar um fylgispekt. Hún getur heldur ekki falist í skipun sáttanefndar.

Hver sem hún verður þarf niðurstaðan að vera afgerandi.



**Björn Þór Sigbjörnsson**
bjorn@frettabladid.is



**LILJA MÓSESDÓTTIR, ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON OG ATLI GÍSLASON**

## Þriðja krísan á rúmu ári

Fjárlagauppreisnin er þriðja stóra krísan sem Vinstri hreyfingin - grænt framboð gengur í gegnum á rúmlega einu ári.

Sú fyrsta birtist með afsögn Ögmundar Jónassonar úr ríkisstjórn haustið 2009. Hún átti sér nokkurn aðdraganda. Nokkrir þingmenn Vinstri grænna höfðu þá um skeið haft efasemdir um að rétt væri að ljúka Icesave-málinu með þeim samningum sem fyrir lágu. Ögmundur fór þar fremstur í flokki en hafði á bak við sig Atla Gíslason, Lilju Mósesdóttur, Ásmund Einar Daðason og til að byrja með Guðfríði Lilju Grétarsdóttur. Þegar farið var fram á það að ríkisstjórnin talaði einum rómi fyrir lyktum Icesave-málsins var Ögmundi nóg boðið og hann kaus frekar að víkja úr stjórninni. Sumir töldu það hafa verið gert til að koma í veg fyrir að hún félli.

„Við erum öll vinir og félagar og viljum vera það áfram,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, á leið til fundar með þingflokknum í október í fyrra. Í frétt Fréttablaðsins af málinu sagði að fyrir fundinum lægi að reyna að sætta ólík sjónarmið í flokknum og koma í veg fyrir að ríkisstjórnin liðaðist í sundur. Það virðist hafa tekist – enda lifir stjórnin enn.

Aftur varð hvellur nú í sumar. Þá snerist málið um kaup Magma Energy á HS orku. Þrír þingmenn Vinstri grænna, þau Atli Gíslason, Þuríður Backman og þingflokksformaðurinn Guðfríður Lilja Grétarsdóttir kváðu svo hraustlega að orði að ef ekki yrði undið ofan af kaupunum, sem þau telja ekki samræmast lögum, þá gætu þau tæpast stutt ríkisstjórnina til áframhaldandi setu. Um það mál var skipuð nefnd sem ekki hefur enn skilað af sér.

Þessu til viðbótar má nefna Evrópumálin sem enn sér ekki fyrir endann á. Margir þingmanna og sumir ráðherra flokksins eru einarðir andstæðingar þess að Íslendingar séu svo mikið sem í viðræðum við Evrópusambandið um aðild.

Hin sígilda hnetusteik
Ljúffeng og næringarrík hátíðarsteik fyrir alvöru sælkera





Hnetusteik (800 gr)....................2.500.-
Hnetusteik (500 gr)....................1.700.-
Villisveppasósa (400 ml)....................490.-
Villisveppasósa (265 ml)....................290.-
Jóla Chutney (265 ml)....................390.-

Athugið!
Munið eftir að panta steikina tímanlega fyrir jól og áramót

GRÆNN KOSTUR

Grænn kostur
Skólavörðustíg 8
101 Reykjavík
Sími: 552 2028
www.graennkostur.is


Veiðileg Jól
NÝTT Á ÍSLANDI!
HEAT factory
VARMAPÚÐAR, SOKKAR, HÚFUR OG FLEIRA Í ÚRVALI
Munið vinsælu gjafabréfin okkar!
NIKKO STIRLING FJARLÆGÐARMÆLIR
Tilvalinn í jólapakka golfarans og veiðimannsins.
Jólatilboð aðeins 22.995,-
PROLOGIC GÆSAGALLI
Vatnsheldur jakki og buxur í felulitum.
Verð aðeins 29.900,-
RJÚPNAVESTI
Frábært verð.
Aðeins 8.995,-
GÆSAFLAUTUR
Aðeins 3.595,-
SKOTABELTI
Vinsæl og vönduð belti í felulitum.
Aðeins 4.995,-
DAM TASLAN VÖÐLUR
Verð aðeins 8.995,-
DAM DIGITAL VOG.
Nákvæm vigt sem vigtar allt að 30 kg. Gott verð!
Aðeins 5.985,-
DANVISE
Jólatilboð aðeins 9.995,-
DAKOTA - ÚR FYRIR ÚTIVISTARFÓLK
Verð frá 8.995,-
HNÍFASETT
Verð aðeins 5.995,-
SAVAGE GEAR LAXAHÁFAR
Verð frá 6.895,-
SKOTVEIÐIHANSKAR
Verð aðeins frá 3.995,-
ÍSBOR, STÖNG OG SPÚNAR
Jólatilboð aðeins 14.995,-
DR.SLICK VEIÐISETT
Töng, skæri, klippur og box.
Frá 4.895,-
SIMMS FREESTONE ÖNDUNAVÖÐLUR OG SIMMS SKÓR.
Aðeins 49.900,-
RON THOMPSON ÖNDUNARVÖÐLUR OG SKÓR
Frábært verð.
Aðeins 29.900,-
VEIÐISETT
Ron Thompson Steelhead veiðistöng og Okuma hjól með girni.
Aðeins 9.995,-
SCIERRA TVÍHENDUPAKKI
Góður tvíhendupakki með öllu á jólatilboði.
Aðeins 39.900,-
ROSS KRAKKA FLUGUVEIÐISETT
Vandaður fluguveiðipakki fyrir unga fluguveiðimenn. Blátt eða bleikt.
Jólatilboð aðeins 19.900,-
SIMMS WATER BOTTLES
Verð frá 4.895,-
Veiðibúð allra landsmanna -
VEIDIMADURINN.IS
NILS - NJ@RANGA.DK
VEIÐIHORNIÐ
SPORTBÚÐIN
VEIÐIHORNIÐ - SÍÐUMÚLA 8 - 568 8410 - VEIDIHORNID.IS
SPORTBÚÐIN - KRÓKHÁLSI 5 - 517 8050

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## 2 DAGAR TIL JÓLA OPIÐ 10:00-22:00

## Vinsælasti hamborgarhryggurinn í Bónus: *frá Síld & Fisk*




BAYONNESKINKA 1.FL. ÚR LÆRI
**998 KR.KG.**




HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI
**1298 KR.KG.**




HAMBORGARHRYGGUR ÚRBEINAÐUR
**1598 KR.KG.**




**898**
KR. KG
BÚRFELLS HAMBORGARHRYGGUR




**2598**
KR. KG
ÍSLANDSLAMB ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
*SKAGFIRSKT*




**1498**
KR. KG
KF LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR
*25% AFSLÁTTUR* MERKT VERÐ 1998 KR.KG




KOFAREYKT HANGIKJÖT
NORÐLENSKT FRÁ **KJARNAFÆÐI**

KOFAREYKT ÚRBEINAÐ HANGILÆRI **2518** KR/KG
KOFAREYKT ÚRB. FRAMPARTUR **1798** KR/KG
KOFAREYKTUR HANGIFRAMPARTUR M/BEINI **998** KR/KG.
KOFAREYKT HANGILÆRI M/BEINI **1598** KR/KG.

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
2 DAGAR TIL JÓLA OPIÐ 10:00-22:00
ÍSLANDSGRÍS FERSKT GRÍSAKJÖT
898 KR. kg
25% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ: 1198 KR.KG.
FERSKUR GRÍSAHRYGGUR
698 KR. kg
FERSKT GRÍSALÆRI
698 KR. kg
FERSK GRÍSARIFJASTEIK
1998 KR. kg
Þýsk kalkúnabringa
1398 KR. kg
Danskar grísalundir
2998 KR. kg
Þýsk ungnautalund
TÖKUM TÍMANLEGA ÚR FROSTI LAMBAKJÖTIÐ FRÁ KAUPFÉLAGI SKAGFIRÐINGA
1198 KR. KG
KS FROSIÐ LAMBALÆRI
1398 KR. KG
KS FROSINN LAMBAHRYGGUR
2848 KR. KG
KS FROSIÐ LAMBAFILLET
NORÐANFISKUR Íslenskur lax
REYKTUR OG GRAFINN 1998 KR.KG
598 KR. KG
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
PROSCIUTTO
Ítölsk hráskinka:
Opera d´Italia
100g 498 kr.
1598 kr. 15 stk
KRISTJÁNS STEIKT LAUFABRAUÐ 15 KÖKUR
195 kr. 500g
MS GRJÓNAGRAUTUR 500g
498 kr. 200g
ÍSLANDSGRÍS SVEITAPATÉ 200g
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**FRÉTTASKÝRING:** Drög að nýjum náttúruverndarlögum

# *Skógræktin mun fá að blómstra áfram*

**Hörð viðbrögð hafa komið fram vegna draga að frumvarpi um breytingu á náttúruverndarlögum. Óttast ýmsir að með lögunum sé ætlunin að stöðva eða hindra skógrækt með framandi plöntum. Slíkt stendur ekki til segir umhverfisráðherra.**



**FRAMANDI LÍFVERA** Lúpína er skilgreind sem framandi lífvera í drögum að nýjum náttúruverndarlögum og skýr ákvæði verða í lögum sem heimila að gripið verði inn í ógni slíkar plöntur líffræðilegri fjölbreytni hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hert verður á ákvæðum laga um utanvegaakstur, innflutningur aðskotaplantna og -dýra takmarkaður verulega og vernd merkilegra náttúrufyrirbrigða aukin verði breytingar á náttúruverndarlögum sem nú eru til skoðunar að lögum.

Þetta eru þau þrjú meginatriði sem nefnd Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra taldi mikilvægt að breyta strax, áður en farið yrði út í heildarendurskoðun á náttúruverndarlögum.

Nefndin var skipuð í nóvember í fyrra, og hefur nú skilað drögum að frumvarpi til breytinga á náttúruverndarlögum. Hægt er að gera athugasemdir við drögin fram til 7. janúar næstkomandi.

Þau ákvæði sem búast má við að verði umdeildust snúast um innflutning og dreifingu „framandi lífvera“. Skilgreiningin á því hvað átt er við með „framandi lífveru“ eru dýr, plöntur, sveppir og örverur sem ekki koma náttúrulega fyrir í vistkerfum landsins.

Framandi lífverur eru með öðrum orðum tegundir sem mannskepnan hefur komið hér fyrir af einhverjum ástæðum en ekki lífverur sem voru til staðar við landnám eða lífverur sem borist hafa til Íslands fyrir eigin rammleik.

### Ekkert sem bannar skógrækt

Þetta ákvæði í frumvarpsdrögunum hefur þegar vakið hörð viðbrögð hjá forsvarsmönnum Skógræktar ríkisins. Þar á bæ óttast menn að bannað verði að rækta upp skóga með öðrum tegundum en birki og öðrum trjátegundum sem hér þrifust við landnám.

„Mér finnst synd að það hefjist strax svona upphlaupskennd umræða um svona mikilvægt málefni þegar fyrst og fremst er verið að freista þess að færa okkar löggjöf til nútímahorfs,“ segir Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra.

„Það er ekkert í þessum drögum að frumvarpi um að til standi að banna skógrækt, hvorki í atvinnuskyni né á vegum áhugafélaga eins og skógræktarfélaganna,“ segir hún.

„Í drögunum segir að umhverfisráðherra geti ákveðið að vissar framandi tegundir megi flytja inn án leyfis og að skrá yfir þær tegundir verði birt. Það er gert ráð fyrir því að helstu skógræktar- og landgræðslutegundir verði á þeim lista,“ segir Svandís.

> „Það er ekkert í þessum drögum að frumvarpi um að til standi að banna skógrækt, hvorki í atvinnuskyni né á vegum áhugafélaga eins og skógræktarfélaganna.
>
> **SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR** UMHVERFISRÁÐHERRA

Sama á við um garðrækt, til dæmis á sumarbústaðalóðum, segir Svandís. Ekkert banni eigendum sumarbústaða að rækta upp sínar lóðir hér eftir eins og hingað til. Í frumvarpinu sé verið að tala um verndun villtrar náttúru. Þó verði að hafa í huga að garðplöntur sem geti dreift úr sér geti skapað vandamál, eins og bjarnarkló, skógarkerfill og lúpína.

Svandís segir að ekki þurfi að koma á óvart að búfé verði undanþegið lögunum. Það helgist af því að innflutningur á búfénaði heyri undir landbúnaðarráðuneytið, og því ekki á valdsviði umhverfisráðherra eða laga um náttúruvernd.

Í frumvarpsdrögunum eru einnig ákvæði um að ekki megi flytja innanlands plöntur og skepnur til svæða þar sem þær koma ekki náttúrulega fyrir, ef ástæða sé til að ætla að þær muni ógna líffræðilegri fjölbreytni á svæðinu.

Svandís segir að ekki megi lesa of mikið í þetta ákvæði. Til dæmis sé varla hægt að ímynda sér að með því að rækta birkiskóg á svæði þar sem birki sé ekki fyrir sé möguleiki á því að líffræðilegri fjölbreytni sé ógnað. Ákvæðið muni líklega helst nýtast til að koma í veg fyrir mögulegan flutning á lifandi fiskum milli vatnasvæða.

Ákvæði sem banna flutning lifandi dýra og plantna til landsins og jafnvel milli landshluta eru partur af umhverfislöggjöf víða um heim, segir Svandís.

„Þetta er hluti af umræðunni um líffræðilega fjölbreytni, vegna þess að það sem ógnar aðallega líffræðilegri fjölbreytni eru einmitt ágengar framandi tegundir sem fara inn í vistkerfin og rugla þau,“ segir Svandís.

„Þetta er partur af þeirri löggjöf sem við verðum að færa til nútímahorfs, eins og okkar nágrannaþjóðir hafa verið að gera á undanförnum árum.“

### Leyfi til að útrýma

Í drögunum að lagafrumvarpinu eru ákvæði sem heimila umhverfisráðherra að grípa til harkalegra aðgerða ógni „framandi lífverur“ líffræðilegri fjölbreytni á Íslandi.

Þannig getur ráðherra, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar og eftir föngum annarra stofnana, ákveðið að útrýma tegundum, koma á þær böndum eða hefta útbreiðslu þeirra með öðrum hætti.

„Okkur hefur svolítið skort skýrar heimildir til að grípa inn í, gerist þess þörf. Hér eru slíkar heimildir skilgreindar nákvæmlega,“ segir Svandís.

Hún segir átak til að hefta útbreiðslu lúpínunnar, sem þegar er hafið, dæmi um slíkar herferðir. Þá sé í gangi tilraun með að útrýma minkum á Snæfellsnesi og í Eyjafirði.

**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is



## Hert verulega á reglum um akstur utan vega

Í drögum að frumvarpi um breytingu á náttúruverndarlögum er ákvæðum um utanvegaakstur breytt. Ákvæði þeirra laga sem nú eru í gildi hafa verið harðlega gagnrýnd af áhugamönnum um náttúruvernd, þar sem þau hafa ekki dugað til að stemma stigu við utanvegaakstri.

Í frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir því að bannað verði að aka utan löglega skilgreindra vega. Þegar er hafin vinna við að skilgreina nákvæmlega hvað séu vegir sem heimilt sé að keyra eftir, og hvað sé slóði sem ekki á að vera leyfilegt að aka eftir.

Í dag er hugtakið vegur skilgreint eins í náttúruverndarlögum og í umferðarlögum, þar sem það er skilgreint mjög vítt. Það hefur leitt til þess að menn sem grunaðir hafa verið um utanvegaakstur hafa verið sýknaðir á þeirri forsendu að ekki sé hægt að taka af allan vafa um að þeir hafi ekið á slóðum sem ekki hafi verið heimilt að aka um.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir ljóst að talsverðan tíma geti tekið að koma upp nákvæmu korti yfir alla vegi og slóða sem heimilt verði að aka vélknúnum ökutækjum. Þar geti komið upp ólík sjónarmið sem hlusta verði á.

„Þetta er alltaf snúið. Það er ekki gata þegar ein rolla gengur milli þúfna, en þegar þær eru orðnar tíu er það orðinn troðningur, og á það svo til að verða fljótlega í framhaldinu að slóð fyrir mótorhjól. Þetta er lifandi kerfi, en um leið má það ekki vera þannig, eins og það er orðið víða á Reykjanesskaganum, að það er þéttriðið net af slóðum. Skilgreiningarnar munu ekki síður snúast um að ákveða hvað er ekki vegur,“ segir Svandís.

Í frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir því að slíkt kort verði tilbúið um mitt ár 2016. Þangað til kortið kemst í gagnið verður heimilt að aka vélknúnum ökutækjum á „greinilegum vegslóðum sem að staðaldri eru notaðir til umferðar vélknúinna ökutækja“.



**UTAN VEGAR** Mikil spjöll eru unnin ár hvert með utanvegaakstri. Sárin sem slík spjöll skilja eftir sig geta verið áratugi að jafna sig. MYND/UMHVERFISSTOFNUN

Áfram verður heimilt að aka utan vega á jöklum og um snævi þakta jörð svo framarlega sem jörð sé frosin. Það undantekningarákvæði er þó nákvæmar orðað en áður. Nú verður að vera augljóst að aksturinn valdi ekki hættu á náttúruspjöllum. Þessu ákvæði er ætlað að koma í veg fyrir akstur utan vega þegar snjór er yfir ófrosinni jörð, sem þekkt er að getur valdið miklum umhverfisspjöllum.

## Vilja skýrar heimildir til inngripa

Fyrirhugað er að styrkja orðalag lagagreinar um vernd sérstakra náttúrufyrirbrigða í náttúruverndarlögum. Í lögunum á að vernda sérstaklega merkileg náttúrufyrirbæri og banna rask á þeim nema brýna nauðsyn beri til.

**Þau náttúrufyrirbrigði sem njóta eiga verndar eru:**

- Eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar.
- Votlendi á borð við flóa, flæðimýrar, sjávarfitjar og leirur yfir 10 ferkílómetrum og stöðuvötn og tjarnir yfir einum ferkílómetra.
- Fossar og nánasta umhverfi þeirra.
- Hverir og aðrar heitar uppsprettur, lífríki sem tengist þeim og úrfellingar á borð við hrúður og hrúðurbreiður.
- Birkiskógar og leifar þeirra.

Ákvæði um vernd þessara fyrirbæra er þegar í náttúruverndarlögum, en nú verða smærri votlendissvæði en áður vernduð, og ákvæði um vernd birkiskóga kemur nýtt inn í lög, samkvæmt drögum að frumvarpi um breytingu á náttúruverndarlögum.



**HVERAVELLIR** Hverir og aðrar heitar uppsprettur verða áfram verndaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Með þessu ákvæði er ætlunin að styrkja stöðu náttúrunnar í íslenskri löggjöf. Við viljum að það sé skýrara að ef gengið er á rétt náttúrunnar með einhverjum hætti þá höfum við valdheimildir til að bregðast við því,“ segir Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra.

„Við höfum haft mjög veika stöðu, til dæmis þegar ákveðið hefur verið að fara með veg yfir hraun sem er á náttúruminjaskrá, fara í námugröft utan í hlíðum fjalla, eða önnur slík inngrip í náttúruna. Við höfum ekki haft þær valdheimildir sem hefur þurft til að grípa inn í slíkar framkvæmdir þótt um sé að ræða svæði sem eru vernduð samkvæmt lögum eða eru á nátt-

# VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Sigrún hóf að rækta rófur árið 1985 sem sumarstarf fyrir sjálfa sig. Ræktunin vatt upp á sig og í dag er Sigrún, ásamt Þresti manni sínum, einn stærsti kálræktandi landsins. Fjölskyldan vinnur saman að ræktuninni og kalla Sigrún og Þröstur garðræktina sína fjölskyldubúskap. Þau leggja mikið upp úr gæðum og taka allt upp með höndunum.



ÍSLENSKA SIA.IS SFG 50278 06/10 - Ljósmyndir: Hari





**BRÓÐIR Í TRÚNNI** Mykola Khyzhnyak tók þessa mynd sem rétt missti af verðlaunasæti. Á turni Fríkirkjunnar situr kúla sem líkist litla bróður mánans. MYND/MYKOLA KHNYZNYAK

# Rautt tunglið geysivinsælt myndefni

**Mörg hundruð myndir bárust í keppni Fréttablaðsins og Vísis um bestu ljósmyndina af tunglmyrkvanum í gærmorgun. Á þessari síðu gefur að líta þær myndir sem dómnefnd mat bestar.**

Á þriðja hundrað þátttakendur sendu inn tæplega sjö hundruð myndir í samkeppni Fréttablaðsins og Vísis um bestu ljósmyndirnar af tunglmyrkvanum í gærmorgun.

Sveinn Bjarki Brynjarsson, sextán ára Árbæingur, bar sigur úr býtum og má sjá sigurmyndina á forsíðu blaðsins í dag. Sveinn Bjarki hlýtur í verðlaun glæsilega Sony NEX myndavél frá Sony Center í Kringlunni.

Annað sætið hlaut Steingrímur Árnason, fyrir mynd af tunglinu ásamt verkinu Björgun eftir Ásmund Sveinsson. Í þriðja sætinu hafnaði Ingólfur Bjargmundsson, fyrir mynd þar sem litir tungslins og rafmagnsmasturs við álverið í Straumsvík njóta sín til fullnustu. Steingrímur og Ingólfur fá báðir leikhúsmiða í verðlaun.

Á þessari mynd má síðan sjá tvær myndir til viðbótar, aðra eftir áðurnefndan Ingólf Bjargmundsson og hina eftir Mykola Khyzhnyak, sem komust mjög nálægt verðlaunasæti.

Í dómnefnd sátu Anton Brink, ljósmyndari á Fréttablaðinu og Vísi, Einar Skúlason, kynningarstjóri Fréttablaðsins og Vísis, Ólafur Þ. Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins og Tinni Sveinsson, vefstjóri Vísis.



**2. SÆTI** Steingrímur Árnason hafnar í öðru sæti í samkeppninni fyrir þessa mynd þar sem bargvætturinn úr verki Ásmundar Sveinssonar við Ægisíðu, Björgun, virðist teygja sig í átt að rauðleitu tunglinu. MYND/STEINGRÍMUR ÁRNASON



**3. SÆTI** Upplýst rafmagnsmastur við álverið í Straumsvík rammar inn mánann í þessari mynd Ingólfs Bjargmundssonar. Ingólfur var á ferðinni í gærmorgun og tók fleiri myndir, þeirra á meðal þá hér til hliðar. FRÉTTABLAÐIÐ/INGÓLFUR BJARG MUNDSSON



**PERLA Á HIMNI** Það er engu líkara en að tunglið ætli að tylla sér á þak Perlunnar á þessari mynd Ingólfs Bjargmundssonar, sem var nálægt verðlaunasæti. MYND/INGÓLFUR BJARGMUNDSSON

# Jólagjafirnar í Dorma

# Þrennutilboð

## frábær jólagjöf !



Sæng +  Koddi +  Sængurver

**= 9.900,-**
Allur pakkinn - vattfylling

eða

**= 19.900,-**
Allur pakkinn - dúnfylling




## Memory Foam heilsuinniskór.



Heilsusamleg jólagjöf á frábæru verði!
Sendum frítt út á land!



**3.900,-** 1 par

**6.980,-** 2 pör

**9.990,-** 3 pör




## 20-30% afsláttur af jóla-fylgihlutum

YANKEE CANDLE®
*a passion for fragrance®*

**Yfir 40 ilmtegundir**

YANKEE CANDLE®
*a passion for fragrance®*




## SÆNGURVERASETT - EINBREIÐ OG TVÍBREIÐ



**NÝ SENDING**

**3.900,-**



DORMA
– býður góða nótt

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

OPIÐ
21. -22 des frá kl. 10-22
Þorláksmessa frá kl. 10-23
Aðfangadag frá kl. 10-13

# Europris

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**



5 metrar

**149**

**JÓLAPAPPÍR**

57 cm x 5 metrar



**249**

**KERTI, 10 Í PK**

24 cm



**249**

**KUBBAKERTI - 18 CM**



4 tíma

**489**

**SPRITTKERTI**

100 stk



pr. stk

**1990**

**ÚTVARP**

JWS/Denver



LEDTV




**54.990**

**24" LED SJÓNVARP**

Betri myndgæði og u.þ.b. 40 % minni orkunotkun en hjá LCD sjónvörpum



**7990**

**ÁVAXTAPRESSA**

600 W

Opið í dag, miðvikudag: kl. 10:00 - 22:00
Opið á Þorláksmessu: kl. 10:00 - 23:00
Opið á aðfangadag: kl. 10:00 - 14:00



Coca Cola
69



**149**
HÁTÍÐARAPPELSÍN
2 ltr







**99**
MALT
0,5 ltr

**2990**
JÓLATRÉ Á FÆTI
180 cm, kr 2990
210 cm, kr 6990
ATH! Ljós og skraut selst sér

**3490**
LEIÐISKROSS



**299**
PIPARKÖKUR
400 gr



**199**
ORA HUMARSÚPA



pr. pk
**199**
PAPPÍR
8 stk salernispappír MiljøSpar /
3 stk eldhúsrúllur, 3ja laga



pr. stk
**1190**
FLANNEL SKYRTUR
M - XXL



**12.990**
STIGA SLEÐI
Power Special





VERÐ ÁÐUR: kr 3490
**1990**
BRAUÐRIST
Severin
750 W



**1799**
KÖKUFAT
Gler
43,6x6x31,5 cm

pr. stk
**599**
HEAD & SHOULDERS SJAMPÓ
400 ml
Þrjár gerðir

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Glerártorgi, Akureyri

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Innan við helmingur frambjóðenda frá í vor hefur gert grein fyrir kostnaði við prófkjör.

## Tækifæri til að bæta ímyndina

Með lögum um fjármál stjórnmálaflokka sem sett voru árið 2006 er frambjóðendum sem taka þátt í forvali eða prófkjöri gert skylt að skila upplýsingum um kostnað vegna þess arna til Ríkisendurskoðunar. Í fljótu bragði virðist þetta ekki eiga að vera sérlega flókið mál.

Það liggur í augum uppi að þessar upplýsingar eiga að vera opinberar. Kjósendur eiga sjálfsagða heimtingu á því að frambjóðendur, sem margir hverjir verja greinilega talsverðu fé til þess verkefnis að auka líkur sínar á að hreppa sæti á framboðslistum, geri grein fyrir því hvaðan það fé kemur. Auk þess er það svo sjálfsagt og gott aðhald við þá stjórnmálamenn sem í hlut eiga að þurfa að standa opinberlega skil á því hvaðan þeim kemur það fé sem þeir nota í prófkjörsbaráttu sína.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Það eru því nokkur vonbrigði að liðlega helmingur þeirra sem sóttust eftir sæti á framboðslistum með þátttöku í forvali eða prófkjöri vegna borgar- og sveitarstjórnarkosninga í vor skuli af einhverjum ástæðum enn ekki hafa séð sér fært að skila inn upplýsingum um kostnað við framboð sitt nú þegar frestur er runninn út.

Þeir frambjóðendur sem eiga eftir að gera grein fyrir kostnaði vegna framboða sinna mega skammast sín fyrir slóðaskapinn, og vonandi er um slóðaskap að ræða en ekki það að þessum frambjóðendum finnist þeir hafa eitthvað að fela fyrir kjósendum sínum.

Það mátti út af fyrir sig búast við að það tæki einhvern tíma að festa ný og betri vinnubrögð í sessi í kjölfar laganna frá 2006. Það sætir hins vegar nokkurri furðu að þátttakendur í stjórnmálum skuli ekki átta sig á því tækifæri sem felst í þeim einfalda gjörningi að fara að þessum lögum.

Traust íslensks almennings á stjórnvöldum og stjórnmálafólki er í algeru lágmarki eftir hrun efnahagskerfisins og krafan um gegnsæi og upplýsingar um fjárhagsleg tengsl hefur aldrei verið sterkari en nú. Það er þannig síst til að auka traust almennings á stjórnmálamönnum að meira en helmingur þátttakenda í prófkjörum og forvali vegna sveitarstjórnarkosninga í vor skuli ekki hafa séð sér fært að skila yfirliti yfir kostnað sinn.

Með því eru þeir að missa af góðu tækifæri til að auka trúverðugleika sinn og styrkja ímyndina. Um leið myndi að líkindum tiltrú almennings á stjórnmálastéttina í heild sinni aukast og þar með tiltrúin á stjórnvöld. Vonandi áttar stjórnmálafólkið í landinu sig fljótt og vel á þessu tækifæri og lætur það sér ekki úr greipum ganga.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hneykslast á hneykslunargjörnum



Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, ritstjóri Smugunnar, gerði hneykslunargirni náungans að umtalsefni í pistli í gær. Tók hún dæmi af frétt Stöðvar tvö í síðustu viku þar sem rætt var við konu sem leitaði eftir aðstoð hjá Fjölskylduhjálpinni, þrátt fyrir að hafa um 400 þúsund krónur í bætur frá hinu opinbera.

„Netverjar köstuðu sér yfir konuna með öllum þeim djöfulmóð og munnsöfnuði sem aðeins aðventan og andi jólanna nær að kalla fram hjá annars vammlausu fólki," skrifar Þóra. Hún játar þó að hafa sjálf „undrast" yfir að viðkomandi öryrki hefði sagt sögu sína í sjónvarpinu.

### Undrunin

Þóra Kristín lýsti þeirri undrun einmitt í pistli á Smugunni í síðustu viku undir yfirskriftinni „Kreppan og heimskan". Þar skrifaði hún meðal annars um sömu manneskju, sem hún tók upp hanskann fyrir í gær: „Finnst henni virkilega viðeigandi að rekja þessar búmannsraunir sínar undir nafni og mynd. Hvað með þá sem líða raunverulegan skort? Við erum fjórða feitasta þjóð í Evrópu og örugglega ein sú gráðugasta. En ætli við séum líka fjórða vitlausasta þjóð í Evrópu."

### Hvað þarf að ganga á?

Ef þessi framsetning er dæmi um einfalda undrun, en ekki hneykslunargjarnan netverja sem kastar sér á fólk „með djöfulmóði og munnsöfnuði," hvað þurfa menn þá að ganga langt til að falla í þann flokk?

bergsteinn@frettabladid.is

HALLDÓR



## Háskóli Íslands í neyð

Menntamál



Jens Fjalar Skaptason
formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Það hefur vart farið framhjá mörgum að menntakerfið í landinu stendur frammi fyrir gríðarlega miklum niðurskurði á næstu misserum. Fjárhæð sú sem Háskóla Íslands er gert að skera niður um er uggvænleg og má með nokkurri vissu segja að eftir standi menntastofnun á brauðfótum. Háskólaráð Háskóla Íslands sendi á dögunum frá sér yfirlýsingu þar sem nefndar voru þær aðgerðir sem háskólayfirvöld telja sig knúin til að framkvæma vegna þröngrar fjárhagsstöðu. Efst á blaði eru fyrirhugaðar aðgangstakmarkanir og hækkun á skrásetningargjöldum.

Þau úrræði sem fram koma í yfirlýsingu Háskólaráðs verður að líta á sem sérstök neyðarúrræði til þess að bregðast við gríðarlega hárri niðurskurðarkröfu stjórnvalda. Óljóst er með hvaða hætti aðgengi einstaklinga til ástundunar náms við Háskóla Íslands yrði takmarkað. Það er þó enn fremur ljóst að sama hver útfærslan yrði í þeim efnum gengi hún þvert á stefnu stjórnvalda um opinn og aðgengilegan ríkisháskóla. Það er jafnframt mat Stúdentaráðs að hækkun skrásetningargjalda muni einungis leiða til háskólamenntunar hliðhollari hinum efnameiri. Skertum fjárframlögum ríkisins til Háskóla Íslands yrði þannig mætt með því að seilast dýpra ofan í vasa stúdenta. Stúdentaráð fagnar því að heimild til hækkunar skrásetningargjalda hafi ekki enn verið veitt af hálfu stjórnvalda og leggst eindregið gegn því að slíkar hugmyndir hljóti brautargengi þrátt fyrir ítrekun Háskólaráðs þar að lútandi.

Róður stúdenta og yfirvalda Háskóla Íslands gegn niðurskurðinum hefur verið þungur. Með hliðsjón af yfirlýsingu Háskólaráðs er augljóst að niðurskurðarkrafa stjórnvalda er einfaldlega alltof há og gengur nærri grunnstoðum Háskóla Íslands. Í núverandi árferði kann niðurskurður að vera óhjákvæmilegur upp að vissu marki en stjórnvöld verða að horfast í augu við afleiðingarnar ef fram skal ganga án nokkurrar íhlutunar þeirra. Stúdentaráð hefur meðal annars bent á aðra hagræðingarmöguleika innan menntakerfisins sem dregið gæti verulega úr niðurskurði í fjárframlögum til Háskóla Íslands. Vísast í þeim efnum til skýrslu sem Stúdentaráð gaf frá sér fyrr í haust og má nálgast á vefsíðunni verjummenntun.is.

Stúdentaráð Háskóla Íslands skorar nú á stjórnvöld að skarast í leikinn og tryggja áframhaldandi stöðu Háskóla Íslands sem burðug menntastofnun í íslensku samfélagi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hverjir þurfa að hugsa sinn gang?

**Stjórnmál**



**Karólína Einarsdóttir**
formaður VG
í Kópavogi



**Sólveig Anna Jónsdóttir**
formaður VG
í Reykjavík

Á árunum 1999 til 2009 gagnrýndi þingflokkur VG harðlega þann hroka og samráðsleysi sem einkenndi vinnubrögð ríkisstjórna þess tíma. Vinnubrögð sem birtust í því að stjórnarliðar á Alþingi voru notaðir sem strengjabrúður foringjanna og fengu lítið til málanna að leggja. Þetta gagnrýndi VG og krafðist þess að skýr mörk væru á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds, að sjálfstæði löggjafarvaldsins væri aukið. Ennfremur hefur bæði flokksráð og landsfundur ályktað í þessa veru. Stefna flokksins er skýr hvað þetta varðar: Tryggja þarf lýðræðislegri stjórnarhætti í landinu.

Ein af niðurstöðum skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis var að lélegir stjórnarhættir sem einkenndust af foringjaræði, hjarðhegðun, gagnrýnisleysi og ofurvaldi þröngra sjónarmiða hefði verið meðal ástæðna hrunsins.

Í ljósi alls þessa eru það mikil vonbrigði hversu lítið hefur verið gert til að uppræta þær ólýðræðislegu hefðir sem hafa fest í sessi á Alþingi. Þvert á móti hafa ráðherrar VG og meirihluti þingflokksins, ásamt stjórnarliðum Samfylkingar, tekið upp þessi lágkúrulegu vinnubrögð og beitt þumalskrúfum á þá þingmenn sem voga sér að hafa efasemdir um stefnu flokkseigendanna og forystunnar. Það er algjörlega óásættanlegt að reynt sé að þvinga þingmenn til að fara gegn eigin sannfæringu. Og það er líka óásættanlegt að þingmenn láti nauðbeygja sig.

Með því að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar í síðustu viku stóðu þingmennirnir Lilja, Atli og Ásmundur Einar í fæturna þrátt fyrir mótbyr og eiga hrós og virðingu okkar skilda. Þremenningarnir stóðu með sannfæringu sinni og gerðu það sem fleiri mættu gera. Þau voru gagnrýnin og bentu á aðrar færar leiðir, leiðir sem samræmast betur hugmyndafræði VG.

Með þessu voru þremenningarnir ekki að lýsa vantrausti á ríkisstjórnina, heldur voru þau að kalla eftir faglegri og lýðræðislegri vinnubrögðum í stjórnarráðinu og á Alþingi, og að gera það sem þeim ber að gera lögum samkvæmt, þ.e. að fara eftir eigin sannfæringu. Það er kjarni málsins.

> Það er fráleitt að þremenningunum sé ekki lengur stætt í þingliði flokksins

Okkur þykja undarleg þau orð sem hafa verið látin falla af félögum okkar í þingflokki VG. Það er fráleitt að þremenningunum sé ekki lengur stætt í þingliði flokksins og að þau þurfi „að hugsa sinn gang“. Við, sem höfum starfað í grasrót VG, höfum lagt mikið upp úr lýðræðislegri umræðu og virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum og finnst því miður að í þingflokki VG njóti þær hugmyndir ekki meiri skilnings en viðbrögð flokksforystunnar bera vitni. Þremenningarnir þurfa ekki að „hugsa sinn gang“, það eru aðrir í þingflokknum og þó sérstaklega forysta VG sem þurfa að hugsa sinn gang.

# Hugvekja á aðventu

**Jólahald**



**Jóna Rúna Kvaran**
blaðamaður og
rithöfundur

Þá er að fara í hönd stærsta hátíð kristinna manna og allir á kafi í jólagjöfunum. Auðvitað er ágætt að eyða, en manni blöskrar hvernig dynur á fólki auglýsingaskrum um alls konar skuldbindingar langt fram í tímann og sem mun auka enn á áhyggjur alþýðu manna. Þetta er sorglegt.

Eins og þjóðin veit, eru um 14 þúsund atvinnulausir og allir samningar lausir. Við getum enn þá ekki, þrátt fyrir góðan vilja, haft hendur í hári þeirra landráðamanna sem leyfðu sér að mergsjúga bankakerfið að innan og halda áfram að sigla á auði þjóðarinnar hingað og þangað um heiminn.

Manni dettur í hug sú staðreynd að um það bil 1860 kom út fyrsta sjálfshjálparbókin. Það fer að verða brýnna en nokkru sinni áður að gægjast í þær meðfram öðru til að styrkja þá sem gráta. Ef menn almennt færu eftir boðorðunum og hins vegar kærleiksboðskap Krists, sem er enn mikilvægara en sjálfshjálparbækurnar, þá væru fá vandamál í gangi.

Í 120 ár hafa Íslendingar ástundað að gefa hver öðrum jólagjafir eins og tíðkast í dag, en þegar maður lítur til baka, þá hvarflar að manni að á fyrstu árunum hafi menn gefið heimaprjónaða vettlinga og annað í þeim dúr. Í dag dugar ekkert minna en hálfur heimurinn. Samt þarf margur að leita sér hjálpar og um 4000 manns snúa sér til jólaaðstoðarinnar eftir stuðningi og kannski enn fleiri til annarra hjálparstofnana.

Það er sárt til þess að vita ef maður horfir hlutlaust yfir, að margir sem þurfa hjálp verða að hverfa frá grátandi af því að biðraðirnar eru of langar. Margt í mínum huga hefur breyst á undanförnum árum. Áður þótti mér sérstaklega áhugavert að lifa lífinu á margbreytilegan máta og hefði gjarnan kosið aukakrónur í vasann. En í dag er ég lömuð hægra megin eftir axarsköft tiltekinnar stéttar. Ef ég bæði um gjöf í dag væri hún að Guð gæfi mér aukinn styrk í hægri hliðina. Þetta sýnir að peningar eru ekki allt. Sem dæmi má nefna að 8% af fólki í veröldinni í dag á mestan auð þjóðanna, hinir mismunandi mikið, en sumir ekki neitt.

En hvað er varið í það sem íslenskir landráðamenn hafa gert, eins og að stela frá íslensku þjóðinni og skapa vandræði til framtíðar, ef maður hefur ekki heilsuna? Nú stendur til að borga Icesave-skuldirnar sem stórþjófar íslenskir hafa skapað til og þar með festa í klafa ekki bara mína kynslóð heldur næstu og jafnvel þarnæstu. Ég vil ekki horfa upp á afkomendur mína þurfa að þræla til þess að tilteknir glaumgosar geti notið sín og gleypt eins og hvalir í sig meira en hálfan heiminn, bara fyrir sig. Ég vil skora á fólk, þrátt fyrir gjafagleðina sem tilheyrir þessari stórhátíð, að leggja jafnmikinn þunga og áherslu á að kynna sér kærleikboðskap Frelsarans og virkilega ástunda það sem honum fylgir, þannig að þungamiðja lífs okkar verði að elska hvert annað. Án þess að endilega komi til fé.



# Ráðherrann og aðstoðarmaðurinn

Dómsmál

**Brynjar Níelsson**
hæstaréttarlögmaður



Dómsmálaráðuneytið er fagráðuneyti sem alltaf hefur haft talsverða sérstöðu vegna þess að málefni lögreglu, ákæruvalds og dómstóla heyra undir það. Því hefur verið talið æskilegt að starfi dómsmálaráðherra gegni maður sem skilning og þekkingu hefur á helstu málaflokkum sem undir hann heyra. Ef því verður ekki við komið er mjög mikilvægt að hinn pólitíski aðstoðarmaður ráðherra hafi þekkingu á þessum málaflokkum. Nú um stundir er hvorugu að heilsa.

Fljótlega þegar þessir nýju pólitísku herrar tóku við dómsmálaráðuneytinu var boðað til samráðsfundar á vegum ráðuneytisins um nauðgunarmál. Fulltrúum lögreglu, ákæruvalds, dómstóla, Hæstaréttar, Lögmannafélagsins og ýmissa baráttu- og þrýstihópa fyrir fleiri sakfellingum og þyngri refsingum í þessum málaflokki var boðið til samráðsfundarins. Þegar formaður Lögmannafélagsins sá dagskrá fundarins treysti hann sér ekki til að mæta enda var hún uppfull af röngum og villandi staðhæfingum að hætti framangreindra baráttu- og þrýstihópa.

Í kjölfar samráðsfundarins ritaði dómsmálaráðherra og aðstoðarmaður hans makalausa grein sem birtist í Fréttablaðinu 19. nóvember sl. Þar segir að árið 2009 hafi 233 nauðgunarmál komið á borð Neyðarmóttöku og Stígamóta. Lögreglu hafi hins vegar aðeins borist 65 kærur, 42 þeirra farið áfram til ríkissaksóknara, sem hafi ákært í 14 og af þeim hafi verið sakfellt í 8 málum. Í niðurlagi greinarinnar segir síðan: „Ætlum við að sætta okkur við 230 nauðganir á ári á Íslandi? Svar okkar í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu er nei.“

Hvað eiga ráðherrann og aðstoðarmaðurinn við? Er verið að krefjast þess að ákært og sakfellt verði í fleiri málum þótt sönnun um brot sé ekki fyrir hendi og þar með stuðlað að því að saklausir menn sæti refsivist? Er það framlag dóms- og mannréttindaráðherrans og aðstoðarmannsins til að treysta undirstöður réttarríkisins? Greinin ber með sér að slíkar hugmyndir séu uppi enda hafa báðir bréfritarar í sinni pólitísku baráttu talið að of miklar sönnunarkröfur séu gerðar í þessum málaflokki. Hafa meðal annars komið fram fullyrðingar hjá aðstoðarmanninum um að konum sé ekki trúað í dómskerfinu, ábyrgðinni sé varpað af geranda yfir á þolanda og að réttarvörslukerfið byggi ekki á andlegum afleiðingum nauðgana og þurfi því endurmenntunar við. Allt eru þetta rangar fullyrðingar eins og allir vita sem starfa við meðferð þessara mála hjá lögreglu, ákæruvaldi og dómstólum.

> Ég held að ráðherrann og aðstoðarmaðurinn ættu að spyrja sig að því hvernig í ósköpunum standi á því að tilkynntar eru 230 nauðganir, sem eru hlutfallslega margfalt fleiri en í nágrannalöndum okkar.

Grein ráðherrans og aðstoðarmannsins gefur mjög villandi mynd af stöðu nauðgunarmála hér á landi. Af henni má ætla að lögregla og ákæruvald hafi aðeins tekið hluta af þeim til rannsóknar og meðferðar vegna sinnuleysis eða að meðferð þessara mála í dómskerfinu sé ábótavant. Það eru ýmsar skýringar á því að þessar 230 nauðgunartilkynningar berast ekki allar til lögreglu. Í fyrsta lagi eru sumar tilkynningar þar sem brotaþoli veit ekki í raun hvað gerðist eða lýsingar með þeim hætti að ekki er um brot að ræða. Í öðru lagi er gerandinn óþekktur og engin lýsing til á honum. Í þriðja lagi er ekki vilji til að kæra, sem gerir lögreglu erfitt um vik því sönnunarfærslan byggist á framburði þolandans. Þessar skýringar eru ráðherranum og aðstoðarmanninum kunnugar en þeir láta vera að minnast á þær í grein sinni. Tölfræðin er því ekki marktæk en er engu að síður notuð til að villa um fyrir lesandanum.

Ég held að ráðherrann og aðstoðarmaðurinn ættu að spyrja sig að því hvernig í ósköpunum standi á því að tilkynntar eru 230 nauðganir, sem eru hlutfallslega margfalt fleiri en í nágrannalöndum okkar. Kann skýringin að vera sú að Stígamót og sambærileg samtök miði við rýmri skilgreiningar á nauðgunarhugtakinu í tilkynningum sínum? Eða getur verið að allir þessir pólitísku baráttu- og þrýstihópar hafi hag af því að blása vandann upp í því skyni að ná pólitískri vígstöðu og fjármagni frá hinu opinbera og einkaaðilum?

## AF NETINU

### Ögmundur: Mogginn skapar illindi



Flokksfélagi minn – starfandi þingflokksformaður í fjarveru Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur, sem er í fæðingarorlofi – segist vart trúa Morgunblaðsfrétt um að hjásetumenn hafi átt spjallfund með tveimur ráðherrum, Jóni Bjarnasyni og Ögmundi Jónassyni ásamt þingflokksformanni í fæðingarorlofi. Honum er alveg óhætt að trúa fréttinni – enda var ég búinn að staðfesta spjallið í viðtali við fréttamiðil. [...]

Eitt er þarna ofsagt, að ég hafi fyrst frétt af hjásetunni við atkvæðagreiðsluna, það var ég búinn að gera áður. Ekki útiloka ég að ég kunni að þessu leyti að hafa verið óljós eða misvísandi við fréttamann. En rétt er haft eftir mér í beinni tilvitnun að á þessum fundi hafði engin ákvörðun verið tekin af hálfu viðkomandi einstaklinga. Þá vil ég nefna að ráðgerðir um að fella ríkisstjórnina voru engar uppi nema síður væri þótt eftirá langi marga til að gera því skóna.

Hitt má Árni Þór Sigurðsson vita að á forsíðu Morgunblaðsins birtist „fréttin“ undir stríðsfyrirsögn, ekki vegna þess að hún væri merkileg heldur til þess eins að gera þessar samræður tortryggilegar og skapa illindi. Nú vill svo til að ég talaði við marga fleiri í aðdraganda afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins og þar á meðal formann flokksins, Steingrím J. Sigfússon – og fleiri. Og það hafa aðrir án efa gert líka.

ogmundur.is **Ögmundur Jónasson**

### Björn Bjarnason: Jóhanna lítt fær forsætisráðherra



Ég tel Jóhönnu lítt færa um að gegna embætti forsætisráðherra. Skapgerð hennar eða skapbrestir birtust strax á fyrstu forsætisráðherradögum hennar, þegar hún beitti Davíð Oddsson og aðra bankastjóra Seðlabanka Íslands ótrúlegu ofríki fyrir utan að sýna þeim dónaskap. Þvermóðska hennar birtist auk þess vel á vorþinginu 2009 þegar hún skildi ekki fyrr en í fulla hnefana að hún næði ekki frumvarpi sínu um breytingu á stjórnarskránni í gegn vegna andstöðu okkar sjálfstæðismanna.

Það ber vott um skammsýni ef ekki beinlínis skemmdarfýsn hvernig unnið hefur verið að því undanfarna mánuði að umbylta stjórnarráði Íslands. Nýleg skýrsla nefndar á vegum Jóhönnu um frekari breytingar á stjórnarráðinu og starfsháttum ríkisstjórnar gengur til sömu átta.

Bjorn.is **Björn Bjarnason**

# „Margur heldur mig sig“ – skrif Þorsteins Pálssonar

Stjórnmál

**Kristinn Dagur Gissurarson**
atvinnuleitandi og viðskiptafræðinemi við HR



Þorsteinn Pálsson fjallar um nýjustu atburði á Alþingi af kögunarhóli sínum þann 18. desember 2010 í Fréttablaðinu. Þar veltir hann, meðal annars, fyrir sér hversu veik stjórnin sé orðin eftir að þrír þingmenn VG sátu hjá við atkvæðagreiðslu um fjárlagafrumvarpið. Og í framhaldinu að forystumenn ríkisstjórnarinnar hafi aldrei útilokað „að taka Framsóknarflokkinn upp í“. Taka flokkinn með í ríkisstjórn. Þorsteinn heldur því fram að framsóknarmenn verði tilbúnir að samþykkja Icesave umhugsunarlaust ef ráðherrastólar eru í boði.

Hvers konar skrif eru þetta af hálfu Þorsteins? Að gera framsóknarmönnum það upp að þeir séu tilbúnir að selja sálu sína fyrir stóla er forkastanlegt og í raun argasti dónaskapur af Þorsteins hálfu. Það getur vel verið að Þorsteinn hafi ástundað slík vinnubrögð þegar hann var í stjórnmálum og raunar líklegt, ef miðað er við þessi skrif hans.

Framsóknarflokkurinn er sá flokkur sem harðast hefur barist á móti þeim afarkostum sem ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hefur boðið íslenskri þjóð í tvígang, með fyrri Icesave-samningum.

> Hvers konar skrif eru þetta af hálfu Þorsteins?

Formaður Framsóknarflokksins, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, hefur ásamt öðrum ítrekað bent á að engin lagaleg skylda er fyrir þeim greiðslum sem Bretar og Hollendingar fara fram á.

Hitt er svo annað mál hvort það þjónar heildarhagsmunum þjóðarinnar að samþykkja nýjasta Icesave-samkomulagið. Ýmis rök mæla með því. Samningurinn er umtalsvert betri en síðasti samningur, sem þjóðin hafnaði á eftirminnilegan hátt. Þessi samningur er unninn af fagmennsku og alls ólíkur fyrri samningum sem báru vott um undirlægjuhátt, sérstaklega Samfylkingarinnar, gagnvart Evrópusambandsríkjunum Bretlandi og Hollandi. Kratarnir innan Samfylkingarinnar vildu, og vilja, allt til vinna til þess að ná samningum svo þeir gætu sem fyrst komist undir handarjaðar Evrópusambandsins. Allt var til vinnandi, jafnvel að setja á þjóðina alvarlegan skuldaklafa til framtíðar.

Ég treysti þingmönnum Framsóknarflokksins vel til þess að fara ítarlega yfir þann Icesave-samning sem nú liggur fyrir og greiða síðan atkvæði um hann eftir málefnalega umræðu. Sú aðdróttun af hálfu Þorsteins Pálssonar að forysta og þingmenn flokksins séu tilbúnir að samþykkja samninginn fyrir ráðherrastóla er ámælisverð og honum til álitshnekkis.

En stundum kemur það fyrir að menn falla í þá gryfju að halda að aðrir hugsi eins og þeir, samanber máltækið „margur heldur mig sig“.




# SKEMMTILEGU SPILIN fást í Hagkaup




5.499

**Þú veist**, spilið sem fær þig til að hugsa. Þú veist í bústaðnum, flugvélinni, stofunni, tjaldinu eða bílnum.




3.999




5.999




6.499




4.799




6.999

*Eitt vinsælasta spilið á Íslandi!*




3.990




5.990

**Blokus** er margverðlaunað herkænskuspil byggt á mjög einföldum reglum sem tekur um það bil mínútu að læra. Spilið er ótrúlega skemmtileg áskorun bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Fyrir 2-4 spilara.




5.999

VISA Vildarkort
HÉR FÁST ÞREFALDIR VILDARPUNKTAR TIL JÓLA

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Hvað bíður þín á nýju ári?

Símenntun

Anna Lóa Ólafsdóttir
Náms- og starfsráðgjafi MSS



*Að fara í skóla eftir 38 ára hlé er bara algjört átak. Ég ákvað að fara í nám af því að ég var með skerta starfsorku. Eina vikuna sem ég var veik heima vegna slyssins sem ég varð fyrir þá tók ég þessa ákvörðun. Ég hef öðlast meira sjálfstraust og ekki lengur í þeim gír að segja að ég geti þetta ekki. Það er ekki í boði.*“ (Kvenkyns nemandi Menntastoða haustið 2010.)

Það eru ekki síst sólskinssögur sem þessar sem hvetja okkur hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) til að halda áfram á þeirri braut sem við höfum verið að feta síðastliðin ár. Þeim sem sækja þjónustu okkar hefur fjölgað jafnt og þétt og eru forréttindi að fylgjast með einstaklingum stíga mikilvæg skref inn í nýja framtíð. Við lifum á tímum breytinga þar sem krafist er að fólk takist á við ákveðið þróunarferli í lífi sínu og á sem flestum sviðum þess. Hér í eina tíð þótti ekkert óeðlilegt að fólk væri á sama vinnustað við sömu vinnu alla starfsævina.

Í dag þykir aftur á móti eðlilegt að fólk tileinki sér ákveðna starfsþróun innan sama vinnustaðarins eða skipti um starf eða jafnvel starfssvið á nokkurra ára fresti. Samkeppnisforskot fyrirtækja byggist oft á því að starfsfólk tileinki sér ákveðinn sveigjanleika og staðni ekki á einu sviði. Starfsþróun innan fyrirtækja krefst þess að starfsfólk sé virkt í að afla sér þekkingar, auki færni sína jafnt og þétt og sé meðvitað um hvað skiptir máli þegar kemur að sí- og endurmenntun.

Það er staðreynd að einstaklingar með stutta skólagöngu eru yfirleitt í mestri hættu á að missa störf sín á tímum breytinga eins og samfélag okkar gengur í gegnum þessi misserin. Því er spurt hér: Hvernig getum við mætt þessum hópi?

Fólk með litla eða enga formlega menntun á mismunandi skólagöngu að baki en oft er um einstaklinga að ræða sem eiga sína drauma um nám, betri störf eða annað sem gæti aukið lífsgæðin. Hindranir af ýmsum toga hafa þó orðið þess valdandi að ekki hefur verið sest á skólabekk, farið á námskeið eða annað sem gæti gert draumana að veruleika. Þá er algengt að einstaklingar séu ómeðvitaðir um eigin færni og áhugasvið og hvernig þessir þættir gætu nýst þeim bæði hvað varðar nám og störf og ekki síður í tengslum við persónulegan þroska. Þarna getur náms- og starfsráðgjafi gripið inn í ferlið og aðstoðað einstaklinga við að bæta stöðu sína í tengslum við nám, störf eða persónulega þroska.

Þetta er hægt að gera með margvíslegum hætti, eins og upplýsingagjöf varðandi nám og störf, upplýsingum um styttri námskeið, leiðum til starfsþróunar í núverandi starfi, setningu markmiða, áhugasviðsgreiningu og aðstoð vegna annarra persónulegra mála.

**Veldu framtíð þína!**

Fólk er í auknum mæli að átta sig á að sí- og endurmenntun eru nauðsynlegir þættir í starfsþróun einstaklinga til að mæta þeim breytingum sem eiga sér stað í atvinnulífinu. Þá hafa atvinnuleitendur nýtt sér að bæta stöðu sína á meðan atvinnuleysið er jafn mikið og raun ber vitni. Eru jafnframt meðvitaðir um hversu mikilvægt er að skoða hvernig nota megi tímann til uppbyggingar og styrkja þannig stöðu sína fyrir framtíðina.

Þegar einstaklingur tekst á við breytingar í lífinu má líkja því við persónulega stefnumótun. Þá velur einstaklingurinn sig frá einu til að takast á við eitthvað annað.

Val einstaklingsins er háð þeirri samfélagsgerð sem við búum við hverju sinni, innri hvata og ekki síst stuðningi og hvatningu annarra. Náms- og starfsráðgjafi býður einstaklingum upp á ytri hvatningu og hjálpar hverjum og einum að átta sig á hvaða tækifæri eru til staðar og hvernig viðkomandi geti nýtt sér þau til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Hlutverk ráðgjafans í ferlinu gæti falist í að greina þarfir einstaklingsins, skilgreina úrlausnir, leiðbeina við að draga fram markmið og skilgreina leiðir að þeim.

Flest hræðumst við breytingar því við vitum hvað við höfum en ekki hvað bíður okkar. Breytingar eru þó eina leiðin til framfara og gott að líta á þann ótta sem við finnum fyrir sem ákveðinn sviðsskrekk. Að stíga út fyrir þægindahringinn okkar má líkja við að stíga upp á svið og leika eina hlutverkið sem skiptir máli í lífinu „okkar eigið líf“. Við eigum að stefna að því að leika til sigurs því gæðin á lífi okkar eru háð þeim kjarki sem við höfum til að takast á við ný hlutverk þrátt fyrir að í því felist áhætta og jafnvel sársauki. Sú áskorun er til staðar ævina á enda og mikilvægasta leiðin að sterkara sjálfsmati. Fyrsta skrefið er oft það erfiðasta en með því hefst oft ferðalag sem einstaklinginn hefði ekki getað órað fyrir að væri á ferðaáætlun hans.

Í dag eru starfandi náms- og starfsráðgjafar á símenntunarmiðstöðvum hringinn í kringum landið, tilbúnir að veita þá þjónustu sem er getið hér að ofan.

Þegar einstaklingur tekst á við breytingar í lífinu má líkja því við persónulega stefnumótun.

AF NETINU

## Hrokafullir og þjást af minnimáttarkennd

WikiLeaks skjölin opinbera hrokafulla menn sem þjást af minnimáttarkennd eins og flestallir stríðsherrar mannkynssögunnar. Þeir girnast land, vald, fé og frama i sögubókum. Þrá að vera skrásettir sem mikilmenni. Hvernig tekst þeim þetta?

Þeir áforma og eru hvattir af öðrum körlum í öðrum löndum til að skríða til skarar eins og WikiLeaks sýnir dæmi um. Treystum aldrei þessum körlum, felum þeim aldrei veg okkar. Höfnum þeim umsvifalaust. Treystum ekki Bush, ekki Blair, ekki Cameron, ekki Obama, ekki Rasmussen eða Reinfeld, ekki Hu Jintao, ekki Berlusconi, Sarkozy eða hvað sem þeir heita. Stríð er aldrei svarið, ekki kúgun, ofbeldi, nauðgun, dauði. Allir vita svarið en flestir láta telja sér trú um annað. Þar liggja mistökin.

Mér er sagt að ég sé með óra en ég er ekki einn um það. Meginmálið er að taka afstöðu og standa við hana: að friðvæða jörðina. Hunsum stríðsherranna, mætum ekki á vígvöllinn! Hættum að kjósa þá. Veljum alltaf frið fram yfir stríð. Auðvitað lendum við linnulaust í flóknum siðaklemmum og eigum eftir að kveljast yfir valkostum, en það er til mælikvarði.

Viðmiðið er uppbygging lífs andspænis eyðileggingu og dauða. Allt lendir á þessum skala lífs og dauða og við þurfum iðulega að standa lífsmegin andspænis dauðanum.

Smugan.is

Gunnar Hersveinn




Tryggjum öllum börnum gleðileg jól

Taktu þátt í Pakkajólum Bylgjunnar við jólatréð í Smáralind

Gefðu eina aukagjöf um jólin og leggðu góðu málefni lið. Fjölskylduhjálp Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar koma pökkunum til þeirra sem á að gleðja.

Pósturinn kemur pökkum utan af landi til skila endurgjaldslaust, þú þarft bara að fara með pakkann á næsta pósthús.

**Gefðu eina gjöf og vertu með í Pakkajólum Bylgjunnar.**

Við óskum öllum gleðilegra jóla

BYLGJAN 989

Smáralind

PÓSTURINN allur pakkinn




**Starfsfólk Íbúðalánasjóðs óskar landsmönnum gleði og friðar á jólum og gæfuríks komandi árs.**

**Afgreiðsla sjóðsins verður lokuð á Þorláksmessu og aðfangadag jóla.
Opnum aftur mánudaginn 27. desember.**

**www.ils.is**

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

AF NETINU

### Höft og efnahagsreikningar bankanna

Það er algjörlega óraunhæft að afnema höftin við núverandi aðstæður. Ýmislegt kemur þar til sem erfitt er að setja fram í stuttu máli, en máli mínu til stuðnings þarf ekki annað en að horfa á fjármögnun íslenska bankakerfisins. Þar sem efnahagsreikningar bankanna eru ekki tilbúnir er borin von fyrir þá að fjármagna sig með öðrum hætti en með söfnun innlána, en þau eru meirihluti fjármögnunar bankanna í dag. Innlánin eru tryggð af ríkinu, en nokkur óvissa ríkir um getu ríkisins til að tryggja öll innlán án gjaldeyrishaftanna. Án haftanna er því næsta öruggt að stór hluti innlánanna myndi verða tekinn úr bönkunum og þau færð úr landi, bæði vegna óvissu um efnahagsreikninga bankanna sem og óvissu um getu ríkisins til að tryggja innlánin. Til að hægt sé að afnema höftin þurfa efnahagsreikningar bankanna því að liggja fyrir og bankarnir þurfa að vera búnir að tryggja fjármögnun sína án ábyrgðar ríkisins. Ef höftin yrðu afnumin strax myndu bankarnir falla aftur, væntanlega fyrir hádegi á fyrsta degi án hafta.

Pressan.is
**Jón Eggert Hallsson**

### Dýr skóli

Hraðbraut reyndist dýr framhaldsskóli. Enginn skólastjórnandi í ríkisskóla hefði komist upp með þær brellur sem tíðkuðust í Hraðbraut – en vegna þess að skólinn var dekurdýr ráðherra Sjálfstæðisflokksins fengu þær að malla áfram.

kaninka.net/stefan
**Stefán Pálsson**

# Skynsamleg fjárfesting í uppsveiflu?

Mannauðskerfi

**Sigurjón Atli Sigurðsson**
mannauðsráðgjafi hjá Tölvumiðlun hf.



Í rekstri fyrirtækja skiptir miklu máli að hlúa vel að mannauðnum sínum svo sú fjárfesting sem í honum felst sé sem arðsömust. Eftir misseri erfiðleika í íslensku atvinnulífi liggur framundan uppsveifla sem í felast mörg tækifæri. Í þessum tækifærum mun stýring mannauðsins skipta sköpum og í þeirri stýringu munu réttu verkfærin skipa stóran sess. Stjórnendur þurfa aðgang að réttum upplýsingum um starfsfólk í sinni ákvarðanatöku og mannauðsstjórar þurfa að geta miðlað slíkum upplýsingum hratt og vel. Lykillinn er gott mannauðskerfi.

Starfsfólkið er okkar dýrmætasta eign. Þekking starfsmanna, reynsla, líðan þeirra og velferð skiptir því fyrirtæki miklu máli. Utanumhald starfsmannaupplýsinga hjálpar fyrirtækjum að hafa starfsmannamálin í lagi, tryggir að nýliðar skrifi undir ráðningarsamning, fari á nýliðanámskeið, sé afhent aðgangskort og svo framvegis. Einnig að þekking starfsmanna sé á pari við þær kröfur sem fyrirtækið gerir og að þróun þekkingar sé í rétta átt. Að starfsmenn sem láta af störfum séu látnir skila búnaði eða fríðindum sem eru í eigu fyrirtækisins, tölvum, mælitækjum, símum, aðgangskortum, afsláttarkjörum og svo framvegis.

Undanfarin misseri hefur áherslan í mannauðskerfum verið að færast frá mannauðssviðum fyrirtækja yfir til stjórnendanna sjálfra. Stjórnendur vilja og þurfa að hafa greiðan aðgang að rauntímaupplýsingum um sitt fólk. Með því ná þeir að bregðast hraðar við uppákomum svosem skyndilegri aukningu yfirvinnu eða veikinda, útrunninna réttinda og fleira. Starfsmannahald fyrirtækja hefur oft á tíðum unnið og miðlað slíkum upplýsingum en með nýrri tækni er einfalt að veita stjórnendum beinan aðgang að þeim upplýsingum sem skipta þá máli. Upplýsingum sem stjórnir fyrirtækja vilja að stjórnendur fylgist með, því á endanum hefur það jákvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins.

> Undanfarin misseri hefur áherslan í mannauðskerfum verið að færast frá mannauðssviðum fyrirtækja yfir til stjórnendanna sjálfra.

Misjafnt er hvaða upplýsingar skapa fyrirtækjum ávinning þegar kemur að mannauðsupplýsingum. Flest fyrirtæki vilja fylgjast grannt með kostnaðarskapandi þáttum, svo sem launum, yfirvinnu, veikindum og þess háttar. Önnur fyrirtæki skiptir miklu máli að réttindum, svo sem vinnuvélaréttindum eða einhvers konar vottunum, sé viðhaldið og þau renni ekki út. Hverjar sem upplýsingarnar eru sem fylgjast skal með, þá hjálpa mannauðskerfi við slík eftirlit.

Aðgangur stjórnenda að upplýsingum um mætingu, fjarvistir, veikindi, réttindi, þekkingu og fleira gerir stjórnendum auðveldara að stjórna sínu fólki á hagkvæmari hátt.

Þá eru ráðningarmál, svo sem móttaka umsókna, úrvinnsla umsókna, samskipti við umsækjendur og sjálf ráðningin, orðin fyrirferðarmeiri þáttur vegna síaukins fjölda umsókna í núverandi ástandi á markaðnum. Í ráðningarferlinu hefur gott verkfæri mikil áhrif á verkflæði, skipulag, gæði ferlisins og síðast en ekki síst minnkar kostnað þar sem ferlið verður markvissara. Verkfærið tryggir að öllum umsækjendum er svarað, auðvelt er að halda utan um hvern og einn umsækjanda, aðgengi stjórnenda að umsóknum batnar og ímynd fyrirtækisins verður jákvæðari í huga umsækjenda.

Í mannauðskerfum er gjarnan að finna mikið af upplýsingum sem gagnast við rekstur fyrirtækisins eða stýringu starfsmanna og stjórnenda. Mikilvægt er að nýta þessar upplýsingar og gera aðgengilegar þeim sem þær þurfa. Að framan voru taldir upp nokkrir kostir þess að gefa stjórnendum aðgang. Aðgengi starfsmanna er ekki síður mikilvægt. Starfsmenn sjá til þess að upplýsingar þeirra séu réttar og uppfærðar reglulega, þeir geta fengið aðgang að skjölum, starfsmannasamtölum, launaupplýsingum o.fl. hafi þeir réttindi til. Besti aðilinn til að viðhalda starfsmannaupplýsingum er yfirleitt starfsmaðurinn sjálfur. Þannig bætist sífellt við upplýsingar sem stjórnendur geta nýtt sér á einhvern hátt. Það er ekki bara þannig að fyrirtæki velji sér starfsfólk – starfsfólk velur sér einnig vinnustað.

Það getur verið stór kostur að halda starfsmannaupplýsingum í einu kerfi. Með því móti sparast innsláttur, villuhætta minnkar og flækjustig við að tengja saman mörg kerfi. Upplýsingar sem umsækjandi fyllir út á umsóknareyðublaði ættu að flytjast yfir í launa- og mannauðskerfi, þaðan yfir til stjórnenda, yfir á innri og ytri vefi og svo framvegis. Þannig haldast upplýsingarnar réttar, ekki er verið að halda við starfsmannalistum á mörgum stöðum heldur eru upplýsingarnar alltaf lesnar beint úr mannauðskerfinu. Starfsmaður sem hættir hverfur þá sjálfkrafa af vefjum og nýr starfsmaður bætist sjálfkrafa við um leið og hann er stofnaður í launakerfinu.

Í vændum er uppsveifla. Hvernig fyrirtæki búa í haginn fyrir komandi uppsveiflu mun hafa afgerandi áhrif á gengi þeirra í samkeppninni á næstu misserum. Tæknin leikur þar stóran þátt og þau verkfæri sem hún býður upp á.

Grípum tækifærið og látum tæknina styðja við mannauðinn okkar á tímum uppgangs og velgengni. Fortíðinni getum við ekki breytt en framtíðin er í okkar höndum. Gott mannauðskerfi er fjárfesting sem borgar sig.

Ein gjöf sem hentar öllum



Gjafakort Landsbankans er greiðslukort sem býður upp á að gefandinn ákveði upphæðina og viðtakandinn velji gjöfina. Gjafakortið er viðskiptavinum að kostnaðarlausu til áramóta.

Þú færð gjafakortið í næsta útibúi Landsbankans.




ENNEMM / SÍA / NM44188

GJAFAKORT | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

# Hvenær kemur pabbi heim?

Ölvunarakstur

**Guðmundur Karl Einarsson**
frkv.stj. Brautarinnar – bindindisfélags ökumanna



Var það nokkuð pabbi sem maðurinn í útvarpinu var að tala um þegar ölvaður bílstjóri olli slysi og báðir bílstjórarnir liggja nú á spítalanum? Mamma hvenær kemur hann heim?“

Nú þegar jólin nálgast eykst verulega hætta á ölvunarakstri í umferðinni. Tölur lögreglu segja það mjög skýrt. Nánast daglega heyrast fregnir af því að ökumenn hafi verið teknir undir áhrifum.

Það hefur aukist að fólk fari á jólahlaðborð og fái sér bjór eða annað áfengt með matnum og aki svo heim á eftir. „Þetta var nú bara kannski einn eða tveir, það hlýtur að vera í lagi, ég er örugglega undir mörkunum,“ má heyra stundum.

> Ef drukkið er meira en þessir tveir bjórar, þá er eina leiðin að bíða nógu lengi.

Sá misskilningur hefur ríkt meðal margra ökumanna að í lagi sé að aka þó lítið magn áfengis sé í blóði, bara ef það er undir 0,5 prómillum. Rétt er að refsimörkin miðast við 0,5 prómill en ökumaður sem stöðvaður er með 0,3 eða 0,4 prómill er engu að síður að brjóta umferðarlögin sem segja að bannað sé að aka undir áhrifum. Lögreglan stöðvar slíkan akstur líka.

Við hvað miðum við, þegar við teljum að við séum „edrú“? Margir miða við áfengisáhrifin og hafa kannski lítið annað til að miða við. Áfengisáhrifin eru hins vegar mjög slæm leið til að miða við. Einstaklingur sem drekkur tvo bjóra með mat, finnur e.t.v. ekki mikið á sér, en ef lögreglan stöðvar hann er ekki ólíklegt að það mælist 0,8 prómill eða meira í blóði. Ef sami einstaklingur þambar þessa tvo bjóra á fastandi maga finnur hann vel á sér, en ef lögreglan stöðvar hann mælist sama magn áfengis, það er bara að hafa sterkari áhrif á einstaklinginn. Sami einstaklingur getur lagt sig í 2-3 tíma og áfengisáhrifin hverfa. Hann telur sig vera tilbúinn til að aka en hann áttar sig ekki á því að lifrin, sem sér um að vinna áfengið úr blóðinu aftur, vinnur alltaf á sama hraða og getur verið 6-8 klst. eftir atvikum að ná þessu áfengi úr blóðinu. Viðkomandi er því enn undir áhrifum þegar hann vaknar.

Ef drukkið er meira en þessir tveir bjórar er eina leiðin að bíða nógu lengi. Gera má ráð fyrir að meðalþung manneskja sem innbyrt hefur kippu af bjór geti verið 10-15 klst. að verða edrú. Hafi viðkomandi hætt að drekka um miðnætti er ekki öruggt að fara að keyra fyrr en kl. 15 daginn eftir.

Þeir sem ætla að neyta áfengis ættu að skipuleggja fyrir fram hvernig þeir ætla að komast heim, ekki fara á bílnum, því dómgreindin hefur minnkað verulega þegar veitingastaðurinn er kvaddur og hættan á að setjast undir stýri er enn meiri.

- Skilja lyklana og bílinn eftir heima.
- Gefa sér nægan tíma áður en farið er af stað aftur.

En fyrst og fremst þarf að taka þá ákvörðun og stimpla hana vel inn í minnið að aka aldrei undir áhrifum áfengis eða annarra fíkniefna. Ef undirmeðvitundin hefur verið forrituð með þeim hætti er meiri möguleiki á að við freistumst ekki til að aka undir áhrifum.

Njótum jólanna og komum heil heim.

netto

# HÁTÍÐAR-HUMAR

*í súpuna ❧ í forréttinn ❧ sem aðalréttur*

**OPIÐ TIL KL. 22 Í KVÖLD**



29% afsláttur



25% afsláttur



25% afsláttur

500g skelflettur verð nú **1.499 kr/pk.** áður 1.998
1 kg skelbrot verð nú **1.499 kr/pk.** áður 1.998
2 kg skelbrot verð nú **3.975 kr/pk.** áður 5.598

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

GILDIR **22. – 24.** DESEMBER

markhonnun.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**BEATRIX POTTER** barnabókahöfundur (1866-1943) lést þennan dag.

*„Til allrar hamingju var ég aldrei send í skóla; það hefði þurrkað út hluta af frumleikanum.“*

**ÞETTA GERÐIST:** 22. DESEMBER 1945

## Ný Ölfusárbrú tekin í notkun



Ný Ölfusárbrú var tekin í notkun þennan dag árið 1945. Eldri brúin hafði þá hrunið þegar mjólkurbíll frá Reykjavík, með annan í togi, ók yfir hana árið 1944. Brúin þoldi ekki þyngdina svo annar brúarstrengurinn slitnaði og bílarnir féllu báðir í ána. Annar bíllinn lenti í grynningum og var hægt að ná honum upp þaðan. Hinn fór í hyldjúpa gjá ásamt bílstjóranum. Honum tókst þó að halda sér í varadekk þar til hann rak á land við Selfossbæina fyrir vestan Selfosskirkju. Upprunalega brúin var vígð árið 1891. Brúarsmíðin átti sér langan aðdraganda en fyrst var byrjað að ræða slíka framkvæmd árið 1872. Byggingin sjálf gekk ekki þrautalaust. Maður drukknaði við upphaf hennar og í ljós kom að steyptir stöplar brúarinnar voru ekki nógu háir og burðarstengurnar of háar. Brúin var þó mikil samgöngubót og stendur enn í dag.



**VERÐLAUNAGLÖS** Glösin eru blásin í Póllandi og það sem einkennir þau er rauður blettur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KRISTÍN SIGFRÍÐUR GARÐARSDÓTTIR: HLAUT SKÚLAVERÐLAUNIN

# VARÐ BARA MJÖG GROBBIN

Kristín Sigfríður Garðarsdóttir, leirlistakona og einn af eigendum Kirsuberjatrésins, hlaut Skúlaverðlaunin 2010 fyrir ný glös á fæti á sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsinu. Glösin eru viðbót við glerlínu Kristínar sem hefur fengið nafnið Diskó. Í Diskólínunni eru nú fjórar gerðir af glösum, þrjár gerðir af skálum og karafla.

„Þessi glös styrkja línuna sem ég var með fyrir,“ segir Kristín. „Ég hef verið með veltiglös en ákvað að gera líka glös á fæti í sama stíl. Glösin eru blásin í Póllandi og það sem einkennir þau er rauður blettur. Þegar ég var í Danmark Design skólanum byrjaði ég að blása svolítið og þar gerði ég karöflu og glös.

Sú karafla var svolítið svipuð en glösin allt öðruvísi. Þetta þróaðist síðan út í vinnuna við veltiglösin en sú hugmynd spratt af bolla sem ég gerði úr postulíni.“

Kristín vinnur aðallega í postulín og leir en lætur blása glerið fyrir sig. „Ég er í rauninni ekkert góð að blása. Til þess þarf margra ára þjálfun, fyrir utan það að ég er ekki alveg nógu loftmikil,“ segir Kristín hlæjandi. Hún segir það mjög flókið að vera með heitt gler á vinnustofunni, ofninn þurfi stöðuga vöktun og það henti henni ekki.

Hún segir verðlaunin fyrst og fremst vera viðurkenningu og heiður. „Ég varð rosalega glöð og þetta kom mér mjög á óvart. Ég varð bara mjög grobbin, ef ég á að segja alveg eins og er,“ segir hún og skellihlær. „Það voru mjög fínir hlutir þarna og mér fannst mjög gaman að vinna.“

Kristín segir verðlaunin hafa vakið athygli á hönnun hennar. „Það eru ótrúlega margir sem hafa fylgst með þessu og koma til mín í búðina í þeim tilgangi að kaupa svona glös. „Þetta er kannski ekki alveg rétti tíminn til að koma með svona vöru, dýrt munnblásið gler í fáum eintökum, en fólk hefur sýnt þessu áhuga og viðbrögðin verið mjög góð.“

Skúlaverðlaunin eru veitt fyrir besta nýja hlutinn meðal þátttakenda. Rúmlega fjörutíu tillögur bárust að þessu sinni frá 29 aðilum. Verðlaunin eru kennd við Skúla Magnússon fógeta, sem var frumkvöðull smáiðnaðar í Reykjavík.

Faglega valnefnd skipuðu Friðgerður Guðmundsdóttir vöruhönnuður, Karólína Einarsdóttir, leirlistamaður og vöruhönnuður, og Halla Bogadóttir, gullsmiður og framkvæmdastjóri.

**vera@frettabladid.is, fridrikab@frettabladid.is**

---




*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við fráfall ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Laufeyjar Guðmundsdóttur**

Barðavogi 14.

Færum starfsfólki á dvalarheimilinu Grund þakkir fyrir góða umönnun. Óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

**Ólafur H. Þorbjörnsson**

**Guðmundur Hall Ólafsson** — **Hrafnhildur Þ. Ingvadóttir**
**Arndís Ólafsdóttir Ciambra** — **Robert Ciambra**
**Gunnhildur Ólafsdóttir** — **Yngvi Ólafsson**
**Benedikt Ólafsson** — **Sólveig Sveinsdóttir**
**Hilmar Ólafsson** — **Lilja Guðmundsdóttir**
**Ólafur Ólafsson** — **Linda Ingadóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma*

**Ásta Kristjánsdóttir Bjartmars**

Hraunbúðum Vestmannaeyjum,

sem lést föstudaginn 10. desember, verður jarðsungin mánudaginn 27. desember kl. 13.00 frá Landakirkju í Vestmannaeyjum. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á styrktarsjóð Hraunbúða (1167-05-404584, kt. 640169-4869) eða Kvenfélagið Líkn.

**Fyrir hönd vandamanna,**

**Ingibjörg Ólafsdóttir Bjartmars** — **Sigurður Þór Ögmundsson**
**Kristján G. Ólafsson** — **Magnúsína Ágústsdóttir**
**Edda G. Ólafsdóttir** — **Ágúst V. Einarsson**



*Kæru ættingjar og vinir,*
*Hjartans þakkir fyrir hlýhug og vináttu við andlát systur okkar og mágkonu,*

**Andreu Kristínar Hannesdóttur**

Ásvallagötu 65, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Skjóli, 5. hæð.

**Sesselja Hannesdóttir**
**Ólafur Hannesson** — **Þorbjörg Valgeirsdóttir**
**Jóhann Hannesson** — **Margrét Sigfúsdóttir**
**Sigurður Hannesson**
**Þorbjörg Hannesdóttir** — **Guðmundur Haraldsson**
**Guðrún Árnadóttir**
**Margrét Hallgrímsdóttir**



*Ástkær sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Sigurbjörn Kristján Hákonarson**

lést að heimili sínu þann 14. desember. Jarðarför auglýst síðar.

**Guðbjörg Sigurðardóttir**
**Ingibjörg Hákonardóttir** — **Gunnar Magnússon**
**Sigurður Hákonarson** — **Rut Jónsdóttir**
**Aðalheiður Hákonardóttir** — **Valur Bjartmar Sigurðsson**
**Halldór Hákonarson**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Anton Eyþór Hjörleifsson**

Heiðarbraut 4, Garði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 10. desember s.l. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Kolbrún Inga Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Hjörleifur Antonsson** — **Helga Birna Valdimarsdóttir**
**Súsanna Guðbjörg Antonsdóttir** — **Ævar Geirdal**
**Þröstur Ingi Antonsson** — **Helena Birna Þórðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Guðrún Sigurmannsdóttir Dúna**

lést fimmtudaginn 16. desember á Hrafnistu í Hafnarfirði.

**Sigurmann Rafn Stefánsson** — **Lóa Sigrún Leósdóttir**
**Einar Rafn Stefánsson** — **Lena Stefánsson**
**Hafdís Stefánsdóttir**
**Þórður Rafn Stefánsson** — **Guðbjörg Hjálmarsdóttir**
**Stefán Rafn Stefánsson** — **Kristrún Birgisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**


JÓLATRÉ
ný sending!
ALLAR STÆRÐIR
í Skútuvogi og Grafarholti
TAKMARKAÐ MAGN
OPIÐ TIL
22:00
Í SKÚTUVOGI
21:00
Í GRAFARHOLTI
JÓLASTJARNA
799
SÝPRIS
299
POTTUR
199
HÝASINTA
399
10 STK
JÓLA-TÚLIPANAR
1499
LEIÐISGREINAR
MIKIÐ ÚRVAL!
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

# Áhugaverðir heilsupakkar

Hreyfistjórn ehf. og Bláa lónið hlutu hvatningarverðlaun fyrir heilsuferðaþjónustu nú í vikunni. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra afhenti þau. Hvor verðlaun eru að upphæð ein milljón króna og eru veitt fyrir áhugaverða heilsuferðapakka sem ætlaðir eru erlendum ferðamönnum.

Fyrrgreind fyrirtæki eru reyndar ekki ein í ráðum með sína heilsuferðaþjónustu. Hreyfistjórn ehf. stundar hana í samvinnu við Breiðu bökin, Fjallamenn og Icelandair Hótel Hamar. Verkefnið nefnist „Why not treat your backpain in spectacular surroundings". Það er þannig uppbyggt að gestirnir gista á Hótel Hamri í þægilegu umhverfi þar sem greining, þjálfun og fræðsla fer fram undir handleiðslu sérhæfðra starfsmanna Hreyfistjórnunar og Breiðra baka. Þá býðst gestum að nýta sér fjölbreytta afþreyingu sem í boði er á svæðinu og sjá Fjallamenn ehf. um að skipuleggja þann þátt ferðarinnar.

Bláa lónið er í samvinnu við Icelandair, Kynnisferðir og Hreyfingu og verkefnið nefnist „Blue Lagoon Psoriasis meðferð – ný intensive meðferð". Nálgun meðferðarinnar er heildstæð og felur m.a. í sér ráðgjöf um mataræði, hreyfingu og boð um kynnisferðir. Verkefnið er sett fram sem hágæðaferð þar sem viðskiptavinir upplifa margt af því besta sem heilsulandið Ísland hefur upp á að bjóða. **- gun**



**VERLAUNAAFHENDING** Grímur Sæmundsson og Dagný Pétursdóttir frá Bláa lóninu, Þórarinn Þór frá Kynnisferðum, Hjörtur Árnason og Unnur Pétursdóttir frá Hótel Hamri, Ólöf Einarsdóttir frá Fjallamönnum, Einar Einarsson frá Hreyfistjórn ehf. og Katrín Júlíusdóttir, ráðherra.

# Debut-tónleikar dúettsins Silkis

Debut-tónleikar dúettsins Silkis verða haldnir í kvöld klukkan 20 í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði. Dúettinn skipa þær Arngerður María Árnadóttir, sem syngur og leikur á klukkuspil og píanó, og Margrét Sigurðardóttir, sem einnig syngur og leikur á píanó og klukkuspil.

Á tónleikunum í Víðistaðakirkju flytja þær jólalög frá ýmsum tímum, í nýjum, hlýlegum og huggulegum útsetningum, en sérlegir gestir á tónleikunum eru Andrés Þór Gunnlaugsson gítarleikari og Þórhallur Sigurðsson söngvari.

Stefna þær stöllur að því að jólatónleikarnir verði árviss viðburður í framtíðinni.

Aðgangseyrir er 1.000 krónur en ókeypis er fyrir börn og eldri borgara. **- fsb**



**VÍÐISTAÐAKIRKJA** Dúettinn Silki verður með Debut-tónleika í Víðistaðakirkju í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Úr hörpu hugans

Í tilefni af sextugsafmæli sínu á árinu hefur söngvarinn og hrossaræktandinn Baldvin Kristinn Baldvinsson í Torfunesi gefið út geisladiskinn Úr hörpu hugans. Jón Stefánsson, organisti Langholtskirkju, spilar með á orgel og Kammerkór Langholtskirkju syngur með.

Baldvin er fæddur árið 1950 að Rangá í Kaldakinn. Hann hefur sungið við ýmis tækifæri frá unglingsaldri, bæði einsöng og með kórum. Einnig hefur hann tekið þátt í söngleikjum og óperum.

Árið 1994 gaf Baldvin út geisladisk með einsöngslögum en áður hafði hann gefið út plötu með Baldri bróður sínum þar sem þeir sungu tvísöngslög. Á þessum diski eru ýmis verk sem Baldvin hefur verið að syngja undanfarin ár.

Diskurinn fæst í Smekkleysu, 12 Tónum á Skólavörðustíg og víðar. En einnig má kaupa diskinn „beint frá býli" eins og það er orðað í fréttatilkynningu.

Þeim sem vilja kynna sér nánar hrossarækt Baldvins að Torfunesi í Ljósavatnshreppi er bent á vefsíðuna www.torfunes.is en hrossarækt hefur verið stunduð þar sem búgrein frá árinu 1978.




**HROSSARÆKTANDI OG SÖNGVARI** Baldvin K. Baldvinsson í Torfunesi gaf út geisladisk í tilefni sextugsafmælis síns.

# Sigurbjörn fræðir um tamningar

Félag tamningamanna, í samvinnu við hestamannafélagið Gust, stendur fyrir sýnikennslu með tamningameistaranum og knapa ársins, Sigurbirni Bárðarsyni. Sigurbjörn mun fjalla um notkun mismunandi beislabúnaðar við þjálfun almennt.

Sigurbjörn hefur víðtæka þekkingu á beislabúnaði og verður án efa mjög fróðlegt að fylgjast með meistaranum.

Sýnikennslan verður haldin í reiðhöll Gusts hinn 30. desember klukkan 20 og er öllum opin. Aðgangseyrir er þúsund krónur.



**KNAPI ÁRSINS** Sigurbjörn Bárðarson heldur sýnikennslu í reiðhöll Gusts hinn 30. desember næstkomandi.

---

†



*Ástkær móðir okkar og tengdamóðir*

**Guðrún Brynjólfsdóttir**

lést miðvikudaginn 15. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarreikning Kristbjargar Marteinsdóttur 0372 - 13 - 302703 Kt. 650907-1750 (Göngum saman). Þökkum auðsýnda samúð.

**Guð blessi ykkur öll.**

**Halla Haraldsdóttir** — **Hjálmar Stefánsson**
**Marteinn Haraldsson** — **Álfheiður Stefánsdóttir**
**Sigurlaug Haraldsdóttir** — **Marteinn Jóhannesson**

---

†



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Jón Haukur Sigurbjörnsson**
Stekkjargerði 8 Akureyri,

lést að heimili sínu sunnudaginn 12. desember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 28. desember kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Heimahlynningu á Akureyri njóta þess.

**Halldóra Júlíana Jónsdóttir**
**Haukur Jónsson** — **Þóra Kristín Óskarsdóttir**
**Sigurbjörn Jónsson**
**Rósa Jónsdóttir**
**Örn Kató Hauksson**
**Arna Katrín Hauksdóttir**
**Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson**
**Júlíana Sól Sigurbjörnsdóttir**
**Ásta Björk Birgisdóttir** — **Þorsteinn Gunnarsson**
**Berglind Rósa Birgisdóttir**
**Snæbjörn Kári Þorsteinsson**

---

†



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma*

**Þorbjörg Elín Friðhólm Friðriksdóttir (Bobbý)**
Hólagötu 4, Sandgerði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þann 15. desember síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Við færum öllu því yndislega fólki á D-deild H.S.S. sem annaðist hana af mikilli alúð til hinstu stundar okkar bestu þakkir. Guð blessi ykkur öll. Í minningu hennar heldur söfnun til styrktar D-deild H.S.S. áfram. Reikningsnúmer söfnunarinnar er 542-14-401515 og kennitalan er 061051-4579. Minning þín er ljós í lífi okkar.

**Rúnar Þórarinsson**
**Erla Björg Rúnarsdóttir** — **Egil Aagaard-Nilsen**
**Hallbjörn Valgeir Rúnarsson**
**Anja Rún Egilsdóttir**
**Helene Rún Benjamínsdóttir**
**Daníel Aagaard-Nilsen**

---

†



*Elskuleg föðursystir okkar*

**Valgerður Jóna Andrésdóttir**
fyrrverandi kaupkona,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði mánudaginn 20. desember.

**Katrín A. Magnúsdóttir**
**Unnur Magnúsdóttir**
**Þórhildur Magnúsdóttir**
**Andrés Magnússon**

---

†



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir*

**Halldór Bjarnason**
Hjúkrunarheimilinu Mörk,

lést á Landspítalanum, Fossvogi aðfaranótt laugardagsins 18. desember. Útförin fer fram frá Langholtskirkju, miðvikudaginn 29. desember kl. 15.00.

**Bjarni H. Johansen**
**Sigurlaug Halldórsdóttir**
**Helga Halldórsdóttir**
**Anna Björk Bjarnadóttir** — **Tómas Holton**
**Guðrún Harpa Bjarnadóttir** — **Erlendur Pálsson**
**Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir**
**Halldór Heiðar Bjarnason** — **Lilián Pineda**
**Guðjón Már Magnússon**
**Sigrún Ásta Magnúsdóttir** — **Steinar Már Sveinsson**
**Hákon Örn Magnússon**
**langafabörn og systkini hins látna.**

---

†



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Steinunn Egilsdóttir**

lést mánudaginn 20. desember á Hrafnistu í Reykjavík. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Eygló S. Stefánsdóttir** — **Þórhallur Sveinsson**
**Hafþór R. Þórhallsson** — **Sæunn Jóhannesdóttir**
**Hafsteinn G. Þórhallsson**
**Berglind Þórhallsdóttir** — **Ragnar Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

**Lestur jólakveðja** á Rás 1 hefst á Þorláksmessu klukkan 9.03. Fresturinn til að hringja inn jólakveðju rennur út í dag klukkan 17. Verð fyrir hvert orð er 275 krónur.




# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447













**Antonía Hevesi píanóleikari fær til sín góða gesti í Íslensku óperunni annað kvöld.**

# Jólaró á Þorláksmessu



Yfirleitt er ég upptekin á þessum degi en ákvað að taka hann nú frá til að eiga þátt í að búa til þessu fallegu stund,“ segir Antonía Hevesi píanóleikari, sem fær til liðs við sig ýmsa góða gesti úr íslenska söngheiminum á opnu húsi í Íslensku óperunni annað kvöld. Tilganginn segir hún vera að skapa ró í öllu stressinu sem fylgir hinni erilsömu Þorláksmessu.

„Tónleikarnir eru hugsaðir sem mótvægi við allt áreitið og líka þessa endalausu kröfu um að allir eigi að vera í stuði í desember,“ segir Antonía og kveðst upplifa mikinn mun á

;JÓLIN KOMA | 2

Antonía Hevesi finnst heldur mikið stress verða á aðventunni hérlendis og hvetur fólk að mæta á tónleika í Íslensku óperunni annað kvöld til að slaka á. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**Gáttaþefur** er á leið til byggða og stingur einhverju fallegu í skó barnanna í nótt. Gáttaþefi finnst óskaplega góð laufabrauðs- og kökulykt og rennur á jólalyktina sem leggur nú yfir bæ og ból.





Hið frosna jólatré Galliano frá fyrra ári vakti óskipta athygli og dró að þúsundir gesta.

# Frumlegt jólatré Dior

**Tískuhönnuðurinn John Galliano reyndi sig í annað sinn við nýstárlegt jólatré.**

John Galliano er listrænn stjórnandi Christian Dior. Hann hannaði í fyrsta sinn í fyrra stórkostlegt og nýstárlegt jólatré fyrir Claridge's hótelið í London..

Hann endurtók leikinn á ný í ár og var tréð afhjúpað í lok nóvember. Var það gert í galakvöldverði sem einnig markaði opnun nýrrar Dior verslunar á New Bond Street.

Í þetta sinn breytti Galliano anddyri hótelsins í sjávarparadís með risastórum sæhestum, glitrandi kóröllum og silfurlaufum.



Anddyri Claridge's hótelsins var breytt í sjávarparadís í ár en jólatréð nýstárlega mun verða til sýnis til 5. janúar.



Antonía Hevesi finnst heldur mikið stress verða á aðventunni hérlendis og hvetur fólk að mæta á tónleika í Íslensku óperunni annað kvöld til að slaka á.

Framhald af forsíðu

aðventunni hérlendis og í föðurlandinu Ungverjalandi. „Það er að vísu svolítið síðan ég bjó þar, ein átján ár, en þá var allt mun rólegra," segir hún og tekur sem dæmi íslensku jólasveinanna og allt umstangið sem fylgir þeim. „Í Ungverjalandi látum við okkur nægja einn jólasvein, sem gefur aðeins einu sinni í skóinn þannig að bæði eru minni læti í kringum hann og útgjöld eru lægri fyrir foreldra. Þæg börn fá þá gjafir en þau óþægu grenivönd til að láta flengja sig með," segir Antonía en kveðst þó ekki vita hvort nokkurn tímann sé gripið til hans enda hafi hún ávallt verið stillt og prúð stúlka.

Hvað skyldi Antoníu þá finnast um sjálfa Þorláksmessu? „Ég lít upp til allra sem útbúa og borða skötu og þótti mjög gaman þegar mér var einu sinni boðið í skötuboð, þótt bragðið hafi óneitanlega verið svolítið sérstakt," segir hún og hlær og viðurkennir að þótt ýmsir íslenskir siðir séu henni að skapi séu litlar líkur á að hún taki sjálf upp á því að bjóða upp á skötu. „Mér dettur ekki í hug að leggja það á fjölskylduna að gera þetta heima, enda veit ég að skötulyktin yrði ekkert rosalega vinsæl," segir hún og brosir breitt.

Eru tónleikarnir í óperunni þá kannski himnasending að ofan í augum „skötuunnandans"? „Kannski má bara segja það," segir hún brosandi og hvetur sem flesta til að mæta annað kvöld milli klukkan sjö og níu. „Þetta verður mjög fjölbreytt tónlist, frá íslenskri þjóðlegri tónlist upp í bandarísk jólalög, flutt af frábærum listamönnum, fjórtán einsöngvurum ásamt kvennatríói og -dúett og heilum karlakór, og allt á lágstemmdum nótum, svo örvæntingarfullt fólk í leit að jólagjöfum á Laugavegi finni hinn sanna jólaanda," segir hún og getur þess að ókeypis sé inn á tónleikana, auk þess sem fólki sé frjálst að mæta og fara að eigin vild. „Svo verður þarna kaffi og konfekt til að ylja sér í kuldanum." *roald@frettabladid.is*





HERRA-KULDASKÓR

Úrval af herrakuldaskóm úr leðri, fóðruðum með lambsgæru.



Verð: 24.785.-
stærðir: 40 - 47

Misty skor
Laugavegi 178
Sími 551 2070.
Fram til jóla verður opið:
virka daga: 10 - 18
Þorláksmessu: 10 - 20
Aðfangadag: 10 - 12
Gleðileg jól !
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur



ALLT TIL GJAFA-INNPÖKKUNAR
Eingöngu sala til fyrirtækja
Opið 08.00-16.00
GRÆNN MARKAÐUR
www.flora.is info@flora.is Réttarhálsi 2 110 Rvk Sími: 535-8500

## Minerva Laugavegi 40 s. 555 1144
www.minervashop.is



**Bolur 3.690,-**
**Buxur 2.690,-**
Nokkrir litir

## Belladonna Skeifunni 11b



**Kjólbolur**
með pallíettum
í hálsmáli
Fæst í svörtu og rauðu
Stærðir 42-56
**Verð. 9.990,-**

## Nálastungudýnan frá Eirbergi Stórhöfða 25

**Nálastungudýnan - Mögnuð heilsudýna!**



- Dregur úr vöðvaspennu
- Höfuð- háls- og bakverkjum
- Er slakandi og bætir svefn
- Notkun 10-20 mínútur í senn
- Gefur þér aukna orku og vellíðan

TILBOÐ TIL JÓLA – 40% AFSLÁTTUR!
Verð aðeins 5.850 kr.

**Eirberg, Stórhöfða 25 – eirberg.is**

**HEILSUSAMLEGAR JÓLAGJAFIR**
**Opið til kl. 19:00 á Þorláksmessu.**
**Einnig opið kl. 9 – 12 á aðfangadag.**

## Friendtex Faxafeni 10



**Peysa**
litur grátt
st. xs-xxxxl
verð 8.900,-

**Leðurbuxur**
litur svart/grátt
st. 34-46
verð 19.900,-

## Kristall/gisting Lagersala Núpalind 1,
Hverafold 1-3, Hafnargata 50, Keflavík



**Rússnesk kristalsglös**
Rauðvíns, Hvítvíns, viskí, púrtvíns, kamapvíns og koníaksglös Í miklu úrvali
Verð 6 í pakka
**4.000,-**

## Kjólabúðin www.kjolar.is



Kjóll 26.900,-

## Krafla Höfðabakka 3 www.krafla.is



**Stangarpakki**
9 feta Snowbee flugustöng L 5-6 með lífstíðarábyrgð
Snowbee fluguhjól með aukaspólu
Snowbee flotlína nr. 5
Fjórar Kröflur í boxi
**Jólatilboð kr. 34.800,-**





**Vöðlupakki**
Snowbee öndunarvöðlur með vatnsheldum rennilás
Snowbee vöðluskór
**Jólatilboð kr. 31.800,-**

## Laura Ashley Faxafeni 14





Mikið úrval af fallegri gjafavöru.

Mikið úrval af fallegum fatnaði, skarti og fylgihlutum.

Skata, Skata, Skata!!!

Hin árlega skötuveisla á Einari Ben verður haldin á Þorláksmessu fimmtudaginn 23. desember frá kl. 12.00 til 14.00! Pantið tímanlega í síma 511-5090 eða sendið pöntun á einarben@einarben.is www.einarben.is

Einar Ben

weber



Frábært úrval af gjafavörum frá Weber

Söluaðilar.: Járn og gler hf - Garðheimar - Húsasmiðjan - Búsáhöld Kringlunni - Byggt og Búið - Pottar og Prik Akureyri. www.weber.is




Ríki veturs konungs í Básum er ákjósanlegur staður til að hreinsa hugann og taka á móti nýju ári.

# Áramót í fríðum fjallasal

**Einu gestirnir í Básum yfir jól eru huldufólkið úr Álfakirkjunni. Þegar áramótin ganga í garð fyllist skálinn hins vegar af mennskum gestum á vegum Ferðafélagsins Útivistar.**

Útivist hefur um árabil barist gegnum snjóinn og frostið í lok desember til að komast inn í Þórsmörkina að fagna nýju ári.

„Fyrir þá sem vilja ööruvísi áramót, burt úr skarkala og hávaða og inn í kyrrð og ró, er þetta tilvalið,“ segir Linda Udengaard, ferðastjóri áramótaferðar. „Þetta er fyrst og fremst notaleg ferð sem fólk kemur í til að vera saman og njóta hátíðanna í faðmi fjalla og náttúrunnar í Þórsmörk.“

Ferðin hefst á fimmtudagsmorgni, 30. desember, og snúið aftur 2. janúar. Erfitt er að segja til um hversu langan tíma keyrslan inn í mörkina tekur en það fer eftir færð. „Þarna getur verið mikið vetrarríki á þessum tíma árs,“ segir Gunnar Holm, sem í fyrra leiddi þá rúmlega þrjátíu manna hóp inn í Bása til vistar yfir áramót. „Síðustu áramót var tæplega tuttugu stiga frost, en það skemmir ekki fyrir. Það fara gjarnan menn á undan og hita upp skálann svo það er alltaf heitt og notalegt.“

Hvers kyns útivist spilar stórt hlutverk í ferðinni. Farið er í lengri eða skemmri göngur og fólk er hvatt til að taka gönguskíðin með. Á kvöldin er svo maður manns gaman og áherslan lögð á rólegar samverustundir. Þeir sem kunna á hljóðfæri sjá fyrir tónlist, og jólabækurnar og -spilin eiga sinn sess.

Á gamlárskvöld er árið kvatt með brennu og kvöldvöku í fríðu föruneyti þeirra álfa og trölla sem í mörkinni búa. Á nýársdag heldur hópurinn í blysgöngu inn í Strákagil þar sem fjallshlíðarnar eru lýstar upp með rauðum bjarma og flugeldum.

Gunnari er margt minnisstætt frá þeim tug áramóta sem hann hefur eytt í Básum. „Það gengur til dæmis mikið á þegar fólk vill þvo sér. Allt vatn er náttúrlega frosið svo við þurfum að hita það upp. Svo höfum við fararstjórarnir verið að aðstoða fólk við að þrífa sig,“ segir Gunnar og hlær.

Linda lofar sömu þjónustu í ár. „Við gerum ráð fyrir að þetta verði eins og í gamla daga þegar menn tóku hefðbundinn kattarþvott,“ segir hún og hlær. „Auðvitað verður heitt vatn til að þvo sér á gamlárskvöld því það er nauðsynlegt að taka á móti nýju ári hreinn, bæði andlega og líkamlega, og til þess er Þórsmörk ákjósanlegur staður.“

Nánari upplýsingar og miðapantanir á www.utivist.is og í síma 562-1000.

tryggvi@frettabladid.is





Jólagjöfin hennar

Ótrúlegt úrval yfirhafna fyrir konur á öllum aldri.

Úlpur – Kápur

ULL • VATT • DÚNN

Hanskar – Hattar – Húfur

Opið til kl. 20.00 til jóla

Topp HÚSIÐ

Mörkinni 6 - Sími 588 5518

JÓLAGJÖFIN ÞÍN - DEKRAÐU VIÐ ÞIG



teg. MAXIM - push up alveg gasalega flottur í B,C,D skálum á kr. 7.680,-



teg. CESARIA - push up glæsilegur í B,C,D skálum á kr. 7.680,-



teg. AMETHYST push up stærri í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.680,-



teg. AMETHYST push up stærri í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.680,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opið í des: mán-fös kl. 10-18
laugardaginn 18.des kl. 10-18
Þorláksmessu kl. 10-20
Aðfangadag kl. 10-12
www.misty.is
Vertu vinur

MC PLANET



Við pökkum inn fallegum gjöfum og gjafabréfum handa henni

SPENNANDI

Opið
mán.fim 12–18, fös. 12–16,
lau. lokað
Sími 694 7911
Eikjuvogur 29, 104 Rvk.



Hálsmen 8.500-

Servíettuhringar áranna 2005-2010 eru fáanlegir

Veljum íslenskt – okkar hagur! SI

Gull-og silfursmiðjan Erna ehf
Skipholt 3 Reykjavík
sími 552 0775 • www.erna.is

JÓL.IS



Allt um jólahald, jólalög, jólasögur og uppskriftir

# spil

MIÐVIKUDAGUR 22. DESEMBER 2010



## Fínt að vera matador

**Kaupmaðurinn Magni Magnússon rifjar upp hvaða spil nutu mestra vinsælda á meðal landsmanna hér á árum áður.**

SÍÐA 6



NORDICPHOTOS/GETTY




Spilavinir

Langholtsvegur 126 - 104 Reykjavík
Sími 553 3450 - www.spilavinir.is



Svanhildur Eva og Linda Rós segja spil ekki dýra afþreyingu. Margar klukkustundir fáist úr góðu spili í góðum hópi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hafa eytt þúsundum klukkustunda í spil

**Börn og fullorðnir sameinast yfir spilaborðinu í Spilavinum. Þar er spilað klukkutímum saman og reynslubankinn er orðinn stór á hvað virkar og hvað ekki.**

Þær reka spilabúð, fara í skóla flest kvöld vikunnar og spila við börn, og taka svo vinnuna með sér heim og í fríið og spila með fjölskyldunni og vinum, hvort sem er í sumarbústaðnum eða eftir jólasteikina.

Þær Svanhildur Eva Stefánsdóttir og Linda Rós Ragnarsdóttir reka spilabúðina Spilavinir þar sem mögulegt er að finna spil fyrir alla aldurshópa og allar persónugerðir. Þær leggja mikið upp úr því að aðstoða fólk með að finna spilið sem hentar hverjum og einum. Þær eru gjarnar á að spyrja viðskiptavini út í fjölskylduhagi þeirra og hverjir eigi að sitja við spilaborðið.

„Það þarf að taka tillit til allra sem eiga að spila og sá yngsti þarf að geta spilað við þann elsta, hvort sem hópurinn samanstendur af sex til tólf ára börnum, fullorðnu fólki eða sex ára börnum að spila við afa og ömmu,“ segir Svanhildur. „Svo hafa ekki allir jafn gaman af klassísku íslensku spurninga- og orðaspilunum þannig að við reynum að vera með sem fjölbreyttast úrval, bæði fyrir yngstu spilarana og þá elstu.“

Óhætt er að segja að reynslubanki Svanhildar og Lindu sé orðinn stór því auk þess að hafa rekið Spilavini í nokkur ár hafa þær staðið fyrir ótal spilakvöldum.

„Við förum á bekkjarkvöld og kennum börnum og foreldrum að spila, auk þess sem við stöndum fyrir spilakvöldum fyrir fullorðna tvisvar í mánuði hér í búðinni. Við viljum fá reynslu á spilin, vita hver þeirra eru góð og hver ekki og fyrir hvern þau henta. Þá er einfaldlega best að prófa þau og fá sem flesta til að segja sína skoðun,“ segir Linda.

Svanhildur er því sammála og bætir við: „Sumir vilja hraða leiki og aðrir vilja vera besservisserar á meðan enn aðrir kjósa að fá spil sem hægt er að njóta með allri fjölskyldunni. Við viljum þekkja öll spilin vel til að geta aðstoðaða fólk almennilega. Okkur er umhugað um að fólk fái sem mest út úr spilunum, þau séu spiluð sem oftast og allir skemmti sér eins vel og lengi og mögulegt er.“

Ætla má að Svanhildur og Linda hafi eytt þúsundum klukkutíma í spil frá því þær hófu reksturinn. „Það eru forréttindi að fá að vinna við það sem maður hefur ástríðu fyrir og við þreytumst aldrei á að spila,“ segir Svanhildur um leið og hún leggur niður síðustu spilin og gjörsigrar á einu bretti bæði blaðamann og ljósmyndara.

„Að segja „mér finnst ekki gaman að spila“ er eins og að segja „mér finnst matur ekki góður“,“ segir Svanhildur. „Þetta er einfaldlega spurning um að finna spilið sem hentar manni.“

Allar nánari upplýsingar um spilavini má finna á www.spilavinir.is eða í síma 553-3450, en verslunin er á Langholtsvegi 126.



**Dixit gengur út á að þáttakendur fá nokkur spil á hendi sem hvert er með einstaka mynd. Sá sem á að gera velur eitt spil, segir eina setningu eða orð, hvað sem er, svo lengi sem það tengist spilinu á einhvern hátt. Hinir spilararnir velja svo eitt spil úr eigin hendi sem setningin gæti átt við. Spilunum er safnað saman, þau stokkuð og loks lögð niður í allra augsýn. Spilarar velja þar næst eitt spil er þeir halda að sé spil þess sem sagði setninguna. Markmiðið er að velja rétt, og fyrir þann sem sagði setninguna að fá einhvern til að giska á rétt, en alls ekki alla. Setninguna verður því að velja vel. Stig eru gefin í samræmi við valið og spurningin er hver er fyrstur að koma í mark?**

**Spilinu hefur verið afar vel tekið enda sitja allir við sama borð, sama hvort þátttakandi er fimm ára barn eða sprenglærður prófessor. Þess má geta að spilið hefur hlotið fjölda verðlauna, þar á meðal spil ársins í Þýskalandi.**



Eggjadansinn hefur verið vinsæll fyrir þessi jól, enda sprenghlægilegt að sjá afa hlaupa á eftir skoppandi eggi með annað egg klemmt milli fótleggjanna.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439.

# Í stað þess að leika bílstjóra á nú að leika orkukreppu

**Activity er glænýtt borðspil frá fyrirtækinu Egilsson. Það sameinar í rauninni þrjú spil sem hafa notið mikilla vinsælda síðustu ár bæði meðal barna og fullorðinna.**



„Það er dúndurfjör þegar Actionery er spilað," lofar Erling Valur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Í nýja Activity-borðspilinu þurfa þátttakendur að leika, teikna og lýsa þegar þeir túlka orð og orðasambönd," segir Erling Valur Ingason markaðsstjóri í Office One. Hann segir nýja spilið þannig samblland af Pictionary sem margir hafi breytt í leikinn Actionery.

Reyndar segir hann Actionery aldrei hafa verið til heldur hafi fólk breytt Pictionary í það. „Í stað þess að taka upp blýantinn fór fólk bara að leika orðið," bendir hann á og lýsir spilinu nánar. „Activity gengur út á það að þátttakandi fer áfram um jafn marga reiti og erfiðleikastigið sem hann velur. Ef hann velur orð af erfiðleikastigi 3 fer hann áfram um þrjá reiti ef hann nær að lýsa orðinu, teikna eða leika. Erfiðustu orðin eru númer fimm og þátttakandi fer áfram um fimm reiti ef honum tekst að koma því til skila."

Activity er í grunninn þýskt spil, gefið út af fyrirtæki sem heitir Piatnik. „Activity er með yfirgnæfandi vinsældir í Þýskalandi þar sem það hefur selst í yfir þremur milljónum eintaka," segir Erling og tekur fram að Egilsson, sem einnig rekur verslanir Office One, sé með umboðið fyrir spilið hér á landi. „Activity hefur verið þýtt yfir á mörg tungumál og Egilsson tók af skarið og gerði það sama fyrir íslenskan markað. Við létum útbúa íslenskar leiðbeiningar og einnig yfir 2.200 hugtök," útskýrir hann.

Erling segir áherslu lagða á flóknari og fyndnari orð í Activity en áður hafi þekkst í sambærilegum spilum. „Ein ástæða vinsælda spilsins í Þýskalandi er sú að það er svo fyndið. Ótrúlegustu hugtök koma fyrir. Í stað þess að leika einföld orð eins og bílstjóra sem allir geta fattað strax. Orð eins og orkukreppa er miklu skemmtilegra. Activity er þróaðra spil en Pictionery og það er dúndurfjör þegar það er spilað," lofar hann. „Það er ekki of stutt og alls ekki of langt. Þegar ég spilaði það síðast, þá tók það ekki nema klukkutíma og við vorum sex saman í þremur liðum."

Office One-verslanirnar er að finna í Skeifunni, Smáralind, Hafnarfirði, á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi en spilið fæst ekki bara þar heldur í fjölda verslana um allt land að sögn Erlings. „Activity kom til landsins í nóvember og salan gengur vel. Þetta er nýjungin hjá okkur í ár. Við erum með nýtt spil á hverju ári."

# Kjörið við flest tilefni

Activity inniheldur um 2.200 orð og hugtök og þrjú erfiðleikastig. Það sem sker Activity úr öðrum spilum er að þrír til sextán leikmenn geta spilað á sama tíma og þess vegna er það kjörið við flest tilefni. Spilið hefur náð miklum vinsældum úti í heimi og í Þýskalandi einu hefur það selst í milljónavís.

Gangur spilsins er á þessa leið:

Teikna: Sá sem teiknar má hvorki tala né sýna látbragð en hann má þó kinka kolli og gefa liðsmönnum sínum til kynna að þeir séu á réttri leið.

Leika: Hér reynir á leikhæfileika til að lýsa orði. Leikarinn má hvorki tala né gefa frá sér hljóð.

Lýsa: Hér er listin fólgin í að umorða. Sá sem talar má hvorki nefna orðið sjálft, hluta þess eða afleiddar myndir af orðinu í lýsingunni.

Um síðustu jól kom Egilsson með Sprengjuspilið og Krakka Sprengjuspilið á markaðinn. Bæði hafa þau notið mikilla vinsælda og selst vel.

Activity mun fást um allt land og á frábæru verði fyrir jólin.



Þrír til sextán leikmenn geta spilað Activity í einu.



LEIKFÖNG • DVD • MYNDASÖGUR • SPIL • BÆKUR
NEXUS
HVERFISGATA 103 • 101 RVK
S. 552 9011 • nexus.is
WARHAMMER
TILBOÐ


STÓRI BYRJENDA KASSINN
INNIHELDUR ALLT SEM TVEIR ÞURFA TIL AÐ BYRJA AÐ SPILA.
TVÖ LIÐ, SAMTALS 74 FÍGÚRUR, REGLUR, TENINGAR OG FYLGIHLUTIR.


MÁLNINGARSETT
5 KALLAR, MÁLNING OG PENSILL.
WARHAMMER 40.000


STÓRI BYRJENDA KASSINN
INNIHELDUR ALLT SEM TVEIR ÞURFA TIL AÐ BYRJA AÐ SPILA.
TVÖ LIÐ, SAMTALS 46 FÍGÚRUR, REGLUR, TENINGAR OG FYLGIHLUTIR.


MÁLNINGARSETT
5 KALLAR, MÁLNING OG PENSILL.
NEXUS er á facebook.





Gísli gnæfir yfir undraveröld Warhammer. Hann getur þess að í spilabúð Nexus sé margt fleira spennandi á borðstólum og tekur sem dæmi Flames of War sem er nýtt spil sem byggir á síðari heimsstyrjöldinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tindátar vígvæðast

**Í Warhammer ljúkast upp dyr að spennandi heimum þar sem reynir bæði á ímyndunarafl og listræna hæfileika leikmanna.**

„Þetta eru algjörlega ímyndaðir heimar sem eiga sér enga stoð í raunveruleikanum, eins og sést best af sjálfum íbúunum, álfum, dvergum, drekum og öðrum furðuverum,“ segir Gísli Einarsson, eigandi og verslunarstjóri Nexus, um undraheima Warhammer-leikjanna.

Warhammer er yfir þrjátíu ára gamalt tindátaspil frá breska leikjaframleiðandanum Games Workshop. Leikurinn er ætlaður tveimur eða fleiri leikmönnum og skipt upp í tvö lið andstæðra fylkinga sem samanstanda af ýmiss konar fígúrum, svo sem tindátum og stórum vígvélum, sem stillt er upp á borði. Leikurinn er síðan spilaður samkvæmt ákveðnum reglum þar til önnur fylkingin hefur sigrað hina. Leiktími ræðst af herkænsku hvers og eins og fer líka eftir stærð herfylkinga, sem verða að vera jafn stórar til að byrja með.

Gísli segir að fyrir mörgum sé aðdráttarafl Warhammer þó ekki síður fólgið í módelsmíðinni sem fylgir. „Allar fígúrur, það er að segja tindátar, tæki og tól, eru úr plasti og þarf að setja saman og mála,“ lýsir hann og getur þess að því geti reynt á listræna hæfileika leikmanna, þótt ungur aldur ætti ekki að vera einhver fyrirstæða. „Þvert á móti ættu allt niður í átta ára börn að ráða við þetta og yfirleitt finnst foreldrum gott að vita til þess að þau séu að dunda sér við módelsmíðar í stað þess að hanga í tölvunni. Hægt er að fá handhæga pakka með tindátum, málningu og pensli til að komast að því hvort módel-dund henti yngsta fólkinu.“

Leikborðin smíðar síðan fólk yfirleitt sjálft frá grunni að hans sögn. „Þá er bara um að gera að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn en ég veit til þess að menn hafi notað Legókubba og pappaumbúðir til að búa til sviðsmyndina, gömul virki, skóga og þess háttar.“

Warhammer-línan leggur undir sig stóran hluta í nýrri spilaverslun Nexus. Tvenns konar útgáfur af leiknum fást, Warhammer Fantasy og Warhammer 40.000. „Fyrri útgáfan rær á svipuð mið og Hringadróttinssaga J.R.R. Tolkiens á meðan hin gerist 400 öldum seinna og svipar til Star Wars, nema hvað eyðileggingin er allsráðandi og heimsmyndin talsvert dekkri,“ útskýrir Gísli og getur þess að heimsmynd leikjanna þenjist sífellt út þar sem nýjungar bætist stöðugt við leikina. „Þær fást vitanlega hjá okkur,“ segir Gísli og brosir að lokum.

# Spilakennsla og módelgerð

Unnendur borðspila og leikja hafa ærna ástæðu til að gleðjast því í síðasta mánuði opnaði Nexus sérhæfða spilabúð. „Eftirspurnin var orðin svo mikil að við skiptum versluninni í tvennt og jukum plássið fyrir spilin umtalsvert,“ segir Gísli Einarsson hjá Nexus. „Við getum nú gert betur fyrir borðspilin, sem taka mikið pláss, og öll hin sérhæfðu spilin okkar, hlutverkaspilin, safnkortaspilin og tindátaleikina, en hvert um sig jafnast á við heilt áhugamál.“

Nýja húsnæðið er við hlið aðalverslunarinnar að Hverfisgötu 103, þar sem (spilaaðstaða) Nexus var áður til húsa. Þar er þó ekki aðeins að finna gott úrval spila, heldur sérstakt spilahorn þar sem gestum og gangandi gefst færi á að spreyta sig. „Svo erum við með stórt Warhammer-borð í búðinni þar sem leikurinn er kenndur og málningaraðstöðu þar sem menn geta fengið aðstoð við að mála módel, jafnvel einn karl gefins.“

Gísli segir að á laugardögum sé síðan opið hús í búðinni (og í sal Hugleikjafélags Reykjavíkur í sömu byggingu) og sé það ávallt vel sótt. „Hingað kemur fjöldi fólks á öllum aldri og fær aðstoð við að læra að spila og mála módelin,“ segir hann og getur þess að allir viðburðir á vegum Nexus séu auglýstir reglulega á Facebook.



Viðskiptavinir fá kennslu í módelgerð og -málun í spilabúð Nexus. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Borðspil eru vinsælasta skemmtunin í jólaboðum

**Nordic Games býður upp á fjölbreytt úrval borðspila fyrir alla aldurshópa og jafnt stóra sem smáa hópa. Meðal vinsælustu spilanna eru spilaleikurinn Ligretto, Sequence og Ticket to Ride. Guðjón Guðmundsson, eigandi Nordic Games, segir borðspil í mikilli sókn og eina vinsælustu skemmtunina í jólaboðunum.**

Guðjón lýsir nokkrum borðspilum í stuttu máli: „Sequence er skemmtilegt fjölskylduspil þar sem tilgangurinn er að vera fyrsti leikmaðurinn eða liðið sem leggur niður tvær „sequence“ – fimm spilapeninga í röð í sama lit – upp og niður eða á ská. Svipar til rommís og allir geta verið með. Þetta er eitt vinsælasta spilið á Íslandi í dag.“

Meðal nýjunga má nefna Ticket to Ride sem fæst í þremur mismunandi útgáfum: Ticket to Ride USA, TTR Europa og TTR Norðurlöndin og er að sögn Guðjóns skemmtilegt og spennandi spil fyrir alla fjölskylduna. „Leikmenn fá úthlutað lestarleiðum á milli borga og spilum með myndum af lestum á þeim. Tilgangurinn er að safna sem flestum stigum með því að tengja lestarleiðir á milli borga með lestarspilunum. Einnig er hægt að ræna spilum af öðrum leikmönnum og skora aukastig með stórborgarbónusspilunum. Frábært spil sem er auðvelt að læra og spennandi að spila.“

Ligretto er hraður spilaleikur og frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna. „Ligretto er í raun mjög einfalt spil með nokkrum einföldum reglum,“ segir Guðjón. Um leið og leikmenn hafa lært þær geta þeir unnið í því sem skiptir mestu máli: Að vera nógu snöggur. Markmiðið er að losna við öll spilin úr Ligretto-bunkanum þínum á undan andstæðingunum, með því að vera fljótari að spila út samlitum spilum í réttri talnaröð í stafla á miðju borðinu. Hraði er grundvallaratriði í spilinu. Þú verður að bregðast fljótt við. Allir leikmenn spila á sama tíma. Enginn þarf að bíða, svo enginn verður óþolinmóður.

Ligretto-kassarnir eru til í þremur mismunandi litum; rauðum, bláum og grænum. Allt að átta leikmenn geta spilað saman ef notaðir eru tveir Ligretto-kassar í mismunandi litum en allt að tólf leikmenn ef notaðir eru allir þrír litirnir,“ segir Guðjón.

Meðal annarra spila hjá Nordic Games má svo nefna hið sívinsæla Rummikub, sem nú fæst einnig sem orðaspil, og Panic Tower, kubbaspil fyrir alla aldurshópa. Ekki má gleyma barnaspilunum en þau vinsælustu eru Draugastiginn og Áfram fyrsti bekkur, Sequence for Kids, Kviss bang búmm – Töfravölundarhúsið.

Allar upplýsingar um spilin er að finna á heimasíðunni www.nordicgames.is.




**Ticket to Ride er eitt vinsælasta borðspilið fyrir þessi jól að sögn Guðjóns Guðmundssonar, eiganda Nordic Games.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Wasgij-púslin koma á óvart

Tvö Wasgij-jólapúsluspil frá Jumbo komu á markað fyrir þessi jól, Jólanótt og Sönn ást.

Í Jólanótt er allt með kyrrum kjörum að því er virðist við fyrstu sýn. Eða hvað? Af hverju er öll fjölskyldan svona skelkuð á svipinn? Ætli það sé innbrotsþjófur? Það er verkefni þess sem púslar að komast að því. Kassinn sýnir ekki lokaútkomu heldur gefur vísbendingu um hana. Sá sem púslar þarf því að nota ímyndunaraflið til að leysa gátuna. Ögrunin felst í því að lokaútkoman er í raun ekki sú sama og myndin utan á kassanum en sýnir þess í stað sjónarhorn persónanna sem þar eru.

Í Sannri ást er prinsinn mættur heim til Öskubusku á aðfangadagskvöld til að láta stúlkur máta glerskóinn sem hún skildi eftir á konunglega dansleiknum. En hvað ber framtíðin í skauti sér fyrir þetta undarlega samsafn af fólki? Það er verkefni púslarans að komast að því. Sá sem púslar þarf að spá fyrir um framtíð persónanna framan á kassanum. Eins og í Jólanótt felst ögrunin í því að lokaútkoman er ekki sú sama og myndin utan á kassanum sýnir en tengist henni samt.




Wasgij-púslin eru 500 bitar hvort og eru geysivinsæl um heim allan og skyldueign á heimili metnaðarfullra púslara.



JÓLAGJÖF VEIÐIMANNSINS
Veiðikortið fæst á N1
N1


WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000
Meira í leiðinni

Sígræna jólatréð
-eðaltré ár eftir ár!
SÍGRÆNA JÓLATRÉÐ

Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:
10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is
Skátarnir

## SPILAÐ Á JÓLUM

Púkk er ævagamalt spil sem Íslendingar hafa gjarnan spilað á jólum. Talið er að það hafi borist hingað með dönskum kaupmönnum á nítjándu öld. Vinsældir Púkksins má rekja til þess að margir geta tekið þátt í einu, allt upp í sjö manns, og leikreglur eru nokkuð einfaldar svo öll fjölskyldan getur sameinast um spilið. Spilið getur verið fjörugt og reynir á útsjónarsemi og snerpu þátttakenda en í grófum dráttum á að rekja spilastokkinn hratt niður. Sá sem klárar sín spil á hendi vinnur púkkið. Púkk er ekki óskylt póker en gjarnan er spilað með annað en peninga, til dæmis eldspýtur, kaffibaunir, tölur, lúin glerbrot eða litríkar perlur. Notuð eru venjuleg borðspil en útbúa þarf „púkkborð“ með reitum sem þátttakendur leggja undir.




Magni R. Magnússon meðan hann rak spilabúðina Hjá Magna á Laugavegi, en rekstri hennar hætti hann fyrir fimm árum.

# Þótti fínt að vera

**Kaupmaðurinn Magni Magnússon varð að kunna öll spil upp á tíu þegar hann rak spilabúðina Hjá Magna í aldarfjórðung og veit upp á hár hvaða borðspil leystu spilastokkinn af hólmi eftir miðja síðustu öld.**

„Fyrstu borðspilin voru syrpukassarnir svokölluðu sem í voru allt að fimmtíu mismunandi spil, eins og lúdó, mylla, tafl, slönguspil, damm, refskák, stjörnuspil og fleira. Syrpukassarnir voru löngu komnir til sögunnar þegar ég byrjaði að selja spil árið 1964, en fyrsta sjálfstæða borðspilið sem sló í gegn á landsvísu var Matador, sem hét í útlöndum Monopoly, en menn fóru í kringum hér og kölluðu Matador, enda þótti fínt að vera matador, eða ríkur maður,“ segir Magni, sem sjálfur byrjaði að spila Matador við fjóra vini í kringum 1950, þá á fimmtánda ári.

„Þá voru ekki til nógir peningar í Matador svo við gerðum einn að bankastjóra sem útdeildi ávísanaheftum og fengum heimild til yfirdráttar. Við vorum því komnir í útrásina langt á undan öllum öðrum,“ segir Magni og skellihlær, en Matador er enn uppáhaldsspilið hans.

„Með tilkomu Genus í Kringlunni kom spurningaspilið Trivial Pursuit árið 1980 og greip þá um sig æði meðal þjóðarinnar. Þá voru tíu þúsund spil gefin út og seldum við þúsund eintök, enda oft mikið að gera. Þá var borðspilið Óþelló einnig gífurlega vinsælt um 1970 en í því eru notaðar plötur, svartar og hvítar á sitt hvorri hlið, og tók mínútu að læra en mannsævi að þjálfa sig í enda mikil hugarleikfimi,“ segir Magni. Hann flutti einnig fyrstur inn töfrateninginn margfræga sem braut blað í gestaþrautum þjóðarinnar, en hann seldi Magni í 8.200 eintökum árið 1980.

Önnur sem Magni nefnir af uppáhaldsspilum þjóðarinnar í „gamla daga“ eru Backgammon (kotra) og Scrabble, sem bæði komu á markað um 1970.

„Um 1980 fór einnig að bera á hlutverkaspilum eins og Diplomacy sem var afar flókið og skemmtilegt, en það höfu menn að spila á föstudagskvöldi og luku ekki fyrr en á sunnudegi. Á


Krökkum þótti gaman að spreyta sig á stjörnuspilinu á árum áður.


Lúdó er skyldueign á öllum heimilum og ósvikið gaman, en það er gjarnan fyrsta borðspilið sem börn læra að spila.



Scrabble hitti strax í mark meðal íslenskra spilavina þegar það kom út um 1970 og nýtur enn mikilla vinsælda.


Þjóðin fékk strax æði fyrir spurningaspilinu Trivial Pursuit þegar það kom út 1980 en síðan hafa komið út fleiri útgáfur.

ÞAR SEM MEST Á REYNIR...

JS WATCH CO. REYKJAVIK OG LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS Í SAMSTARFI

Fyrr á þessu ári afhenti JS Watch co. Reykjavik starfsmönnum Landhelgisgæslunnar, áhöfnum loftfara, sprengjusérfræðingum og köfurum armbandsúr sem bera nafnið Sif N.A.R.T. í höfuðið á björgunarþyrlunni TF-SIF sem áætlað er að hafi bjargað um 250 mannslífum á þeim 22 árum sem hún var í rekstri.

Með verkefninu eru íslensk stofnun og íslenskt fyrirtæki að vinna saman að sameiginlegum hagsmunum, þ.e. öryggistæki fyrir Landhelgisgæsluna og vöruþróun og gæðastimpli fyrir JS Watch co. Reykjavik. Úrið er hannað og smíðað með það fyrir augum að standast þær gæðakröfur sem Landhelgisgæslan gerir til þess búnaðar sem þeir vinna með og treysta.

JS Watch co. REYKJAVIK
GILBERT ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - tel: 551-4100
JS WATCH CO. REYKJAVIK - LAUGAVEGUR 62 - 101 REYKJAVIK - ICELAND - WWW.JSWATCH.COM



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# matador

þessum árum varð að fastri reglu að hafa íslenska leiðarvísa með spilunum og varð Auður Haralds afar flink að þýða með miklum húmor textana við spilin.“

Aðspurður telur Magni Matador vinsælasta spil allra tíma meðal íslenskra spilavina. „Lúdó og slönguspilið eru auðvitað sívinsæl líka, en í gamla daga þekkti fólk ekki önnur spil en þau sem syrpukössunum fylgdu. Þessi tvö spil eru enn þau vinsælustu fyrir börn sem geta byrjað að læra á spil um þriggja til fjögurra ára aldurinn,“ segir Magni.

Enn í dag hittir Magni gömlu spilafélagana eitt kvöld í mánuði til að spila Canasta, en það er spilað úr tveimur stokkum að jókerum meðtöldum. „Canasta er bandarískt að uppruna og fundið upp handa þeim sem ekki gátu lært bridge, þótt Canasta sé mun flóknara spil. Það er gífurlega skemmtilegt en ekki á allra færi að taka slaginn. Þetta leikum við vinirnir sem höfum hist yfir spilum í sextíu ár; allir hraustir, kátir og enn með sömu konurnar,“ segir Magni glaðbeittur og hlær enn sínum dillandi hlátri. *- þlg*



Allir krakkar elska slönguspilið sem sameinar spennu, kapp og ósvikna sigurgleði.



Magni hefur mikið dálæti á Matador sem hann hóf að spila um fermingaraldur og segir það vinsælasta spil allra tíma hér á landi.



**● BANNAÐ AÐ SPILA Á JÓLUM** Íslendingar hafa gripið í spil allt frá 17. öld. Elstu spil sem til eru hér á landi eru frá 1817. Í greinasafni mbl.is er að finna greinina „Gægst í spilin“ frá árinu 1996 en þar kemur fram að í Ferðabók Eggerts og Bjarna sé getið um spil í kringum árið 1750 og þá hafi spil verið alþekkt. Ekki var spilað um peninga hér á landi fyrr en seint á 19. öld en þó tíðkaðist í fornöld að spila um peninga. Það var ólöglegt og hægt var að sækja hvern þann til saka sem spilaði um fjármuni og gera hann fjörbaugsmann samkvæmt ákvæðum í Grágás.

Ekki mátti spila á jólum og til er saga af systkinum sem sátu heima meðan heimilisfólk hélt til messu. Þau gripu í spil og kom þá til þeirra ókunnugur maður og settist við spilin með þeim. Þegar eitt barnanna fór að raula sálmalög hvarf maðurinn og þótti líklegt að þarna hefði kölski sjálfur verið á ferðinni í leit að sálum í safn sitt.

Opið frá 9 til 16 á aðfangadag,
23 á Þorláksmessu

Ellen Kristjánsdóttir og Pétur Hallgrímsson kynna nýja diskinn sinn "Let me be there" í dag kl. 16,30 og á morgun kl. 14.00 og aftur kl. 17.00

Hinn árlegi jólamarkaður Sólheima er hjá okkur í IÐU húsinu

SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

IÐA

Allar JÓLABÆKUR á kynningarverði í IÐU




kr. 1.999




kr. 4,490




kr. 3,980




kr. 3.990




kr. 2.690




kr. 4.990




kr. 3,990




kr. 2.290




kr. 2.890




kr. 3.990



kr. 3.490

★Gjafabréf frá IÐU á alltaf erindi★

þessi kynningarverð gilda til 24. des.

Lækjargata 2a 101 R.sími 5115001 opiða alla daga 9 til 22

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

## ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM



**TOSHIBA FARTÖLVA**
15,6"

### Toshiba Satellite C660-11K
- 2.4GHz Intel Core i3-370M Dual core örgjörvi
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Vefmyndavél
- Intel GMA 4500M skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**129.990**



**TOSHIBA FARTÖLVA**
17,3"

### Toshiba Satellite L670D-13T
- 2.2Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile P340
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 17.3" WXGA LED skjár
- 512MB AMD Radeon HD 5145 skjákort
- VGA myndavél í skjá
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**149.990**



INTENSO
800x600

**MYNDARAMMI**
### Intenso PHOTOMODEL7
Stafrænn 7" myndarammi. Spilar myndir beint af USB 2.0 eða kortum. Skyggnusýningar og Zoom.

**14.990**



Logitech

**LEIKJAPINNI**
### Logitech F310
Stýripinni fyrir leikina með fljótandi örvatakka og USB tengi. Má stilla með hugbúnaði. 6m kapall.

**6.990**



Logitech

**VEFMYNDAVÉL**
### Logitech HD WebCam C310
Með HD 720p upptöku, 5MP kyrrmyndatöku og hljóðnema. Virkar með skype, msn o.fl. Einn takki til að flytja efni á netið. Andlitsgreining.

**7.990**



**PRENTARI SKANNI**
EPSON
### Epson SX125
Prentari og skanni sem prentar A4 í 5760 x 1440 punkta uppl. og skannar 600 x 1200. Prentar allt að 28 bls á mín. USB. Windows og Mac.

**9.990**

WACOM



**TEIKNIBORÐ**
### Wacom Bamboo Pen A6
A6 tölvuteikniborð með penna sem virkar á Windows og Mac OS X. ArtRage 2 forritið fylgir.

**11.990**

WD



**1TB FLAKKARI**
### WD Elements 1TB
1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0.

**12.990**

Logitech



**LEIKJA MÚS**
### Logitech G9x
Laser leikjamús með LED ljósi sem gefur til kynna hvaða stillingar eru í notkun. Wide Load og Precision grip. Útskiptanlegt grip. Lóð til að stilla þyngd fylgja.

**14.990**

Panasonic



**MYNDA VÉL**
### Panasonic DMC F4
Með 12,1 milljón punkta upplausn, LUMIX Vario linsu, Digital hristivörn, 4x Optical og 4x Digital Zoom, 5.0 - 20.0mm linsu, 2.7" LCD skjá, HD hreyfimyndatöku, 50MB minni, kortarauf ofl.

**19.990**



23"
acer
**LED SKJÁR**
### Acer S231HLBD
23" Full HD LCD LED skjár með 1920x1080p upplausn, 12.000.000:1 dýnamískri skerpu, 5ms svartíma, VGA og DVI-D tengi með HDCP.

**34.990**

CORSAIR



**LEIKJA TÓL**
### Corsair HS1
Ein bestu og þægilegustu leikjaheyrnartól sem í boði eru. Frábærir dómar gagnrýnenda. Svo þægileg að að þú finnur ekki fyrir þeim á höfðinu!

**29.990**

H.264



**SJÓNVARPSFLAKKARI**
UNITED
### United HD MMP 9590
Margmiðlunarspilari fyrir innbyggðan 3,5" harðan disk. Spilar HD H.264 MKV, DTS og Dolby Digital True HD skrár. HDMI, Composite og Optical tengi. USB fyrir minnislykla og innbyggður SD/MMC kortalesari. HDMI kapall fylgir og fullkomin fjarstýring.

**19.990**

H.264



A.C.Ryan
**UPPTÖKU SJÓNVARPSFLAKKARI**
### AC Ryan Playon!DVR HD
H.264 háskerpu 1080p sjónvarpsflakkari með DVB-T móttakara, FTP stuðningi, HDMI, Component, Composite, optical tengi. Spilar efni af USB lyklum og kortum. Halar niður beint á diskinn af Bittorent ofl. NAS fyrir heimanet. Fullkomin fjarstýring.

**59.990**

**OPIÐ TIL KL. 22 ALLA DAGA TIL JÓLA Í VERSLUN OKKAR Í NÓATÚNI 17** *Opnunartíma annarra verslana má sjá á TL.IS*

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| NÓATÚNI 17 | GLERÁRGÖTU 30 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
|---|---|---|---|---|---|
| SÍMI 414 1700 | SÍMI 414 1730 | SÍMI 414 1735 | SÍMI 414 1740 | SÍMI 414 1745 | SÍMI 414 1750 |

## Fasteignir

MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA

F A S T E I G N A S A L A N

**MIKLABORG**

569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is

### Hæð í Vesturbæ Reykjavíkur

Við hjá Fasteignasölunni Miklaborg erum með kaupanda af hæð í Vesturbænum á Melum, Granda eða Högum fyrir aðila sem er búinn að selja sína eign.
Afhending er 1.maí 2011 eða fyrr.

Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur Finnbogason sölumaður í síma 822 2307 eða olafur@miklaborg.is

MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA

## Atvinna



VI FORMER NORGE

### NCC i Norge søker tunnelarbeidere

I 2009 hadde NCC i Norge en omsetning på 4,9 milliarder NOK og ca 1800 ansatte. NCC Construction AS bygger boliger, kontorer, veier, anlegg og infrastruktur.

Region Anlegg gjennomfører større anleggs-prosjekter som kraftverk, infrastruktur, oljerelatert utbygginger mv. Vi ønsker å styrke og videreutvikle vårt distriktskontor Spesialprosjekt. Distriktet har store infra-strukturprosjekter som sin spesialitet, bl.a. underjordsarbeider i form av tunneler, haller og sjakter.

Vi søker etter:
- FAGARBEIDERE
- TUNNELFORMENN
- STIKNINGSINGENIØRER

Du finner mer informasjon og utfyllende stillingsannonser på www.ncc.no/jobb

*NCCs visjon er å lede utviklingen av fremtidens miljø for arbeid, bolig og kommunikasjon.*

www.ncc.no/jobb NCC

## HÚSNÆÐI

### Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

### Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Við Stykkishólm**
Við Stykkishólm Glæsilegt nýtt og nota-legt frístundahús, til leigu næstu helgar, jól áramót og á næsta ári. Sv.pláss fyrir 7-8. Heitur pottur, gott verð. S: 660-1060 og holshus@holshus.is.

Til leigu hæð 93 fm í einbh í Vesturbæ 3ja herb m húsgögn fyrrih árs 2011 Upplýs 8411778/8680594

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Stutt í Iðnskólann og bónus. S. 892 5309.

Til leigu 65fm íbúð í hfj, 2herb, í blokk, þvottavél getur fylgt með 90Þ á mán. S. 616-2527 Atli

### Húsnæði óskast

Reyklaus og reglusamur 46 ára karl-maður í öryggri vinnu óskar eftir 2-3 herbergja íbúð á Kópavogs eða Reykjavíkursvæðinu. Góðri umgengni og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. Í síma 892 8838.

### Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggis-myndavélar. S. 555 3464.

### Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.
Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.
Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com
stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Veitingahúsið Hornið vill ráða stund-vísan og reglusaman pizzubakara sem fyrst. Vaktavinna frá 10:30 til 23:30. 22 ára og eldri, reyklausir ganga fyrir. Áhugasamir sendið inn umsókn á hornid@hornid.is

## TILKYNNINGAR

### Tapað - Fundið

Karlmannsúr, gull tapaðist í miðbæ Rvk. sunnud. 19.des. Skilvís finnandi vinsamlegast hringja í S: 861 7939.

### Tilkynningar

Allt milli himins og jarðar

**Viltu gefa? . . . Ekki henda!**
Sækjum ef óskað er
símar: 561 1000 661 6996
**Nytjamarkaður Samhjálpar**
Stangarhylur 3 110 Reykjavík
Opið alla daga kl. 13 – 18 nema laugard.og sunnud.

### Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
**Erum við meira enn áður.**

**Símadama 908 2000**
**OPIÐ**



Stefnumót.is Vandaður gjaldfrjáls vefur fyrir einhleypt fólk. Frítt textaspjall, frítt vídeóspjall.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Kona, leitar þú ævintýra? Nýttu þér ókeypis þjónustu Rauða Torgsins Stefnumót til að kynnast karlmanni við hæfi. Þú auglýsir frítt í síma 555-4321.

**Takk!**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN**

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

Meiri Vísir.



Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

vísir.is

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

Nikon

At the heart of the image

# Nikon D3100

## FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYNDAVÉL

– auðveld í notkun með Guide mode, tekur frábærar myndir og kvikmyndir í háskerpuupplausn

Nú fylgir með D3100 aukahlutapakki sem inniheldur vandaða ljósmyndabók, 4 GB minniskort og Acme Made tösku að verðmæti 14.995.-
**D3100 18-55VR kit Verð 129.995.-**




Nikon SCHOOL INTRO

**Nýjung á Íslandi!**
**Nikon skólinn**
Innifalið í kaupum er
2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR
(verðmæti: 12.000 kr.)

# I AM YOUR BEST WINTER DEAL




## MEÐ **COOLPIX S3000** TEKUR ÞÚ BETRI MYNDIR

Nú fylgir með Nikon COOLPIX S3000 aukahlutapakki sem inniheldur 4 GB minniskort og Golla tösku að verðmæti 8.995.-
**S3000 Verð 26.995.-**

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

Tilboð gildir 26. nóvember til 31. desember eða meðan birgðir endast.

SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI

Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** læra, 6. skammstöfun, 8. málmur, 9. eldsneyti, 11. tveir eins, 12. mentastofnun, 14. yfirstéttar, 16. rás, 17. hlaup, 18. kvabb, 20. tveir eins, 21. ögn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** strit, 3. tveir eins, 4. eyja í Miðjarðarhafi, 5. ról, 7. læstur, 10. sakka, 13. háttur, 15. óhapp, 16. egna, 19. tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. lesa, 6. al, 8. eir, 9. kol, 11. kk, 12. skóli, 14. aðals, 16. æð, 17. gel, 18. suð, 20. yy, 21. arða.
**LÓÐRÉTT:** 1. baks, 3. ee, 4. sikiley, 5. ark, 7. lokaður, 10. lóð, 13. lag, 15. slys, 16. æsa, 19. ðð.


FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN




FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir. visir.is


# Vitringurinn með gjafakortið

**BAKÞANKAR**
Sifjar Sigmarsdóttur



Á morgun er Þorláksmessa. Margir eiga sér tiltekna hefð þennan dag. Sumar fjölskyldur koma saman til að borða skötu, aðrar njóta samverustundar við að skreyta jólatréð. Enn aðrar hafa í heiðri gamlan sið sem á mörgum heimilum er talinn ómissandi hluti af jólahátíðinni; að hringsóla um miðbæ Reykjavíkur í leit að bílastæði.

**EFTIR** áralanga þjálfun hef ég uppgötvað hvernig á að verða sér úti um stæði í bænum síðasta verslunardag fyrir jól. Galdurinn er að svipast um eftir þreytulegum gangandi vegfaranda klyfjuðum pokum og fylgja honum eftir eins og vitringarnir fylgdu Betlehemstjörnunni forðum. Rétt eins og stjarnan leiddi vitringana að bílastæði þess tíma mun vegfarandinn á endanum leiða mann að bílnum sínum sem hann bakkar út, og „voila": Stæði.

**EF** aðeins framhald bæjarferðarinnar væri jafnauðvelt og gull, reykelsi og myrra. Algeng hliðarverkun þess að stunda jaðarsportið „að-bíða-með-gjafakaup-fram-á-Þorláksmessu" er að enda með bunka af gjafakortum í innkaupapokanum.

**ÞEIM** sem fyrst tókst að pranga gjafakorti upp á andvaralausan viðskiptavin hlýtur að teljast afbragðssölumaður. Hann fékk viðkomandi til að skipta á venjulegum peningum og gjaldmiðli sem er töluvert verðminni vegna þeirra takmarkana sem hann er háður. Þótt tíu mínútum í lokun á Þorláksmessu kunni gjafakort að virðast góð hugmynd er fjöldi ástæðna fyrir því að sneiða hjá þeim:

**1) GJAFAKORT** eru eins og peningar með minna notagildi. Peninga er hægt að nota alls staðar. Gjafakortum er hins vegar yfirleitt aðeins hægt að framvísa á útvöldum stöðum. Fylgdi afsláttur gjafakortinu fælist ef til vill sanngirni í skiptunum en sú er sjaldnast raunin.
2) Gjafakort verður að nota fyrir ákveðinn tíma. Venjulegir peningar renna ekki út.
3) Gjafakort felur í sér fyrirhöfn fyrir viðtakanda gjafarinnar. Eins og fólk eigi ekki nóg með að velja jólagjafir handa öðrum.
4) Á gjafakortum verða oft afgangspeningar sem nýtast ekki.
5) Gjafakort eru vaxtalaus. Væru fjármunirnir geymdir í banka myndu þeir ávaxtast. Í staðinn étur verðbólga upp inneignina.
6) Gjafakort ber vott um uppgjöf gefandans. Í kortinu gæti staðið: „Gleðileg jól, ég gefst upp."

**SÁ** hefði þótt slappur vitringur sem gaf Jesúbarninu gjafakort í verslunarmiðstöðinni í Betlehem í stað gulls, reykelsis og myrru.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott





einfalt að skila og skipta

# ALLAR NÝJUSTU BÆKURNAR
# Á BETRA VERÐI




30% afsláttur
2.780KR.
3.990*KR.

ÁRITUN Í DAG
Smáralind kl. 15:30
Kringlunni kl. 17




25% afsláttur
3.740KR.
4.990*KR.

ÁRITUN Í DAG
Smáralind kl. 17
Kringlunni kl. 19




25% afsláttur
5.240KR.
6.990*KR.




30% afsláttur
2.790KR.
3.990*KR.




30% afsláttur
3.970KR.
5.690*KR.




32% afsláttur
3.970KR.
5.890*KR.




25% afsláttur
3.370KR.
4.499*KR.

ÁRITUN Í DAG
Smáralind kl. 18




30% afsláttur
2.790KR.
3.990*KR.




30% afsláttur
4.190KR.
5.990*KR.




30% afsláttur
4.890KR.
6.990*KR.

ÓTTAR OG GUNNLAUGUR
ÁRITA Í DAG
Kringlunni kl. 18




30% afsláttur
3.970KR.
5.690*KR.




25% afsláttur
4.490KR.
5.990*KR.

*Upprunalegt verð

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir 22. desember á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð






Fimmtíu einsöngvarar og þrjátíu hljómsveitir koma við sögu á plötunni ásamt Ómari. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lögin og textarnir héldu mér vakandi undir stýri

**Safnplatan Ómar í hálfa öld gefur góða mynd af íslenskri tónlistarsögu síðustu fimmtíu ár.**

Ómar Ragnarsson er einhver afkastamesti laga- og textahöfundur landsins og eftir hann liggja á annað þúsund verk á því sviði. Hann þurfti því að leggja mikið á sig til að koma út safnplötu sem spannar fimmtíu ára feril í tilefni af sjötíu ára afmæli sínu á árinu. Það hafðist og hefur platan Ómar í hálfa öld að geyma 72 vandlega valin lög á þremur diskum.

„Höskuldur Höskuldsson hjá Senu fór í það verkefni að finna á hvaða diskum lögin mín væri að finna og lét mig hafa um þrjú hundruð laga lista. Ég vissi svo um fleiri og hafði á endanum úr á fjórða hundrað lögum að velja, en það eru einungis þau lög sem hafa verið gefin út. Mér var svo falið að velja úr og grafa upp texta en fæsta þeirra hafði ég skrifað niður og suma kannaðist ég bara alls ekki við eins og til dæmis textann við lagið Frelsi með Mánum. Það lag varð hins vegar að vera á plötunni enda í raun eina íslenska hippalagið.“

Ákveðið var að setja lögin upp í tímaröð og er fyrsta lagið sem Ómar fékk borgað fyrir fremst. „Þetta er svo eins konar sögudiskur sem segir sögu íslenskrar tónlistar og þjóðlífs síðastliðin fimmtíu ár. Þá má fylgjast með þróun einstakra listamanna,“ segir Ómar og nefnir Björgvin Halldórsson sem dæmi. „Ég samdi fyrsta textann fyrir hann og hann kemur síðan þrívegis aftur við sögu.“

Ómar syngur um fjörutíu prósent laganna, ýmist einn eða með öðrum. „Að öðru leyti er þetta landslið íslenskra söngvara og hljómsveita síðustu áratugina en ég gerði til að mynda fyrstu textana fyrir Hljómsveit Ingimars Eydal, Vilhjálm Vilhjálmsson, Ellý

> Á löngum ferðalögum var ég stundum orðinn hættulega syfjaður við stýrið en ef ég var að glíma við krefjandi lög og texta hélt ég mér glaðvakandi.
>
> ÓMAR RAGNARSSON

Vilhjálms og fleiri. Þá eru þarna lög með hljómsveit Jans Morávek, sem var einn af þessum tónlistarmönnum sem settu svip sinn á fyrstu árin eftir stríð, KK sextett, Hljómsveit Svavars Gests, Lúdó sextett, Þuríði Sigurðardóttur, Fiðrildi, Brimkló, Mánum, Álftagerðisbræðrum og fleirum,“ upplýsir Ómar. Á heildina koma um 50 einsöngvarar og sönghópar og um 30 hljómsveitir við sögu, sem sýnir einna best hversu víða hann hefur komið við.

Aðspurður segist Ómar vitanlega misánægður með þau verk sem eftir hann liggja. „Textinn við lagið Ævintýri fór alltaf svolítið í taugarnar á mér og mér skilst að Björgvin Halldórsson hafi ekki verið allt of ánægður með flutninginn sinn heldur. Það ævintýri gerði hann hins vegar að poppstjörnu Íslands svo það var ekki annað hægt en að hafa það með. Ég er líka löngu búinn að taka það í sátt.“ En hvaða lög og textar skyldu vera í mestum metum? „Það er ekki gott að segja en ef við tökum þau lög sem eru mest sungin við jarðarfarir og brúðkaup sem dæmi þá eru það Íslenska konan, Brú yfir boðaföllin og Þú ein með Hljómum.

Spurður hvort það geti talist eðlilegt að afkasta svona miklu segir Ómar svo vera. „Þetta hefur verið vinnan mín í fimmtíu ár svo það held ég að geti alveg verið. Mörg af lífseigustu lögunum hef ég svo samið á ferðum mínum um landið en eftir að ég fór að vinna á Stöð 2 varð ég eins konar einyrki og ferðaðist einn með kvikmyndatökuvélina. Á löngum ferðalögum var ég stundum orðinn hættulega syfjaður við stýrið en ef ég var að glíma við krefjandi lög og texta hélt ég mér glaðvakandi.“

Ómar segist hvergi nærri hættur að semja og á efni til að gera mun fleiri plötur. „Við ákváðum að hafa engin jólalög á þessari plötu en ég gæti þess vegna gefið út 72 laga jóladisk.“ **- ve**

markhonnun.is

# nettó
*gleðjumst saman um jólin*




uppselt hjá útgefanda

PARTÝ ALIAS
**5.798kr**




38% afsláttur

STELPUR!
Kristín & Þóra Tómasdætur
**3.094kr**
áður 4.990 kr




35% afsláttur

ÁRNI MATT
Þórhallur Jósepsson
**4.219kr**
áður 6.490 kr




35% afsláttur

HRINGNUM LOKAÐ
Michael Ridpath
**3.699kr**
áður 5.690 kr




40% afsláttur

MAÐURINN SEM...
HJORTH ROSENFELDT
**3.408kr**
áður 5.680 kr




35% afsláttur

ÉG MAN ÞIG
Yrsa Sigurðardóttir
**3.829kr**
áður 5.890 kr




35% afsláttur

DRAUMARÁÐNINGABÓKIN
Símon Jón Jóhannsson
**4.219kr**
áður 6.490 kr




38% afsláttur

SVAR VIÐ BRÉFI HELGU
Bergsveinn Birgisson
**3.274kr**
áður 5.280 kr




40% afsláttur

STELPUROKK
Bryndís Jóna Magnúsdóttir
**2.394kr**
áður 3.990 kr




**GJAFAKORT NETTÓ**
GÓÐ GJÖF FYRIR ALLA




30% afsláttur

JÓNÍNA BEN
Sölvi Tryggvason
**2.786kr**
áður 3.980 kr




40% afsláttur

STORMURINN
Björgvin G. Sigurðsson
**2.388kr**
áður 3.980 kr




40% afsláttur

ÞAÐ SEM SKIPTIR MÁLI
Pétur Guðjónsson
**1.794kr**
áður 2.990 kr




40% afsláttur

BÓKIN UM HAMINGJUNA
Pétur Guðjónsson
**1.794kr**
áður 2.990 kr

Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

GILDIR **22. – 23.** DESEMBER

# Héldu að ég væri einhver rugludallur

**Í bókinni Birgir Andrésson í íslenskum litum er sögð saga listamanns sem var í senn þjóðlegur og alþjóðlegur. Fréttablaðið birtir hér brot úr bókinni.**



**BIRGIR ANDRÉSSON** Kofarnir okkar eru frá sama tíma og hallirnar í Feneyjum,. Við þurfum bara að grafa þá upp úr moldinni.

Ég ólst upp á Blindraheimilinu og held þetta hafi byrjað þar. Mörgum þykir það svolítið skrýtið að fara í myndlist og vera alinn upp á Blindró. En ég held það hafi verið eini möguleikinn.

Þetta var svona lýsingasamfélag. Fólk kom í kvöldkaffi til mömmu og pabba og sagði sögur af skrýtnum mönnum. Oft var ekki einu sinni kveikt ljós enda voru allir blindir nema ég. En maður hlustar betur í myrkri. Og ég sat oft í myrkrinu og hlustaði.

Núna eru svona heimsóknir liðin tíð. Kvöldkaffi heldur bara vöku fyrir fólki.

Pabbi var bólstrari og það gat verið forvitnilegt að heyra hann tala við blinda kollega sína um einhver ný patent í iðninni. Þeir þurftu að útskýra fyrir hver öðrum hvernig hluturinn var og virkaði. Þeir gátu ekki teiknað hann upp hver fyrir annan eða skoðað ljósmynd. Orð voru því notuð. Lýsingarnar voru æði skrautlegar. Og svo sögðu þeir: Jaaá, þú átt við það!

Þarna liggur kannski grunnurinn að myndlist minni.

Einu sinni kom á Blindró hálfpartur af manni frá Finnlandi – hann var svo lítill. Hann hafði verið sýningaratriði í Sirkus og var blindur þar að auki. Hann hét Manu og hélt sýningar á Röðli og víðar þar sem hann fór í gegnum hring. Hann kom á þorrablót á Blindró. Árshátíðir og þorrablót á Blindró voru mjög skemmtileg. Maður beið í marga mánuði. Fólkið borðaði í mötuneytinu og svo var farið niður í burstagerð. Og þangað kom Manu í sundskýlu. Það var búið að setja dýnu, sem pabbi reddaði, á gólfið og hann fór tvöfaldur í gegnum stálhring. Nema hvað, ég þurfti að lýsa þessu fyrir blinda fólkinu. Þá heyrðist úr salnum: Og hvað er hann að gera núna?

Þegar skemmtiatriðin voru búin var slegið upp balli. Þá fékk ég að spila með hljómsveitinni sem var skipuð blindum músíköntum, sló með kjuðum í sembala, alveg út úr takti. Og mamma og pabbi dönsuðu. Þetta var blint stuð.

...

### Moldarkofar í Feneyjum

Birgir Andrésson sýndi á Feneyjatvíæringnum árið 1995 en það er stærsta myndlistaruppákoma heims.

Nálægðarþemað var í brennidepli hjá Birgi í Feneyjum. Hann sýndi blýantsteikningar eftir ljósmyndum af fornleifauppgröftri, gömlum húsatóftum. Teikningarnar líta út eins og eldfornt letur, hugsanlega rúnir, sem eru okkur illskiljanlegar.

– En punkturinn er að þessir kofar okkar eru frá sama tíma og hallirnar í Feneyjum, segir Birgir. Við þurfum bara að grafa þá upp úr moldinni.

Birgir sýndi einnig íslenska þjóðfánann prjónaðan úr íslenskri ull.

– Stelpurnar í Handprjónasambandinu gerðu fánana fyrir mig. Þær hlógu nú fyrst að mér. Héldu að ég væri einhver rugludallur – sem maður er auðvitað ekki. En mig hefur síðan alltaf langað til að láta þær prjóna fyrir mig jakkaföt úr mórauðum lopa. Það var sérstaklega ein kona sem prjónaði fyrir mig. Það var alltaf svo góð lykt af fánunum þegar ég fékk þá og ég hélt þetta væri ilmvatnið hennar. En þá var þetta einhver sérstök lopasápa. Þessi kona bankaði í mig á Kaffi List einhvern tímann og spurði hvort ég héti Birgir. Jú, sagði ég. Já, ég hef verið að prjóna svolítið fyrir þig, sagði hún.

Ég sýndi líka lýsingar á landslagi.

Það kom fólk út af sýningunni minni á Bíennalnum sem hristi mikið hausinn. En aðrir voru ánægðir.

– Hvað gerði Tvíæringurinn fyrir þig?

– Ekkert voðalega mikið. Að mörgu leyti kunnum við ekkert á hvernig svona hlutir fúnkera. Þegar við vorum á leiðinni heim var viðkvæðið: Voðalega er það gott að þetta skuli vera búið.

En þá hefði ævintýrið átt að vera að byrja.

Eftir Bíennalinn hafði galleristi í París samband við mig og bað um að ég gæfi fána suður til Sarajevo. Ég sagði að það væri allt í lagi að gefa þeim fána því ef þeir færu að stríða aftur þarna suður frá þá gætu þeir vafið sig inn í fánana því þetta væru hlýjustu teppi sem hægt væri að fá.

...

### Stórt bréf

Í stuttum texta í sýningarskrá sem kom út í tilefni af sýningu Birgis á Nýlistasafninu 1993 segir hann meðal annars að það þurfi ekki að vera svo bagalegt að verða blindur á þá þekkjanlegu hluti og þá endurteknu lestrarhefð er viðgengst í heimi okkar sjáandi, en að vera blindur og þá um leið að gera sig blindan gagnvart sjálfum sér og sinni eigin arfleifð viti ekki einungis á illt heldur á útskúfun þess er býr neðar moldu í sjálfum þér. Það er sjaldgæfur þungi í þessum orðum Birgis og raunar leggur hann ekki oft út af verkum sínum með svo beinskeyttum hætti. Textinn í sýningarskránni segir sögu Helga frá Grund. Þegar Helgi settist að á Blindraheimilinu segir Birgir að það hafi orðið breytingar á högum sínum, hann fór meðal annars að skynja myndlist. Upptökin að einu af þeim verkum Birgis sem fjalla um letur og lestur eru einmitt hjá Helga. Frá atburðinum er sagt í texta sýningarskrárinnar og í bókverki sem Birgir gaf út um Helga árið 2006. Helgi vildi skrifa bréf. Birgir var því sendur í allar verslanir í grenndinni til að fá gefins pappakassa með áprentuðum stöfum. Þeir stafir sem komu helst til greina urðu að vera í það minnsta þrír sentimetrar á hæðina og vel feitir, öðruvísi var erfitt að greina þá, segir Birgir. Þeir Helgi klipptu út stafi í margar vikur og smám saman eignuðust þeir nokkurt safn af öllum gerðum og stílum. Birgir var þá sendur eftir rúllu af maskínupappír og hófust þá skriftir. Stafirnir voru límdir samviskulega niður á pappírinn eftir tilsögn Helga:

Komið þið nú öll sömul sæl og blessuð. Mér líður vel.

Þessi einfaldi inngangur bréfsins reyndist skaga hátt upp í einn metra. Þetta fyrsta bréf náði því hvorki að verða heilt né hálft.




**MANNLÝSING (2005)**

### SKRÁÐI STÓRMERKILEGAR SÖGUR BIRGIS

**Birgir Andrésson** (1955-2007) var einn af merkustu listamönnum Íslands samtímans. Áður en hann lést um aldur fram átti **Þröstur Helgason** við hann mörg viðtöl þar sem hann skráði sögur sem Biggi hafði að segja. Hér er ekki um hefðbundna ævisögu að ræða heldur umfjöllun um feril hans sem krydduð er með óborganlegum sögum Bigga af sjálfum sér og samferðamönnum hans. Höfundur bókarinnar Þröstur Helgason er með MA-gráðu í íslenskum bókmenntum og var menningarritstjóri Morgunblaðsins í meira en áratug. Bókin er gefin út af forlaginu Crymogeu.





ÞÚ GÆTIR FENGIÐ GJÖF FYRIR ALLA Í FJÖLSKYLDUNNI

Allir sem kaupa gjafakort fara í pott og geta átt von á miðum á frumsýningu **fyrir alla fjölskylduna!**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# GJAFAKORT Í ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ ER FRÁBÆR JÓLAGJÖF




## ALMENNT GJAFAKORT

Gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.

Fjöldi glæsilegra sýninga í boði!

**Hátíðartilboð 3.500 kr.**




## BALLIÐ Á BESSASTÖÐUM

Nýtt og sprellfjörugt barnaleikrit eftir Gerði Kristnýju.

Frábær jólagjöf fyrir alla krakka!

**Hátíðartilboð 2.800 kr.**

## GEFÐU GÓÐAR STUNDIR

**Ekkert mál að kaupa kort**

Miðasala Hverfisgötu | 551 1200 | leikhusid.is | midi.is

Opið í miðasölunni 10-18

**Þorláksmessa 10-22**

**Aðfangadagur 10-12**

# Hér gerist aldrei neitt

Bækur ★★★

**Snjóblinda**

Ragnar Jónasson

Snjóblinda er önnur sakamálasaga Ragnars Jónassonar. Sú fyrsta, Fölsk nóta, kom út í fyrra og kynnti til leiks Ara Þór Arason, sem einnig er söguhetjan í Snjóblindu. Nú er hann útskrifaður lögreglumaður og ræður sig til starfa norður á Siglufirði rétt fyrir jól í miklum snjóþyngslum sem leggjast á sálina. Honum leiðist, á í stríði við kærustuna fyrir sunnan og finnst bæði bærinn og starfið fábreytt og lítið gefandi. Eitt morð og ein líkamsárás með nokkurra daga millibili, sem bæði virðast tengjast leikfélagi bæjarins, breyta því snarlega og bæði Ari og lesandinn fá nóg um að hugsa.

Ragnar hefur þýtt bækur eftir Agöthu Christie og hefur greinilega margt af henni lært. Áherslan er öll á persónulýsingar fólksins sem tengist glæpunum á einhvern hátt, sem og lögreglumannanna sem þá rannsaka. Inn á milli er skotið lýsingum á inbroti og líkamsárás sem ekki virðast tengjast efni sögunnar, en gera það svo auðvitað að lokum og hjálpa til við lausn gátunnar.




Persónugalleríið í Snjóblindu er nokkuð fjölbreytt. Þetta er Christie-plott með persónum sem allar tengjast innbyrðis í gegnum leikfélagið. Allar eiga persónurnar leyndarmál úr fortíðinni og flestar eiga harma að hefna. Ragnari tekst vel að draga upp skýra mynd af hverri og einni og skammta upplýsingar til lesandans á þann hátt að hann þyrstir í að lesa meira og komast að því hvað hver persóna hefur að fela. Ari sjálfur er trúverðug og sympatísk persóna sem lesandinn stendur með, sem er auðvitað grundvallaratriði í því að svona sögur virki.

Sagan er mjög vel byggð og prýðilega skrifuð. Spennan er byggð upp hægt og bítandi og eins og við á í sakamálasögu af þessari gerð stendur lesandinn sig að því að gruna hverja persónuna á fætur annarri um ódæðin. Lausnin er snjöll og kemur gjörsamlega á óvart, sem er mikill og allt of fáséður kostur í sakamálasögum.

Sú útjaskaða klisja að hér sé kominn fram höfundur sem athyglisvert verði að fylgjast með í framtíðinni segir ekki mikið en það er alveg ljóst að Ragnar kann að byggja góða sakamálasögu, hefur tilfinningu fyrir stíl og málfari og skapar trúverðugar og áhugaverðar persónur, svo jú, það verður áhugavert og skemmtilegt að fylgjast með því sem frá honum kemur í framtíðinni. Hann gæti meira að segja blandað sér hressilega í slaginn um krónprins- og kóngstitilinn sem einhver blessaður gagnrýnandinn setti í gang meðal íslenskra krimmahöfunda.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Vel byggð, vel stíluð og spennandi sakamálasaga með góðri persónusköpun og lausn sem kemur lesanda algjörlega í opna skjöldu.



**SIGURÐUR SVAVARSSON OG GUÐRÚN MAGNÚSDÓTTIR HJÁ OPNU** Sigurður segir tímalaus rit á borð við Íslenska þjóðhætti hafa náð „költ" stöðu hjá yngri lesendum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Uppseldir þjóðhættir

Bókin Íslenzkir þjóðhættir eftir Jónas frá Hrafnagili er uppseld hjá útgefanda. Að sögn Sigurðar Svavarssonar hjá Opnu, sem endurgefur bókina út, hafa alls þrjú þúsund eintök selst. Ákveðið var að prenta ekki fleiri eintök fyrr en eftir áramót. „Bók séra Jónasar mun líka vafalítið seljast afskaplega vel á næsta ári, eins og matreiðslubók Helgu Sig sem enn er í mikilli sölu á sínu öðru ári," segir Sigurður.




Hann segir tímalaus rit á borð við bækur Jónasar og Helgu leita í tvo farvegi.

„Annars vegar nálgast menn þessa fornu snilld sem nauðsynlega bita úr menningarsögunni sem þurfa að vera til á hverju heimili, og hins vegar eru þær orðnar nokkurs konar költ meðal ungs fólks sem finnst þessa forna snilld alveg frábærlega skemmtileg lesning, einkum bók séra Jónasar."

**- bs**






# Þvælst í tíma og rúmi

Bækur ★★★★

**Sjáðu svarta rassinn minn**

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir og Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir

**Hið ósagða fært í orð**




Sjáðu svarta rassinn minn er þjóðsagnasafn sem systurnar Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir og Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir hafa tekið saman. Í bókinni eru sagðar fimm sögur sem allar fjalla um ráðagóðar og skarpskyggnar kvenhetjur.

Þórey Mjallhvít er höfundur mynda, en Brynhildur endurskrifar sögurnar á nútímamáli. En hún lætur ekki þar við sitja heldur lengir hún sögurnar og fyllir í eyðurnar. Þannig ljær hún persónum bæði tilfinningar, drauma og markmið.

Vatnslitamyndir Þóreyjar eru dálítið óvenjulegar, fallegar og oft þrungnar bæði hreyfingu og tilfinningu. Þær eru ekki í algengum glansmyndastíl barnabóka, sem er indælt þegar maður hefur vanist því.

Þótt um myndabókarbrot sé að ræða er textinn í bókinni langur og þéttur og því ekki ætlaður þeim allra yngstu, nema í fylgd með fullorðnum. Kápan er ekki mjög aðlaðandi og leiðinlegt að engin hinna fræknu kvenna sem bókin segir af prýði hana. Vonandi ratar bókin samt til sinna – hún er bráðskemmtileg.

**Niðurstaða:** Lífleg endursögn og falleg myndlýsing glæða þjóðsögur nýju lífi.

Bækur ★★

**Rikka og töfrahringurinn á Indlandi**

Hendrikka Waage og Inga María Brynjarsdóttir

**Tilþrifalítill töfrahringur**




Rikka og töfrahringurinn á Indlandi er önnur bók Hendrikku Waage og Ingu Maríu Brynjarsdóttur um Rikku og töfrahringinn. Hún segir af Rikku sem á töfrahring sem þeytir henni um heiminn og skoðar hún helstu sögustaði þeirra landa sem hún heimsækir. Hringurinn hefur sjálfstæðan vilja og kippir Rikku og förunauti hennar milli staða fyrirvaralaust.

Þetta er einn helsti galli bókarinnar. Hver opna bókarinnar sýnir nýjan stað og að fletta í gegnum söguna er eins og að sitja undir glærusýningu frá ferðamálaráði Indlands. Hvorki Rikka né förunautur hennar, Rahul, hafa vott af persónuleika, og hafa engin sjálfstæð markmið.

Úr því að frásögnin er svona tilþrifalítil hlýtur athyglin að beinast að myndunum. Þær eru að sönnu litfagrar og sniðugar – sér í lagi nafnlaus dýr sem þvælast á hverri einustu síðu eins og títt er um barnabækur af þessum toga – en verða eins og frásögnin dálítið ópersónulegar. Rikka breytir til dæmis ekki um svip alla bókina, heldur gapir brosandi af hverri síðu.

**Niðurstaða:** Heldur bragðlitlar bókmenntir.




Bækur ★★★★

**Loðmar**

Auður Ösp Guðmundsdóttir og Embla Vigfúsdóttir

**Á milli síðnanna**

Bókin um Loðmar eftir Auði Ösp Guðmundsdóttur og Emblu Vigfúsdóttur segir af Loðmari sem býr aleinn og yfirgefinn á fyrstu opnu bókar, allt frá prentun og þar til lesandinn mætir til leiks. Loðmar býður lesandanum að kanna með sér næstu opnur.

Í bókinni reynast svo búa hin ýmsu kvikindi sem hafa búið í einhvers konar samfélagi þar til Loðmar og lesandinn ganga fram á þau. Ógurlegt skrímsli, Gímaldið, losnar úr fjötrum fyrir klaufaskap Loðmars og öll sagan er í voða.

Bókin er tilraunakennd að öllu leyti – texti, myndir, uppsetning og efni. En tilraunin heppnast, úr verður vinalegt rugl sem vekur lesendur á öllum aldri til umhugsunar um eðli skáldskaparins jafnframt því að skemmta þeim með líflegum texta og smáskrýtnum myndum.

Aftast eru orðskýringar sem virðast eiga að auðga orðaforða lesanda. Það lýsir nokkru vantrausti á getu þeirra til að gera það sjálfir í gegnum bókmenntatexta, sem er leitt í svo bókmenntalegri bók.

**Arndís Þórarinsdóttir**

**Niðurstaða:** Fín bók til samlesturs foreldra og barna – aftur og aftur.





# Allt fyrir líkamsræktina!
# Í JÓLAPAKKANN!



1.490

**ENERGETICS FITNESSBAND**
Æfingateygjur. 4 mismundandi stífleikar.



4.990

**ENERGETICS YOGA MATTA**
Jógadýna með tösku.



2.690

**ENERGETICS PUSH UP GREP**
Handföng fyrir armbeygjur.



3.990

15.990

**ENERGETICS SANDS FYLLD 25 KG** Boxpúði. Þyngd: 25 kg.
**ENERGETICS SLAGH TRAINING GLOVE**
Þynnri boxhanskar fyrir æfingar.



1.690

**ENERGETICS HOPPREP SPEED**
Sippuband með mjúkum og þægilegum handföngum.



2.990

**ENERGETICS FIT TRAINING GLOVE**
Lyftingagrifflur með styrkingum í lófum og teygjanlegar yfir handarbakið.
Dömu- og herrastærðir.



13.990

**RYKA TRANSITION**
Æfingaskór með sóla með góðu gripi og dempun. Mjúk Ortholite-innlegg með lyktareyðandi efni. Dömustærðir.



3.990

**ENERGETICS GYMBALL**
Æfingabolti. 65 og 75 cm.



74.990

FÆST EINGÖNGU Í LINDUM

**ENERGETICS ET 4.5**
Fjölþjálfi. 8 viðnámsstillingar, stillanleg fótstig og púlsmælir í handföngum. Skjár sýnir hraða, vegalengd, tíma, kaloríubrennslu og púls.

INTERSPORT

**OPIÐ TIL 22:00 Í KVÖLD Í ÖLLUM VERSLUNUM INTERSPORT**

**AKUREYRI SÍMI 460 4890** / OPIÐ: 22. des. 10-22 / 23. des. 10-22 / 24. des. 10-13 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** / OPIÐ: 22. des. 10-22 / 23. des. 10-23 / 24. des. 10-13 **LINDUM SÍMI 585 7260** / OPIÐ: 22. des. 11-22 / 23. des. 11-23 / 24. des. 10-13
**SELFOSSI SÍMI 480 4611** / OPIÐ: 22. des. 10-22 / 23. des. 10-23 / 24. des. 10-12 **SMÁRALIND SÍMI 585 7240** / OPIÐ: 22. des. 11-22 / 23. des. 11-23 / 24. des. 10-13

Vöruúrval er misjafnt eftir verslunum. Allar vörur fáanlegar í LINDUM og á BÍLDSHÖFÐA!

EXPO • www.expo.is

**Ég vil hjálpa með 100 krónum á mánuði.**

Ég skrái mig með SMS- skilaboðunum FHI í síma 1900 og eftir það styrki ég Fjölskylduhjálp Íslands með 100 krónum á mánuði.

Viðkomandi fær svo sent eitt SMS á mánuði sem kostar 100 krónur sem færist á símareikning um hver mánaðarmót.

Öll símafyrirtækin gefa sína þjónustu.

Í gær var Habbý
Hver verður í dag?
Jóladagatal Norræna hússins 1.-23. des. kl: 12.34




FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VERTU MEÐ VIÐSKIPTIN Í RASSVASANUM

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir. vísir.is



**GUNNAR HERSVEINN** Margir eru haldnir sektarkennd yfir því að hafa látið sefjast. Undir niðri vissu Íslendingar að efnishyggjan var röng. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Heiðarleiki krefst æfingar

**Í bókinni Þjóðgildin rýnir Gunnar Hersveinn, heimspekingur og rithöfundur, í gildin sem komu fram á þjóðfundinum í nóvember 2009. Hann segir að borgaraleg vitund sé stöðug vinna og að almenningur megi ekki sofna á verðinum, eins og henti á árunum fyrir hrun.**

Þjóðgildin eru sjálfstætt framhald bókanna Gæfuspor og Orðspor, sem fjalla um gildin í lífinu og samfélaginu. Gunnar Hersveinn segir að eftir hrun hafi verið óhjákvæmilegt að fylgja þeim eftir með þessari bók.

„Eftir hrun fór ákveðin gerjun í gang og allir fóru að hugsa um gildin; hver er ég og hvernig samfélag vil ég búa til? Það var að verða til nýr tíðarandi og mér fannst þessi bók kjörið innlegg inn í þá umræðu. Fyrri bækurnar tvær þjónuðu sem heppilegur undirbúningur og ég vissi að ég hefði einhverju að miðla.

Þegar ég gaf út Orðspor var gamli tíðarandinn á fullu, andi sem einkenndist af framsækni og græðgi. Eftir hrun myndaðist jarðvegur fyrir allt aðra stemningu, jöfnuð og jafnvel nægjusemi. Ég vildi gera grein fyrir þeim tíðaranda, lyfta honum upp og benda á hvernig fólk gæti unnið með hann. Ég fjalla um gildin sem viska fjöldans valdi á þjóðfundinum 2009, reyni að setja þau skýrt fram og tek ákveðna afstöðu sem um leið er opin fyrir áframhaldandi umræðu. Það er alltaf markmiðið, að virkja aðra til að taka þátt í umræðunni; að efla borgaravitund og virkja hana.

> Vissulega er hægt að tengja frelsi saman við græðgi en það leiðir ekki til neinnar gæfu. Og það er þetta sem hver og einn spyrja sig: eru þau gildi sem ég vil tileinka mér uppbyggjandi eða rífa þau niður?

### Baráttan um gildin

Gunnar Hersveinn bendir á að það sé eitt að aðhyllast ákveðin gildi í orði kveðnu, annað að fylgja þeim eftir og lifa samkvæmt þeim. Eins sé ávallt ákveðin valdabarátta um ákveðin gildi þar sem ákveðnir hópar vilji eigna sér sum þeirra og jafnvel misnota þau. Það hafi til dæmis gerst með frelsið.

„Við getum nefnt frjálshyggjuna um afl sem hefur reynt að eigna sér hugtakið og gert sína skilgreiningu á því að ríkjandi viðmiði. Eða Bandaríkjaforseta, sem í gegnum tíðina hafa ávallt farið inn í önnur lönd í því yfirlýsta markmiði að frelsa íbúa þeirra. Þetta er það sem kallað er skilgreiningarvald.

Í bókinni bendi ég á að þetta snýst meira um sjónarhorn en sjálft hugtakið. Hugtak er í rauninni bara rammi sem við smíðum utan um ákveðna hugmynd eða fyrirbæri sem hjálpar okkur að skilja það. Það er hins vegar sjónarhornið sem við veljum sem ræður því hvernig við vinnum með hugtakið eða miðlum því. Og sjónarhornin á frelsi eru mörg og ólík.“

Gunnar Hersveinn leggur áherslu á að gildi á borð við frelsi standi aldrei sjálfstæð, heldur tengist ávallt öðrum gildum.

„Margir gera þau mistök að halda að frelsi sé hugtak sem geti bara staðið eitt og sér. Þannig lagði Viðskiptaráð Íslands til dæmis til að Ísland yrði „frjálsasta land í heimi“, sem er merkingarlaus tillaga og ómöguleg í framkvæmd. Ég tengi frelsi við önnur hugtök, til dæmis ábyrgð og kærleika. Það stendur einhvers staðar að frelsi án kærleika sé einskis virði. Vissulega er hægt að tengja frelsi saman við græðgi en það leiðir ekki til neinnar gæfu. Og það er þetta sem hver og einn spyr sig: eru þau gildi sem ég vil tileinka mér uppbyggjandi eða rífa þau niður? Vinna þau með lífinu eða á móti þeim? Græðgi eða aðrir lestir vinna til dæmis gegn hamingjunni, rétt eins og ákveðið líferni vinnur gegn líkamanum.“

### Hlustum á okkar innri rödd

Einstaklingshyggjan hefur sjálfsagt aldrei verið jafn sterk og á undanförnum árum. Gunnar Hersveinn minnir hins vegar á þá þversögn að um leið hefur ein-



staklingsmeðvitundin sjaldan verið jafn lítil.

„Skilaboðin frá umheiminum eru: við sjáum um þetta fyrir þig, ekki hafa áhyggjur. Og smám saman nær firringin völdum; fólk hættir að taka þátt í lýðræðinu, verður sinnulaust og hefur ekki sjálfstæða skoðun á hlutunum.

Þetta tengist ákveðnu uppeldi. Það má kannski líkja þessu við heimildarritgerð í skóla, þar sem maður má aldrei segja neitt án þess að hafa heimild fyrir því; hvað hafa aðrir sagt um málið. Það ætti í rauninni að snúa þessu við. Hver og einn ætti að grafast fyrir um eigið viðhorf til málanna: hvað finnst mér sjálfum? Þetta er uppgötvunarnám í anda Platóns og Sókratesar. Þetta er ekki dulspeki eða neitt slíkt, en það er einhver innri rödd í okkur öllum sem við eigum að hlusta á og virða. Það er óspaklegt að allar manns skoðanir hafi þurft að vera skráðar af einhverjum öðrum til að öðlast réttmæti. En um leið verður maður að gæta þess að tapa sér ekki í afstæðishyggju og halda að það sem manni sjálfum finnst, hljóti að vera rétt. Þá er maður strax kominn í ógöngur.“

Jafnvægi er orð sem Gunnar Hersveinn hefur í hávegum. „Það er enginn einn sem hefur rétt fyrir sér þannig séð; það þarf að búa til ákveðið jafnvægi milli skynsemi, tilfinninga, aðstæðna og svo framvegis í staðinn fyrir að keyra hlutina út í öfgar í nafni eins af þessum þáttum.“

**Hugrekkið í heiðarleikanum**

Heiðarleiki er vinsælasta gildið að sögn Gunnars Hersveins.

„Sennilega vegna þess að fólki hefur fundist skorta á hann. Við vitum hversu mikils virði hann er en aftur á móti gera sér ekki allir grein fyrir hvað felst í honum. Heiðarleiki er eitthvað sem þarf að æfa; partur af honum er að læra að mynda sér skoðanir og efla með sér kjark til að standa við þær og láta ekki beygja sig. Þess vegna er heiðarleikinn eitt af grunngildunum, því hann felur í sér að vera maður sjálfur og hafa hugrekki; það er alltaf hugrekki í heiðarleikanum.“

Gunnar Hersveinn telur að andrúmsloftið eftir hrun helgist meðal annars af skömm yfir fyrri hegðun; sektarkennd yfir því að hafa látið sefjast af einhverju sem þorri manna hafi vitað að var ekki rétt.

„Undir niðri vissi fólk að efnishyggjan var röng. Viðamiklar kannanir sem gerðar voru sýna fram á það, fólk sá alveg gallana á kerfinu sem var ríkjandi. Á námskeiði sem ég kenndi fyrir hrun spurði ég hver væri helsti galli Íslendinga og svarið var alltaf græðgi. En þegar fólk var spurt hvað skipti það persónulega mestu máli, var svarið alltaf fjölskyldan eða önnur gömul og góð gildi, trú, von og kærleikur. Ég held við höfum vitað allan tímann að við vorum ekki að sinna þessum gildum sem voru rótgróin í þjóðinni og í okkur sjálfum, og eru að leita fram núna.“

**Stjórnvöld verða að vera til fyrirmyndar**

Gunnar Hersveinn leggur áherslu á aukna meðvitund almennings, grasrótarinnar, um samfélagsgildin. Hann segir hins vegar að stjórnvöld geti lagt sitt af mörkum til að vinna að framgangi þeirra.

„Fyrst og fremst verða þau vera til fyrirmyndar,“ segir hann. „Því miður höfum við haft mjög lélegar fyrirmyndir varðandi til dæmis ábyrgð. Það hefur ávallt eitthvað ótrúlega mikið þurft að ganga á til að stjórnmálamaður víki úr embætti. Þetta er einkenni á íslenskum stjórnmálum, eins og allir vita. Þarna þurfa stjórnvöld að vera fyrirmynd fyrir þjóðina. Stjórnmálamenn og embættismenn verða að taka þessa ábyrgð alvarlega. Ef þeir gera það, þá síast hún niður til annarra. Ef þú lifir í samfélagi þar sem þú veist að þú sleppur alltaf, þá lærirðu ekki ábyrgð.“

**GILDIN Á ÞJÓÐFUNDINUM 14. NÓVEMBER 2009:**

**HEIÐARLEIKI, JAFNRÉTTI, VIRÐING, RÉTTLÆTI, KÆRLEIKI, ÁBYRGÐ, FRELSI, SJÁLFBÆRNI, LÝÐRÆÐI, FJÖLSKYLDA, JÖFNUÐUR, TRAUST.**

**Traustið er grunnurinn**

Traust er líka lykilatriði í uppbyggingu samfélagsins.

„Það er grunnurinn, án þess hrynur allt. Stofnanir eins og Alþingi eiga fyrir höndum mjög viðamikið verkefni við að endurreisa traust til sín og það hreinlega verður að heppnast. Ef það mistekst skapar það enn meiri glundroða í samfélaginu. Það verður líka að vera hægt að treysta fjölmiðlum, háskólunum, sveitarfélögunum. Við komumst ekki neðar en þetta fór en það virðist ganga hægt að hjá okkur að endurbyggja traustið. Kannski tekur þetta bara þennan tíma, ef til vill förum við ekki að sjá áþreifanlega aukningu á trausti fyrr en eftir næstu alþingiskosninga; núverandi þing er ef til vill of nátengt því sem gerðist.“

Gunnar Hersveinn segir aftur á móti magnað að fylgjast með hversu lifandi samfélagsumræðan sé orðin. „Það er greinilega ákveðin gerjun í gangi, heldur betur; það er lifandi og fjörug umræða um gildin og stjórnarskráin er á allra vörum. Þetta er jákvæð nýbreytni. Þjóðin er að tala saman, hugsa og skiptast á skoðunum. Og það er í sjálfu sér gæfuspor.“

bergsteinn@frettabladid.is


TJARNARBÍÓ
SJÁLFSTÆÐU LEIKHÚSIN
Gjafabréf
á viðburði í Tjarnarbíói
1000 kr. 2000 kr. Fæst á tjarnarbio.is, midi.is og í miðasölu Tjarnarbíós
3000 kr. Tilvalið í jólapakkann
JANÚAR 2011
Mojito SÍÐUSTU SÝNINGAR 7 15 22 29
Súldarsker FRUMSÝNING 16 21 23
Sirkus Sóley SUNNUDAGAR ERU FJÖLSKYLDUDAGAR 16
Ferlegheit TÓNLEIKAR 20
Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is
TJARNARBÍÓ
Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík
RADAR



AFGREIÐSLUTÍMI UM HÁTÍÐARNAR

Vínbúðirnar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, í Reykjanesbæ og á Selfossi.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Miðvikudagur | 22. des. | kl. 11.00 - 20.00 | Þriðjudagur | 28. des. | kl. 11.00 - 18.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 | nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Fimmtudagur | 23. des. | kl. 11.00 - 22.00 | Miðvikudagur | 29. des. | kl. 11.00 - 18.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 22.00 | nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Föstudagur | 24. des. | kl. 10.00 - 13.00 | Fimmtudagur | 30. des. | kl. 11.00 - 20.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 13.00 | nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Laugardagur | 25. des. | Lokað | Föstudagur | 31. des. | kl. 10.00 - 13.00 |
| | | | nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 13.00 |
| Mánudagur | 27. des. | kl. 11.00 - 18.00 | Laugardagur | 1. jan. | Lokað |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 | | | |

Nánari upplýsingar um afgreiðslutíma er að finna á **vinbudin.is**



VÍNBÚÐIN

ENNEMM / SÍA / NM44784

# Fólk

folk@frettabladid.is



19 **HÚÐFLÚR** prýða líkama knattspyrnuhetjunnar Davids Beckham, en það nýjasta fékk hann á sunnudaginn. Þó vilja einhverjir meina að húðflúrin séu það mörg að ómögulegt sé að hafa tölu á þessu skrauti hans.

## Gefur árinu puttann

Breska söngkonan Lily Allen virðist endanlega vera búin að gefast upp á árinu 2010. Um helgina sendu hún út þau skilaboð á samskiptamiðlinum Twitter að hún gæfi árinu puttann en þá var hún veðurteppt á Heathrow-flugvelli en mikil snjókoma hefur sett flug úr skorðum í Evrópu.

Allen hefur gengið í gegnum mikið á árinu en hún missti fóstur í byrjun nóvember þegar hún var komin á sjötta mánuð. Allen var því á leið í kærkomið frí ásamt unnusta sínum, Sam Cooper, og var ekki par ánægð með að þurfa að eyða fyrstu nóttum leyfisins á flugvallargólfinu.






**VINSÆLL MEÐAL FRANSMANNA** Stefán Máni á glæpasögu ársins að mati franska menningartímaritsins Lire en Skipið eftir höfundinn hefur notið mikilla vinsælda í Frakklandi á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Stefán Máni hrósar Gillz

**Stefán Máni Sigþórsson tekur ekki þátt í jólabókaflóðinu í ár en á engu að síður glæpasögu ársins í Frakklandi. Stefán kveðst stoltur af Agli Gillz Einarssyni og auglýsingu hans sem gjaldfelldi stjörnugjafir á einu bretti.**

Franska menningartímaritið Lire valdi nýlega spennutrylli Stefáns Mána, Skipið, sem glæpasögu ársins og bókin er nú á leið í fjórðu prentun hjá frönskum forleggjara Stefáns. „Frakkar eru miklir smekkmenn og sjálfur er ég mikill aðdáandi franskrar menningar. Frakkar virðast alveg skilja hvað ég er að hugsa og hvað ég er að meina, það ríkir gagnkvæmur skilningur okkar á milli,“ segir Stefán. „Franskir lesendur eru eiginlega algjörir draumalesendur og ég finn það þarna úti að þeir fatta mig alveg.“

Stefán Máni segist allaf hafa alið með sér þann draum að fá bók gefna út í Frakklandi og sú velgengni sem hann njóti þar í landi sé draumi líkust, meira að segja útgefandinn hans skilji ekkert í þessum vinsældum. Stefán bætist í hóp íslenskra glæpasagnahöfunda sem náð hafa ágætis árangri meðal menningarþjóðarinnar því bæði Árni Þórarinsson og auðvitað Arnaldur Indriðason hafa slegið í gegn í glæpasagnaflokknum. „Ég er búinn að fara til Frakklands tvisvar á þessu ári og verð mikið var við að fólk hafi lesið Arnald, hinn almenni lesandi þekkir hann og reynir oft að lesa bækur eftir höfund frá sama landi. Sjálfur hafði ég eiginlega ekki hugmynd um hversu góð landkynning bókin er því fólk virðist yfirleitt tengja bókina við landið sem hún kemur frá.“

Stefán tekur ekki þátt í jólabókaflóðinu í ár en verður með bók á því næsta, hálfgerða ævisögu um lögreglumann frá Súðavík. „Þetta er stór og mikil Íslandssaga, mjög dramatísk og mikil bók, örlagasaga,“ segir Stefán en árið 2011 gæti orðið ansi stórt í hans lífi. Allt bendir til þess að kvikmyndin Svartur á leik verði einnig frumsýnd á árinu en hún er byggð á samnefndri bók Stefáns Mána. „2011 verður árið mitt, ég er alveg viss um það og stend við þau stóru orð.“

Fjarveran úr jólabókaflóðinu gefur Stefáni Mána jafnframt nýja sýn á harðan auglýsingaheim jólabókanna. Hann segist til að mynda hafa kolfallið fyrir heilsíðuauglýsingu Egils „Gillz“ Einarssonar sem birtist í Fréttablaðinu í vikunni en þar var ný bók rithöfundarins kynnt til leiks. Á auglýsingunni mátti sjá umsagnir þjóðþekktra einstaklinga og stjörnugjöf þeirra; allir gáfu honum fullt hús. „Þetta var hinn nauðsynlegi dropi sem fyllti mælinn. Auglýsingin var augljóslega grín en svo stutt frá þessum veruleika sem við þekkjum: bókaútgefendur að pikka upp dóma á blogginu og athugasemdafærslum og allir eru allt í einu orðnir gagnrýnendur og þá um leið enginn,“ segir Stefán og bætir því við að ekkert sé lengur að marka allar þessar stjörnur sem flæði út um allt. „Það virðast allir geta skreytt sig með þeim og Gillz tók þetta bara alla leið.“

freyrgigja@frettabladid.is

# Toy Story 3 orðin tekjuhæst

Toy Story 3, sem var frumsýnd í júní síðastliðnum, er orðin tekjuhæsta teiknimynd allra tíma, bæði á Íslandi og um víða veröld.

Myndin náði inn tæpri 51 milljón í miðasölunni hér heima á meðan næsta teiknimynd á eftir, The Simpsons Movie, aflaði „aðeins“ 42 milljóna. Í þriðja sæti er Shrek 2 og þar á eftir kemur Shrek Forever After.

Rúmir 52 þúsund miðar seldust á Toy Story 3 hér heima, en ekki 42 eins og misritaðist í Fréttablaðinu í gær. Myndinni tókst þó ekki að ná hinni sígildu The Lion King í aðsókn, sem rúmlega 57 þúsund manns sáu hér á landi árið 1994.



**TOY STORY 3** Teiknimyndin Toy Story 3 er orðin tekjuhæsta teiknimynd allra tíma.

Hvað tekjur varðar situr The Lion King í ellefta sæti hérlendis með tekjur upp á rúmar 29 milljónir króna.

Athygli vekur að á meðal átján vinsælustu kvikmynda Íslands það sem af er árinu eru fjórar teiknimyndir. Auk Toy Story 3 og Shrek Forever After eru það Despicable Me og How To Train Your Dragon. Sú síðastnefnda hefur að geyma lagið Sticks and Stones með Jónsa úr Sigur Rós, sem kemur til greina fyrir tilnefningu til Óskarsverðlaunanna á næsta ári. - fb




BT
Jólagjafirnar eru ekkert vesen í ár !
Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánuða
Fender gítarpakki
25.999
Fender CD 60 kassagítar
Stillitæki og axlaról - Kennsluefni á DVD
Aukastrengjasett og neglur
14.999
Ion discover DJ
Flott DJ græja fyrir alla !
34.999
fyrir alvöru DJ-a
Ion Discover DJ Pro
...enn flottari DJ græja fyrir fagmenn
frábært sett fyrir alvöru trommuleikara
59.999
Ion rafmagnstrommusett
Ion discover hljómborð
Lítið og nett USB tengt
Kennsluforrit fylgir
9.999
19.999
Ion hljómborð Key 49
Stórt og þægilegt MIDI hljómborð - tengt með USB
3.999
áður 5999
verð sprengja
3.999
áður 5999
gott úrval af flottu fræðsluefni
10.999
8.999
Bluray
4.999
DVD
39.999
flott græja
DM Tech Spjaldtölva
7" snertiskjár
WiFi
Android stýrikerfi
Samsung R540
15,6" LED
Intel Core I3 370M
500GB
4GB
138.999
Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánuða
Samsung RV510
15,6" LED
Intel Pentium T4500
320GB
3GB
118.999
42.999
Argosy 359T 1TB
Með upptöku
44.999
49.999
Argosy 339T
Argosy 373T
29.999
32.999
39.999
27.999
Verbatim 47513
1.5TB 3.5" USB
19.999
3000 kr. lækkun
verð áður 22.999
Samsung ES70 stafræn myndavél
12.2 megapixlar - Svört/rauð/silfur/blá/bleik
Kaupauki: minniskort fylgir
16.999
Olympus X-940 stafræn myndavél
14 megapixlar - wide zoom
89.999
Vaxtalausar raðgreiðslur
32" LG LCD 320
1366x768 HD Ready
149.999
37" Samsung LCD C535
1920x1080p Full HD
5.000 kr. afsláttur ef keypt er með sjónvarpi
59.999
Samsung HT-C350 5.1 heimabíó
330W rms.
OBH Pizzaofn
Bakaðu bestu pizzurnar !!
fáranlegt verð !!
13.999
8.999
OBH Poppvél
Engin transfita !!
6.799
Lowrider
9.999
GI
8.999
HESH
SKULL CANDY
12.999
SWM1071
12.999
SWM1070
Ferðatæki með CD, kassettu og USB tengi
31.999
Hljómtækjastæða með Ipod vöggu
35.999
Hljómtækjastæða með Ipod vöggu og DVD spilara
4.999
lækkað verð
Coby MP3 spilari
2GB - MP550
10.999
8.999
7.999
Coby MP3 spilari
2' skjár - FM útvarp
MP707
19.999
lækkað verð
Coby MP3/MP4 spilari
2,8" widescreen skjár
FM útvarp - MP815
15.999
8 GB
Snertiskjár og myndavél
Coby MP3/MP4 spilari
2,8" widescreen skjár
FM útvarp - MP828
ein mest selda leikjavél heims
44.999
Wii leikjatölva svört
Sport resort leikur, Mariokart, stýri og Motion plus fylgja
Wii leikjatölva rauð
Sport resort leikur, New Super Mario Bros og Motion plus fylgja
Opið til 22 alla daga
BT
20% afsláttur af öllum leikföngum, spilum og púslum
leikföng aðeins í BT Skeifunni
BT Skeifan - BT Glerártorg - S: 550-4444 - www.bt.is

# Johnny Depp maður ársins á hvíta tjaldinu

**Johnny Depp er maður ársins samkvæmt kvikmyndaveitunni imdb.com en vefurinn notfærir sér leitarniðurstöður hjá yfir hundrað milljónum notenda. Depp er sú kvikmyndastjarna sem flestir leituðu að á árinu og vildu skoða hvað ætlaði að gera næst en hann hafði sætaskipti við vampírustjörnuna Robert Pattinson. Kirsten Stewart varði annað sætið.**




**JOHNNY DEPP**
Sigur Depps þarf ekki að koma á óvart. Hann lék í tveimur kvikmyndum á árinu: hinni ofurvinsælu Lísu í Undralandi og The Tourist með Angelinu Jolie. Þótt seinni myndinni hafi ekki verið tekið fagnandi þarf Depp ekki að örvænta; hann er tilnefndur til Golden Globe-verðlaunanna fyrir leik sinn í báðum myndunum. Depp mun örugglega gera tilkall til efsta sætisins á næsta ári því þá verður fjórða sjóræningjamyndin um Jack Sparrow frumsýnd.

**KRISTEN STEWART**
Vampíruæðið kringum Twilight-seríuna ætlar engan endi að taka. Konur á öllum aldri flykkjast í kvikmyndahús til að horfa á þessar myndir og á meðan svo er verða Twilight-leikararnir fastir á svona listum. Stewart er hins vegar einnig farin að kíkja í kringum sig og lék bæði í The Runaways og Welcome to the Rileys. Næsta ár gæti orðið árið hennar Kirsten, ný Twilight-mynd og svo leikur hún Marylou í Á vegum úti sem byggð er á samnefndri bók Jacks Kerouac.




**ROBERT PATTINSON**
Kvikmyndastjarna ársins í fyrra verður að gera sér þriðja sætið að góðu þrátt fyrir vampírumyndina Eclipse og áframhaldandi velgengni á því sviði. Hann, líkt og unnusta hans Kirsten, er einnig farinn að horfa í kringum sig og leita að bitastæðum hlutverkum sem eru eins fjarri Edward (það er vampíran í Twilight) og mögulegt er. Hugsanlega kemur tækifærið í kvikmyndinni Water for Elephants en þar leikur hann meðal annars á móti Óskarsverðlaunahöfunum Reese Witherspoon og Christoph Waltz.

4



**LEONARDO DICAPRIO**
DiCaprio hefur verið eftirsótt kvikmyndastjarna í tíu ár eða allt frá því að hann lék Jack Dawson í Titanic. DiCaprio er hins vegar bráðsnjall eins og samstarf hans við Martin Scorsese sýnir en kvikmyndin Shutter Island, sem var frumsýnd á árinu, náði kannski aldrei Scorsese-hæðum. Það gerði hins vegar kvikmyndin Inception eftir Chris Nolan en henni er spáð mikilli velgengni á komandi Óskarsvertíð.




**BRAD PITT**
Þrátt fyrir að Brad Pitt hafi ekki leikið beint í neinni kvikmynd þá „leikur“ hann samt sem áður í teiknimyndinni Megamind. Brad hefur hins vegar í nægu að snúast, hann rekur ákaflega stórt heimili með Angelinu Jolie þar sem búa sex börn og ljósmyndarar elska hann meir en allt. Næsta ár gæti orðið árið hans Pitts, því þá verður Tree of Life frumsýnd eftir Terrence Malick og Moneyball með Jonah Hill.

**ROBERT DOWNEY JR.**
Kannski kemur það svolítið á óvart að Robert Downey skuli ekki vera ofar á þessum lista. Og þó. Hann klifraði upp um 25 sæti, var í því 31. á síðasta ári. Iron Man 2 fékk ekki glimrandi dóma en stóð sig vel í miðasölu og það gerði gamanmyndin Due Date einnig. Hún þénaði hátt í hundrað milljónir dollara. Sem þykir gott á gamanmyndasviðinu.




**7. CHRISTIAN BALE**
Telja má nokkuð öruggt að Christian Bale muni gera atlögu að efstu sætunum þremur á næsta ári þegar síðasta Batman-myndin undir stjórn Chris Nolan verður frumsýnd. Bale getur hins vegar verið sáttur við sitt, honum er spáð tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í The Fighter.










**GERARD BUTLER**
Butlers virtist bíða stórkostlegur ferill eftir ævintýrið í kringum Sparta og 300. En nú situr hann fastur í konungdæmi vondra mynda, nægir þar að nefna Bounty Hunter. Honum tókst hins vegar vel upp í How to Train Your Dragon. Ef fram heldur sem horfir verður Butler horfinn af topp tíu á næsta ári.

**MEGAN FOX**
Þvílíkt klúður. Megan Fox hefði bara þurft að halda munninum lokuðum og gera sér grein fyrir hæfileikum sínum. Í stað þess kaus hún að úthúða Michael Bay, missa hlutverkið sitt í Transformers og leika í hinni arfaslöku Jonah Hex. Fox, líkt og Butler, verður horfin af þessum lista á næsta ári.




**ZOE ZALDANA**
Hástökkvari ársins enda komst hún ekki einu sinni á listann yfir hundrað stærstu kvikmyndastjörnur ársins í fyrra. Hún getur þakkað James Cameron fyrir hlutverkið í Avatar sem sló öll aðsóknarmet og bætti svo um betur með því að mæta í óaðfinnanlegum kjól á Óskarinn. Hvað framtíðin ber í skaut sér verður erfitt að sjá, Zoe þarf hins vegar að gera eitthvað verulega gott til að haldast inni á þessum lista.

## FIMMTÁN STJÖRNUR Á KANTINUM



**11. Angelina Jolie**
12. Tom Cruise
13. Ryan Reynolds
14. Taylor Lautner
15. Zooey Deschanel
**16. Matt Damon**
17. Nicholas Cage
18. Dakota Fanning
19. Bruce Willis
20. Natalie Portman
21. Rachel McAdams
**22. Mila Kunis**
23. Sandra Bullock
24. Emma Stone
25. Scarlett Johannsson







Vertu með Foursquare í símanum

Samsung Galaxy 5
0 kr. útborgun
m.v. 12 mánaða greiðsludreifingu eða 12x3.325 kr.*
Jólainneign 1.000 kr. á mánuði í 12 mánuði fylgir.
*Dreifingargjald 250 kr. á mánuði.



Jólakaupauki
Flottur hátalari fylgir GSM tilboði á meðan birgðir endast.

www.ring.is / m.ring.is www.facebook.com/ringjarar

ring
VERTU MEÐ

ENNEMM / SÍA / NM44786



DESEMBER
TILBOÐ
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI
DESEMBER
TILBOÐ
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI
MÚS
2.490
BLING
3.490
HAUSKÚPA
3.490
USB GLINGUR
ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF STÓR-SKEMMTILEGU USB GLINGRI FRÁ SATZUMA
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 6 MÁNUÐI
PLASMA
1.990
KOLKRABBI
1.990
AUGAÐ
2.990
PENNI
990
FLUGA
4.990
HEYRNARTÓL
4.990
GLIMMER
1.990
VERÐ VÖRN
24" BENQ LCD
34.900
10" ASUS FISTÖLVA
49.900
GLÆSILEGAR VERSLANIR
OPNUNARTÍMAR
ALLA DAGA TIL JÓLA
10:00 - 19:00
AÐFANGADAG
LOKAÐ
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
8BLS
BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF
GLÆSILEGUM
TILBOÐUM
LANDSINS MESTA ÚRVAL
OPNUNARTÍMAR
Í DAG OG Á MORGUN
10:00 - 19:00
AÐFANGADAG
LOKAÐ
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
hp
lenovo
msi
packard bell
SONY
TOSHIBA






**MIKILL HEIÐUR** Björn Thors og Tinna Gunnlaugsdóttir eru bæði ánægð með áhuga á Gerplu utan landsteinanna og hlakka til að sýna hana Norðmönnum með vorinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Útrás Gerplu byrjar í Bergen

**Leikritinu Gerplu hefur verið boðið á alþjóðlega listahátíð í Noregi og heldur leikhópurinn út í lok maí. Mikill heiður fyrir Þjóðleikhúsið segir Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri en aðalleikari sýningarinnar, Björn Thors, er á leiðinni til Noregs í fyrsta sinn.**

„Þetta er mjög spennandi þar sem ég hef aldrei komið til Bergen, eða réttara sagt þá er ég að koma í fyrsta sinn til Noregs. Þetta er því eins konar jómfrúarferð fyrir mig líka,“ segir Björn Thors leikari um uppsetningu leikritsins Gerplu, í leikstjórn Baltasars Kormáks, á leiklistarhátíðinni Nordiske Impulser sem haldin er árlega í Bergen. Sýndar verða þrjár sýningar af verkinu dagana 26.-28. maí næstkomandi og er allur leikhópurinn á leið út.

„Það er alltaf frábært þegar sýningum er sýndur áhugi erlendis og það liggur nú beinast við að útrás Gerplu byrji í Noregi enda er Noregskonungur í lykilhlutverki og bútur af sýningunni fer fram á norsku,“ segir Björn og bætir við að eflaust þurfi þeir sem með þann bút fari að slípa hreiminn áður en verkið er flutt fyrir Norðmenn.

Björn vill meina að Gerpla sé tilvalin sýning til útrásar enda sameini verkið merkustu þætti menningararfs Íslendinga í formi Íslendingasagna og skáldsagna Halldórs Laxness.



**GERPLA** Björn Thors og Jóhannes Haukur Jóhannesson halda til Noregs með fóstbræðurna Þormóð Kolbrúnarskáld Bessason og Þorgeir Hávarsson.

Sýningin verður flutt á íslensku og þýddum texta varpað á skjá við hliðina, en slíkt fyrirkomulag er algengt á alþjóðlegum listahátíðum.

„Ég hef séð nokkrar sýningar á tungumáli sem ég skil ekki og það er áhugavert enda túlkar maður sýninguna öðruvísi. Ég efast ekki um að Norðmenn eigi eftir að hafa gaman af þessu. Þeir eru eins og við, vanir að horfa á bíómyndir og lesa textann um leið,“ segir Björn, og Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri tekur í sama streng. „Sýningin er flutt á okkar gamla samnorræna tungumáli og textinn verður áhorfendum til halds og trausts,“ segir Tinna. Hún bætir við að boðið sé óvenju rausnarlegt en hátíðin stendur straum af öllum kostnaði í tengslum við ferð leikhópsins út. En hvernig kom þetta allt saman til?

„Ég hitti listrænan stjórnanda hátíðarinnar í Berlín fyrir ári og þar kom þessi hugmynd upp. Hann hafði heyrt um sýninguna og líka séð sýninguna Pétur Gaut eftir Baltasar Kormák þegar hún var sett upp á Ibsen-hátíðinni í norska þjóðleikhúsinu í Ósló árið 2006 og var mjög hrifinn af því,“ svarar Tinna.

Norðmenn eru greinilega hrifnir af Baltasar, en hann var á dögunum ráðinn til að setja upp Villiönd Ibsens í norska þjóðleikhúsinu árið 2012.

„Það er mikill heiður fyrir Þjóðleikhúsið, listræna stjórnendur og allan leikhópinn að sýningunni skuli hafa verið boðið út og það verður spennandi að sjá hvernig viðtökurnar verða,“ segir Tinna Gunnlaugsdóttir að lokum. Þess má geta að Gerpla fer aftur á fjalirnar í janúar og gefst Íslendingum því tækifæri til að berja sýninguna augum áður en hún heldur yfir hafið. **alfrun@frettabladid.is**

# Spilverkið tefst vegna ófærðar

„Það var svo mikið óveður að trukkurinn komst ekki til Tékklands,“ segir Höskuldur Höskuldsson hjá Senu.

Ófærðin í Evrópu að undanförnu varð til þess að 1.500 eintök af safnkassa með heildarútgáfu Spilverks þjóðanna komust ekki frá Tékklandi, þar sem kassinn var framleiddur, hingað til lands. Aðeins náðist að senda eitt hundrað eintök til landsins með DHL fyrir helgi og eru þau uppseld. Allt upplagið er væntanlegt í verslanir seinni partinn í dag og því geta aðdáendur Spilverksins loksins hugsað sér gott til glóðarinnar.

Þessi veglegi safnkassi, sem hefur að geyma sjö plötur með Spilverkinu, átti upphaflega að koma út 1. desember. Óveðrið og önnur vandkvæði töfðu útgáfuna. „Þessi útgáfa var ákveðin í september. Þetta tekur miklu meiri tíma en maður heldur og svona kassi er í framleiðslu í fjórðu viku. Við ætluðum að vera aðeins fyrr með þetta en svo klikkar þetta eins og með flutninginn. Það er ekkert sem við getum gert en líftíminn á þessu er langur,“ segir Höskuldur. „Það var alltaf planið að koma þessu út fyrr, en þetta er ekkert sem við ráðum við.“



**SPILVERK ÞJÓÐANNA** Safnkassi með heildarútgáfu Spilverks þjóðanna er loksins að koma til landins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þrjár aðrar plötur frá Senu hafa tafist erlendis vegna ófærðarinnar, frá Baggalúti, Ellý Vilhjálms og Sigurði Guðmundssyni, en þær hafa allar selst eins og heitar lummur síðustu daga. **- fb**


FLOTT JÓLAGJÖF!
SÆNG + KODDI
7.995,-
høie
OF SCANDINAVIA
HØIE UNIQUE sæng og koddi
Vönduð thermosæng fyllt með 2 x 600 gr. af holtrefjum. Koddinn er fylltur með 500 gr. af holtrefjum. Stærð: 50 x 70 sm. Sængurtaska fylgir. Sæng: 140 x 200 sm.
FRÁBÆRT VERÐ!
FLOTT JÓLAGJÖF!
Koddi
50 x 70 sm.
2.995,-
SÆNG: 140 X 200 SM.
8.995,-
KRONBORG LUX andadúnssæng
Gæðasæng fyllt með andadúni og smáfiðri.
Bómullaráklæði og snúrukantur. Þyngd: 900 gr.
Má þvo við 60°C. Sæng: 140 x 200 sm. 8.995,-
Sæng: 140 x 220 sm. 10.950,-
KRONBORG®
OF DENMARK
JÓLAGJAFIR!
TILBODIN GILDA 22.12 - 24.12
FLOTT JÓLAGJÖF!
WellPur
ÁÐUR: 4.995,-
3.995,-
SPARIÐ 1.000
WELLPUR heilsukoddi
Frábær LAKE TAHOE heilsukoddi
með þrýstijafnandi eiginleika.
Styður vel að hálsi og hnakka.
40% AFSLÁTTUR
ÁÐUR: 4.995,-
2.995,-
LUISIA sængurverasett
Mjög fallegt, rómantískt hágæða sængurverasett. Einstaklega mjúkt og notalegt. Efni: 100% hágæða bómullarsatín.
Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.
FLOTT JÓLAGJÖF!
VALENTINA
sængurverasett
Efni: 100% þykk gæðabómull.
Tölur að neðan.
Stærð: 140 x 200 sm.
og koddaver 50 x 70 sm.
SÆNGURVERASETT
1.995,-
FLOTT JÓLAGJÖF!
LAMPI
2.995,-
Lampi með stækkunargleri
Frábært hjálpartæki! Flott fyrir þá sem stunda fluguhnýtingar, útsaum eða fyrir safnarana.
Nýtist einnig vel fyrir eldri lesendur sem þurfa góða birtu og stækkunargler við lestur.
VERÐ FRÁ:
595,-
Fjöltengi
með rofa
Fyrir 3 tengla
með rofa 595,-
Fyrir 5 tengla
með rofa 655,-
Kubbakerti
Hæð: 12 sm.
Áður 399,-
Nú 299,-
Hæð: 18 sm.
Áður 499,-
Nú 299,-
1 STK. NÚ AÐEINS:
299,-
ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR
Lambhúshettur og húfur
Góðar lambhúshettur og húfur á frábæru verði!. Nokkrir mismunandi litir fáanlegir.
Stærðir: 2-8 ára.
30% AFSLÁTTUR
ÁÐUR: 995,-
695,-
VERÐ FRÁ:
1.295,-
Skíðahanskar
Góðir skíðahanskar á börn og fullorðna. Nokkrir litir.
Barnastærðir: 1.295,-
Fullorðinsstærðir: 1.495,-
FLOTT JÓLAGJÖF!
VERÐ FRÁ:
2.495,-
Skíðagleraugu
Nýkomin góð skíðagleraugu fyrir börn og fullorðna. Nokkrir litir. Barnastærðir: 2.495,- Fullorðinsstærðir: 2.995,-
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
OPIÐ TIL 22:00 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA
VERÐ FRÁ:
389,-
Snjóþotur
Rassaþota 389,-
Ungbarnaþota 3.495,-
Þotudiskur 1.295,-
Þota með bremsum
1.995,-
FLOTT JÓLAGJÖF!
Birt með fyrirvara um prentvillur.



**HAMINGJUSÖM** Vince Vaughn og eiginkona hans, Kyla Weber, eignuðust sitt fyrsta barn um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vince Vaughn orðinn pabbi

**Gamanleikarinn Vince Vaughn og eiginkona hans, hin kanadíska Kyla Weber, eignuðust sitt fyrsta barn um helgina. Í tímaritinu People segir að Weber hafi fætt litla stúlku á sjúkrahúsi í Chicago. Hefur sú stutta verið skírð Locklyn Kyla Vaughn.**

**Að sögn heimildarmanna heilsast móður og barni vel og er Vaughn afskaplega stoltur faðir. „Vince og Kyla eru mjög hamingjusöm saman og hlakka mikið til að takast á við þetta nýja hlutverk," var haft eftir fjölskylduvini.**

# Fyrirsæta hannar gjafapappír

**Elísabet Davíðsdóttir fyrirsæta og móðir hennar hafa hannað gjafapappír með munstri úr náttúrunni.**

Elísabet Davíðsdóttir, fyrirsæta og ljósmyndari, hefur hannað stórskemmtilegan gjafapappír í samstarfi við móður sína, Emmu Axelsdóttur innanhúsarkitekt. Hugmyndina að pappírnum sóttu mæðgurnar beint til náttúrunnar og getur fólk meðal annars valið á milli klakabreiðumynsturs, hellubergs, mosa og holtagrjóts.

„Mér og mömmu hefur alltaf þótt mjög gaman að pakka inn gjöfum. Einu sinni eftir að það hafði snjóað töluðum við um hvað það væri gaman ef maður gæti pakkað inn gjöf í svona fallegan snjó og það var eiginlega út frá því sem hugmyndin varð til," útskýrir Elísabet. Pappírinn er fáanlegur í sex útgáfum og eru mynstrin gerð með innihald pakkans í huga. „Við erum með snjó og mosamynstur fyrir mjúku pakkana, klakabreiðu og helluberg fyrir þá hörðu og tvær útgáfur af holtagrjóti fyrir óreglulegu pakkana. Holtagrjótið er skemmtilegt vegna þess að það getur stundum verið erfitt að greina hvort um pakka eða raunverulegan grjóthnullung er að ræða."

Elísabet segir viðtökurnar hafa verið góðar og útilokar ekki að þær mæðgur muni bæta við línuna í nánustu framtíð. „Það er auðvitað mjög gaman að fólk skuli hafa tekið svona vel í þetta og þetta virkar mjög hvetjandi á okkur mæðgurnar."

Innt eftir því hvort jólagjöfunum frá henni sjálfri verði pakkað inn í pappírinn góða svarar Elísabet því játandi. „Já, ég á auðvitað eftir að pakka öllum mínum gjöfum inn í svona pappír," segir hún að lokum og hlær.

Gjafapappírinn fæst í verslunum Epal, Iðu, Kraumi og Máli og menningu. Einnig verður fatahönnuðurinn Steinunn með pappírinn í boði fyrir sína viðskiptavini.

sara@frettabladid.is



**HÆFILEIKARÍK** Elísabet Davíðsdóttir, fyrirsæta og ljósmyndari, hefur hannað stórskemmtilegan og sérstakan gjafapappír. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HOLTAGRJÓTIÐ** Það getur verið erfitt að greina hvort um pakka eða grjóthnullung er að ræða. MYND/SILJA MAGG






# Fáklædd Disney-stjarna hneykslar

Fjölmiðlafulltrúar Disney hafa í nægu að snúast þessa dagana við að berja niður sögusagnir um eiturlyfjanotkun stjarnanna sinna og stöðva útbreiðslu kynlífsmyndbanda með þeim. Fyrst var það Miley Cyrus sem virtist reykja salvíu á myndbandi og nú eru það ansi djarfar myndir af nýjustu Disney-stjörnunni, Demi Lovato, en henni hefur einmitt verið spáð svipaðri frægð og velgengni og fröken Cyrus.

Málið hefur fengið gríðarlega umfjöllun í bandarískum fjölmiðlum enda Demi slegið í gegn hjá ungum stelpum með leik sínum í unglingamyndinni Camp Rock sem nú er sýnd fyrir fullu húsi í Ameríku. Myndirnar sýna Lovato í ögrandi stellingum með öðrum stelpum. Fljótlega eftir birtingu myndanna fóru á kreik sögusagnir um að til væri kynlífsmyndband af Lovato og klámfyrirtækið PornHub brást skjótt við og bauð leikkonunni ungu 100 þúsund dali fyrir einkarétt á því. Talsmenn Lovato hafa hins vegar verið duglegir að senda frá sér fréttatilkynningar að undanförnu þar sem þeir vísa því á bug að myndband sé til. Og segja tilboð PornHub viðbjóðslegt.

Lovato hefur hins vegar ekki getað svarað fyrir sig því hún er nú í meðferð eftir að hafa fengið vægt taugaáfall. Enda hefur mikið gengið á lífi hennar; Joe Jonas, einn Jonas-bræðranna, hætti með henni fyrir skömmu og þá hefur dansari ásakað hana um líkamsmeiðingar. Það er því ekki skrýtið að forráðamenn Disney skuli vera farnir að leita til Justin Timberlake og Britney Spears til að fá ráð um hvernig ungt fólk eigi að höndla frægðina og hvað það skuli forðast í lengstu lög.





**Í VONDUM MÁLUM** **Demi Lovato** gæti verið í vondum málum eftir að fjölmiðlar komust yfir ansi djarfar myndir af henni og vinkonum hennar. Disney-fyrirtækið hefur vísað því á bug að til sé kynlífsmyndband með unglingastjörnunni. Fyrir skemmstu sást önnur unglingastjarna, **Miley Cyrus**, reykja það sem talið er vera salvía. NORDICPHOTOS/GETTY




*Eilífðar-almanak • Hönnun: Gideon Dagan Design • Verð kr. 7.900,-*

# MoMA í Minju

Minja hefur náð samningi við listmunaverslun MoMA (Museum of Modern Art) í N.Y.
Við erum stolt af því að geta boðið valda muni eftir þekkta hönnuði frá nútímalistasafni New York borgar!

minja

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 12 • SÍMI 578 6090










TEYMI

HLUTHAFAFUNDUR Í TEYMI HF.

Stjórn Teymis hf. boðar til hluthafafundar fimmtudaginn 30. desember 2010 kl. 10:00 árdegis að Suðurlandsbraut 18, 4. hæð, Reykjavík.

Á dagskrá fundarins eru eftirfarandi mál.

1. Stjórnarkjör.
2. Staðfesting á fyrirliggjandi skiptingaráætlun Teymis hf., sbr. auglýsingu í Lögbirtingablaði 22. nóvember 2010.
3. Önnur mál, löglega fram borin.

Tilkynna skal skriflega, skemmst fimm dögum fyrir hluthafafundinn, um framboð til stjórnar.

Dagskrá fundarins og endanlegar tillögur munu liggja frammi á skrifstofu félagsins að Ármúla 2, Reykjavík, viku fyrir fundinn.

Fundargögn verða afhent hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 08:30 á fundardegi, fimmtudaginn 30. desember 2010.

Stjórn Teymis hf.








# Sjö ljótustu kjólar ársins

**Einn af fylgifiskum frægðarinnar er að þurfa að koma til móts við kröfur almennings um vera alltaf smart, fínn og sætur. Það er því eðlilegt að sumar fari stundum út af sporinu. Fréttablaðið fór yfir ljótustu kjóla rauða dregilsins þetta árið. Þar má sjá nöfn eins og Britney Spears, sem virðist ekki geta tekið réttar ákvarðanir í fatavali, ásamt Katy Perry og Lady Gaga, en þær stöllurnar eiga það til að vera í flippaðri kantinum þar sem kjötkjóll Gaga er efst á lista yfir tískuslys ársins 2010.** alfrun@frettabladid.is



**KJÓLLINN ÚR KJÖTI** Maður verður eiginlega að taka ofan fyrir hugmyndasmið og hönnuði þessa kjóls, þó það sé ekki nema fyrir það eitt að fá Lady Gaga til að klæðast hráu kjöti. Kjóllinn er óneitanlega einn af frumlegustu kjólum ársins og jafnframt sá allra ljótasti.

**DEMANTSLJÓSAKRÓNAN** Leikkonan Rita Wilson var allt annað en smart á Emmy-hátíðinni. Hvítur sniðlaus kjóll, einhvers konar demantabrynja og ljósakrónur á fótum. Þessi fatasamsetningin er ekkert nema eitt stórt nei takk.



**HANSKAKJÓLLINN** Angelina Jolie er nú yfirleitt settleg og frekar hefðbundin í fatavali en við frumsýningu í Berlín á dögunum hefur hún greinilega ákveðið að hugsa út fyrir kassann og mæta í kjól með áföstum hönskum. Vissulega er þetta eitthvað nýtt en þetta er bara skrýtið.



**HAFMEYJUKJÓLLINN** Leikkonan January Jones vakti mikla athygli á Emmy-verðlaunahátíðinni í þessum skærbláa kjól en hvorki sniðið og áferðin hittu ekki mark og greyið var púuð niður af tískuspekúlöntum í kjölfarið.



**GEGNSÆTT** Britney Spears er fastagestur á ljótufatalistum úti um allan heim. Þessari hörmung klæddist hún á Grammy-hátíðinni í byrjun árs og þarf ekki að hafa fleiri orð um það.



**MARGLIT HÖRMUNG** Katy Perry klæðir sig á ögrandi máta og er greinilega með flippaðan fatastíl en það er samt ekkert sem afsakar þennan marglita og glansandi kjól sem hylur svo sannarlega ekki mikið. NORDICPHOTOS/GETTY



**KRÚSÍDÚLLUR** Tjull, blóm og aðrar krúsídúllur á einum og sama kjólnum veit ekki á gott en kántrísöngkonan Carrie Underwood klæddist þessum á einni verðlaunahátíðinni í sumar.

# Ásdís Rán á ísbarnum á Kaffi Reykjavík

Fyrirsætan Ásdís Rán hefur verið dugleg við að koma sér og nýrri snyrtivörulínu sinni á framfæri. Fyrst hélt hún jólaboð á skemmtistaðnum Replay við Grensás og í gær blés hún til blaðamannafundar á ísbarnum á Kaffi Reykjavík.

Þrátt fyrir kuldalegt umhverfi sýndi Ásdís línurnar og var dyggilega studd af manninum sínum, knattspyrnukappanum Garðari Gunnlaugssyni, sem var í ögn efnismeiri fötum en frúin.



**Í PELSI** Ásdís Rán var í pels og efnislitlum undirfötum og pósaði fyrir myndavélina ásamt manni sínum, Garðari Gunnlaugssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Í hamingjukasti



CAMERON DIAZ

**Leikkonan Cameron Diaz virðist vera búin að finna hamingjuna aftur með hafnaboltahetjunni Alex Rodriguez. Diaz var lengi vel í ástarsorg eftir fyrirsætuna Paul Schulfor en eftir að hún byrjaði með Rodriguez hefur hún blómstrað að sögn vina. Á dögunum sást til parsins í fríi í Mexíkó þar sem vel fór á með Diaz og dætrum Rodriguez svo ætla má að sambandið sé komið á alvarlegt stig.**

**Rodriguez hefur meðal annars átt vingott við leikkonunni Kate Hudson og söngdívuna Madonnu.**


BERTONI
ALLRA SÍÐASTI
SÉNS
Á AÐ KAUPA HERRAFÖT MEÐ AFSLÆTTI FYRIR JÓLIN
Allir sem versla fara í pott og gætu unnið þetta hjól að verðmæti 1.300.000 kr.
25%
afsláttur af öllum vörum um helgina og þú gætir unnið geðveikt „easy rider“ mótorhjól í kaupbæti
Komdu og skoðaðu hjólið
Opið: Föstudag 10-18, laugardag 11-18, sunnudag 13-18
Herra hafnarfjörður
Firði, Hafnarfirði Sími 565 0073

# Stórfjölskyldan saman um jólin

Leikkonan Denise Richards er komin með nýjan mann upp á arminn og er það enginn annar en Nikki Sixx, bassaleikari Mötley Crüe. Parið hefur verið að hittast í nokkrar vikur en þrátt fyrir það mun Richards að öllum líkindum eyða jólunum ásamt barnsföður sínum, leikaranum Charlie Sheen, og dætrum þeirra tvemur.

„Denise er með hjarta úr gulli og getur ekki til þess hugsað að nokkur eyði jólunum einn. Hún vill fara rólega í sakirnar með Nikki, en ef hann fær ekki heimboð annað yfir hátíðarnar er honum meira en velkomið að eyða jólunum með henni, stelpunum og Charlie,“ hafði vefritið PopEater eftir fjölskylduvini Richards. Sá segir Sixx ekki vera afbrýðisaman mann og að hann hafi fullan skilning á því að Richards vilji að dætur sínar eyði jólunum með föður sínum. „Hann skilur að þar sem Charlie er barnsfaðir Denise mun hann ávallt vera hluti af lífi hennar.“



**ALLIR SAMAN** Denise Richards og Charlie Sheen ætla að eyða jólunum saman. Nikki Sixx, nýr kærasti Richards, gæti einnig bæst í hópinn.

# Aftur í vandræðum

Lindsay Lohan er aftur komin í vandræði, en samkvæmt vefsíðunni TMZ var hún flutt aftur inn á meðferðarheimilið Betty Ford Clinic eftir að hún og herbergisfélagar hennar urðu uppvís að því að hafa haldið veislu.



**LINDSAY LOHAN**

Lohan dvaldi á áfangaheimili á vegum Betty Ford en á laugardag var hún flutt aftur í aðalbyggingu meðferðarheimilisins þar sem strangari gæsla ríkir. „Stúlkurnar höfðu drukkið mjög ótæpilega og einhvern veginn komust forráðamenn heimilisins að því,“ var haft eftir innanbúðarmanni. Ekki hafði fengið staðfest hvort Lohan hefði tekið þátt í drykkjunni en hún var þrátt fyrir það flutt aftur í aðalbygginguna í strangari meðferð. Einn heimildarmaður TMZ vill þó meina að Lohan hafi farið út af áfangaheimilinu og kíkt á skemmtistað ásamt tvemur herbergisfélögum sínum.






**GAMLA BANDIÐ** Velvet Revolver áður en Scott Weiland hvarf á braut.

# Nýr söngvari hjá Velvet

**Rokksveitin Velvet Revolver er með nýjan söngvara í sigtinu. Hún vill samt ekki gefa strax upp hver það er. „Þetta gæti snúið hlutunum til betri vegar fyrir okkur,“ sagði trommarinn Matt Sorum í útvarpsviðtali. Velvet Revolver hefur verið án söngvara síðan Scott Weiland yfirgaf sveitina árið 2008 og sneri aftur í Stone Temple Pilots. „Við getum ekki tilkynnt hver þetta er strax, því við erum enn þá að hittast,“ sagði Weiland og viðurkenndi að hann væri orðinn þreyttur á söngvaraleysinu. „Við getum bara ekki farið á tónleikaferð með hvaða söngvara sem er, því miður.“**



**BRESTIR HJÁ DEPP?** Johnny Depp kemst í fréttir vestanhafs fyrir að daðra við mótleikkonu sína. NORDICPHOTOS/GETTY

# Daðrar við mótleikkonu

Leikarinn Johnny Depp er fallinn kylliflatur fyrir hinni 19 ára gömlu leikkonu, Kristen Stephenson-Pino. Frá þessu greinir slúðurritið Star og hefur á orði að Depp hafi ekki farið leynt með aðdáun sína á fegurðardísinni. Depp og Stephenson-Pino leika saman í myndinni Pirates of the Caribbean og er þeim vel til vina að sögn blaðsins.

Samband Johnny Depp og franska söngfuglsins Vanessu Paradis hefur, á þeim tólf árum sem þau hafa verið saman, verið laust við slúðursögurnar sem jafnan eru fylgifiskur kvikmyndabransans. Nú er annað komið á daginn en Vanessa Paradis mun aldrei hafa heimsótt sambýlismanninn sinn meðan tökur fóru fram á paradísareyjunni Havaí.

# Nýtt frá Green Day

Rokkararnir í Green Day ætla að gefa út nýja plötu í mars á næsta ári. Hún nefnist Awesome as Fuck og verður tvöföld tónleikaplata með lögum frá tónleikaferð sveitarinnar um heiminn til að kynna plötuna 21st Century Breakdown. Einnig kemur út mynddiskur með tvennum tónleikum Green Day í Tókýó. Forsprakkinn Billie Joe Armstrong gaf í skyn á Twitter að platan væri á leiðinni fyrr á þessu ári. Síðasta tónleikaplata Green Day, Bullet In A Bible, kom út árið 2006.



**BILLIE JOE ARMSTRONG** Rokkararnir í Green Day ætla að gefa út tónleikaplötu í mars.

# Gerir ekki tvo hluti í einu

Justin Timberlake á erfitt með að einbeita sér að tveimur hlutum í einu og því situr tónlistarferillinn á hakanum á meðan kvikmyndirnar eiga hug hans allan.

Timberlake lék Sean Parker í myndinni The Social Network og fékk góða dóma fyrir frammistöðu sína. Hann talar einnig fyrir Boo Boo í teiknimyndinni Yogi Bear og er þessa dagana að leika í vísindaskáldsögumyndinni Now. Aðdáendur popparans Timberlake bíða óþreyjufullir eftir nýrri plötu og hann segist ekki vera hættur að búa til tónlist. „Vonandi er ég ekki hættur í tónlistinni. Fólk er alltaf að spyrja mig um þetta," sagði hann. „Ég er karlmaður og ég get ekki gert tvo hluti í einu. Um leið og mér tekst það verður líf mitt mun auðveldara. Þegar maður leikur í mynd sökkvir maður sér niður í persónuna. Það tekur svo mikla andlega orku að ég get ekki samið tónlist á sama tíma. Ef ég myndi gera það yrði hún ömurleg."



**JUSTIN TIMBERLAKE** Popparinn og leikarinn á erfitt með að einbeita sér að tveimur hlutum í einu.

NORDICPHOTOS/GETTY

Síðasta plata Timberlake, FutureSex/LoveSounds, kom út árið 2006.



**JUSTIN BIEBER** Ungstirnið hefur kysst margar stelpur á undanförnum árum.

# Bieber hefur kysst margar

**Söngvarinn Justin Bieber segist hafa kysst margar stelpur á undanförnum árum. „Ég hef átt nokkrar kærustur. Ég byrjaði að hitta stelpur þegar ég var þrettán ára. Ég var ekkert svo ungur," sagði hinn sextán ára Bieber í viðtali við tímaritið Heat. „Ég hef kysst margar stelpur síðan þá." Spurður um vinskap sinn við raunveruleikastjörnuna Kim Kardashian sagði Bieber: „Mér finnst hún sæt. Hún er ekki of gömul fyrir mig. Þær sem eru eldri en fjörutíu eru of gamlar fyrir mig."**



**GÓÐ MAMMA** Gwyneth Paltrow kennir börnum sínum mannasiði ef marka má móður hennar, Blythe Danner.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Á vel upp alin börn

**Móðir leikkonunnar Gwyneth Paltrow heldur því fram að börnin Apple, sex ára, og Moses, fjögurra ára, séu þægustu börn í heimi. Amman, leikkonan Blythe Danner, segir Paltrow og eiginmann hennar, Chris Martin, vera afbragðs uppalendur og láta frægðina ekki koma í veg fyrir að halda venjulegt heimili. „Ég get ekki beðið eftir að eyða jólunum með þeim, börnin eru stillt, prúð og kunna mannasiði," segir Danner í samtali við breska slúðurritið US Weekly.**



# Apparatið kom, sá og sigraði

**Önnur plata Orgelkvartettsins Apparats er besta plata ársins 2010 samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Mjótt var á mununum á milli hennar og fyrstu sólóplötu Jónsa.**

Fréttablaðið leitaði til valinna sérfræðinga til þess að komast að því hverjar væru bestu plötur ársins 2010. Sautján manns skiluðu inn listum yfir bestu íslensku plöturnar – gagnrýnendur, fjölmiðlafólk og nafntogaðir tónlistaráhugamenn. Platan sem er í efsta sæti á lista hvers og eins fær 5 stig, platan í öðru sæti 4 stig og þannig koll af kolli. Ef tvær plötur fá jafn mörg stig fær sú plata sem er með fleiri tilnefningar hærra sæti á heildarlistanum. Útkoman var jafnari en oft áður og aðeins munaði fjórum stigum á tveimur efstu plötunum. Það var Apparat Organ Quartet sem lenti í fyrsta sæti með plötuna Pólýfóníu sem þar með telst plata ársins. Íslenskir tónlistaráhugamenn hafa augljóslega verið fljótir að meðtaka plötuna, sem kom út 9. desember síðastliðinn og hafði því aðeins verið í örfáa daga á markaðnum þegar könnunin var unnin. Apparatið fékk ekki bara hæstu stigatöluna (31 stig) heldur líka flestar tilnefningar, tíu talsins.

Í öðru sæti lenti fyrsta sólóplata Jónsa, Go, með 27 stig og átta tilnefningar, en önnur plata Retro Stefson, Kimbabwe, hafnaði í þriðja sæti með 23 stig og 7 tilnefningar. Nýliðar hafa stundum verið áberandi á listanum, en í ár eru flestir þeirra listamanna sem ná inn á topp 10 að gefa út sína aðra plötu og þar með er greinilegt að íslenskir tónlistarmenn láta ekki „hina erfiðu plötu númer tvö“ slá sig út af laginu.

Það vekur líka athygli að tvær barnaplötur ná inn á listann, sem er mjög óvenjulegt. Skýringin er sennilega sú að bæði Pollapönk og Diskóeyjan höfða jafnt til barna og foreldra þeirra.

Loks má geta þess að þær plötur sem náðu tíu efstu sætunum skiptast bróðurlega á milli helstu plötuútgáfa landsins. Kimi, Record Records, Sena og Smekkleysa eru með tvær plötur hver og Geimsteinn og 12 tónar eina.

1



2



3


4


5


6


7


8


9



10


## Bestu íslensku plöturnar

1. Apparat Organ Quartet – Pólýfónía.................31 stig
2. Jónsi – Go.................27 stig
3. Retro Stefson – Kimbabwe.................23 stig
4. Jónas Sigurðsson – Allt er eitthvað.................18 stig
5. Ólöf Arnalds – Innundir skinni.................16 stig
6. Agent Fresco – A Long Time Listening.................13 stig
7. Seabear – We Built a Fire.................12 stig (5 tilnefningar)
8. BlazRoca – Kópacabana.................12 stig (4 tilnefningar)
9. Prófessorinn og Memfismafían – Diskóeyjan.................10 stig
10. Pollapönk – Meira pollapönk.................7 stig

**Alexandra Kjeld**



1. Jóel Pálsson – *Horn*
2. Skúli Sverrisson – *Sería II*
3. Agent Fresco – *A Long Time Listening*
4. Moses Hightower – *Búum til börn*
5. Ólöf Arnalds – *Innundir skinni*

**Bergrún Anna Hallsteinsdóttir** – Grapevine



1. Orphic Oxtra – *Orphic Oxtra*
2. Ólafur Arnalds – *And They Escaped the Weight of Darkness*
3. Retro Stefson – *Kimbabwe*
4. Hjaltalín og Sinfó – *Alpanon*
5. Samúel Jón Samúelsson Big Band – *Helvítis Fökking Funk*

**Freyr Bjarnason** – Fréttablaðið



1. Jónsi – *Go*
2. Jónas Sigurðsson – *Allt er eitthvað*
3. Ólöf Arnalds – *Innundir skinni*
4. Moses Hightower – *Búum til börn*
5. Apparat Organ Quartet – *Pólýfónía*

**Jens Kr. Guð**



1. BlazRoca – *Kópacabana*
2. Bjartmar og Bergrisarnir – *Skrýtin veröld*
3. Skálmöld – *Baldur*
4. Jónsi – *Go*
5. Ólöf Arnalds – *Innundir skinni*

**Anna Margrét Björnsson**



1. Singapore Sling – *Must Be Destroyed*
2. Apparat Organ Quartet – *Pólýfónía*
3. The Third Sound – *The Third Sound*
4. Sigurður Guðmundsson & Memfismafían – *Nú stendur mikið til*
5. Seabear – *We Built a Fire*

**Björn Þór Björnsson** – Bobby Breiðholt



1. Prófessorinn og Memfismafían – *Diskóeyjan*
2. Nolo – *No-Lo-Fi*
3. Prinspóló – *Jukk*
4. Retro Stefson – *Kimbabwe*
5. BlazRoca – *Kópacabana*

**Freyr Gígja Gunnarsson** – Fréttablaðið



1. Agent Fresco – *A Long Time Listening*
2. Apparat Organ Quartet – *Pólýfónía*
3. Retro Stefson – *Kimbabwe*
4. Prófessorinn og Memfismafían – *Diskóeyjan*
5. Valdimar - *Undraland*

**Kjartan Guðmundsson** – Fréttablaðið



1. Retro Stefson – *Kimbabwe*
2. Seabear – *We Built a Fire*
3. BlazRoca – *Kópacabana*
4. Pollapönk – *Meira pollapönk*
5. Moses Hightower – *Búum til börn*

**Árni Þór Jónsson** – Zýrður rjómi



1. Apparat Organ Quartet – *Pólýfónía*
2. Benni Hemm Hemm – *Skot*
3. Prófessorinn og Memfismafían – *Diskóeyjan*
4. Seabear – *We Built a Fire*
5. Hjaltalín og Sinfó – *Alpanon*

**Dr. Gunni** – Fréttatíminn



1. Retro Stefson – *Kimbabwe*
2. Pollapönk – *Meira pollapönk*
3. BlazRoca – *Kópacabana*
4. Apparat Organ Quartet – *Pólýfónía*
5. Just Another Snake Cult – *The Dionysian Season*

**Halldór Ingi Andrésson** – bloggheimar.is/poppheimar



1. Ólöf Arnalds – *Innundir skinni*
2. Kalli – *Last Train Home*
3. Valdimar – *Undraland*
4. Amiina – *Puzzle*
5. Jónsi – *Go*

**Mattías Már Magnússon** – Rás 2



1. Ensími – *Gæludýr*
2. Agent Fresco – *A Long Time Listening*
3. Jónsi – *Go*
4. Apparat Organ Quartet – *Pólýfónía*
5. Valdimar – *Undraland*

**Benedikt Reynisson** - bensonisfantastic.wordpress.com



1. Just Another Snake Cult – *The Dionysian Season*
2. Jónsi – *Go*
3. Seabear – *We Built a Fire*
4. Miri – *Okkar*
5. Quadruplos - *Quadruplos*

**Egill Harðar** – Rjóminn



1. Jónas Sigurðsson – *Allt er eitthvað*
2. Biggi Hilmarsson – *Future of Hope*
3. Jónsi – *Go*
4. Apparat Organ Quartet – *Pólýfónía*
5. Agent Fresco – *A Long Time Listening*

**Höskuldur Daði Magnússon** – Fréttablaðið



1. Apparat Organ Quartet – *Pólýfónía*
2. Jónas Sigurðsson – *Allt er eitthvað*
3. Retro Stefson – *Kimbabwe*
4. Seabear – *We Built a Fire*
5. Pollapönk – *Meira pollapönk*

**Ólafur Páll Gunnarsson** – Rás 2



1. Jónas Sigurðsson – *Allt er ekkert*
2. Jónsi – *Go*
3. Ólöf Arnalds – *Innundir skinni*
4. Apparat Organ Quartet – *Pólýfónía*
5. Orri Harðarson – *Albúm*

**Trausti Júlíusson** – Fréttablaðið



1. Jónsi – *Go*
2. Apparat Organ Quartet – *Pólýfónía*
3. Ólöf Arnalds – *Innundir skinni*
4. Retro Stefson – *Kimbabwe*
5. Quadruplos – *Quadruplos*

## BESTU PLÖTUR SÍÐUSTU ÁRA

**2009: Hjaltalín - Terminal**
**2008:** Sigur Rós - Með suð í eyrum við spilum endalaust
**2007: Mugison - Mugiboogie**
**2006:** Reykjavík! - Glacial Landscapes, Religion, Oppression & Alcohol
**2005: Sigur Rós - Takk**
**2004:** Mugison - Mugimama (is this Monkey Music?)
**2003:** Mínus – Halldór Laxness
**2002:** Sigur Rós - ()
**2001:** XXX Rottweilerhundar - XXX Rottweilerhundar
**2000:** Botnleðja - Douglas Dakota
**1999: Sigur Rós - Ágætis byrjun**
**1998:** Botnleðja - Magnyl

*Samkvæmt sams konar könnunum í Fréttablaðinu, DV og Fókus*



# Lífsþor

## Ljóðasafn Árna Grétars Finnssonar




**Lífsþor er heildarsafn ljóða Árna Grétars Finnssonar, sem áður hafa birst í fjórum bókum. Árni Grétar var landsþekktur fyrir störf sín sem hæstaréttarlögmaður og bæjarfulltrúi í Hafnarfirði.**

**Fyrri ljóðabækur Árna Grétars hafa verið ófáanlegar um hríð svo að börn hans réðust í útgáfu á þessu heildarsafni verka hans til minningar um föður sinn. Boðskapur margra ljóðanna á tvímælalaust erindi við þjóðina í dag – það lífsþor sem einkenndi ævigöngu Árna Grétars Finnssonar.**

### Lífsþor

Það þarf meiri kjark til að segja satt en ljúga,
sjálfstraust til að efast, er aðrir trúa,
djörfung til að mæla gegn múgsins boðun,
manndóm til að hafa eigin skoðun.

Það þarf viljastyrk til að lifa eigin ævi,
einurð til að forðast heimsins lævi,
visku til að kunna að velja og hafna,
velvild, ef að andinn á að dafna.

Þörf er á varúð víðar en margur skeytir.
Víxlspor eitt oft öllu lífi breytir.
Þá áhættu samt allir verða að taka
og enginn tekur mistök sín til baka.

Því þarf magnað þor til að vera sannur maður,
meta sinn vilja fremur en fjöldans daður,
fylgja í verki sannfæringu sinni,
sigurviss, þó freistingarnar ginni.

D R E I F I N G

LJÓSMYND
Ú T G Á F A

Sími 893 5664 | ljosmynd@lallikalli.is

E I N N I G F R Á L J Ó S M Y N D Ú T G Á F U :






# Platan sem stækkaði aðdáendahópinn

**Hljómsveitin The National á bestu plötu ársins samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Platan, High Violet, naut meiri hylli hjá sérfræðingum blaðsins en plata Kanye West sem er víða á toppi uppgjörslista úti í heimi.**

Fréttablaðið leitaði til valinna sérfræðinga til þess að ganga úr skugga um það hverjar eru bestu plötur ársins 2010. 17 manns skiluðu inn listum yfir bestu erlendu plöturnar, – gagnrýnendur, fjölmiðlafólk og nafntogaðir tónlistaráhugamenn. Platan sem er í efsta sæti á lista hvers og eins fær 5 stig, platan í öðru sæti 4 stig og þannig koll af kolli. Ef tvær plötur fá jafn mörg stig þá fær sú plata sem er með fleiri tilnefningar hærra sæti á heildarlistanum.

Það var nokkuð jafnt á toppnum, en þó skar Ohio-sveitin The National sig úr með plötuna High Violet. Hún fékk 23 stig alls og sex tilnefningar, þar af fjórar í fyrsta sætið. Þetta er fimmta plata sveitarinnar og jafnframt sú sem hefur stækkað aðdáendahópinn þeirra mest. Arcade Fire sem hafnaði í öðru sæti fékk fleiri tilnefningar, sjö talsins, en aðeins 18 stig. Flestir þeirra tónlistarmanna sem náðu inn á Topp 10 eru góðkunningjar lista af þessu tagi, bæði í ár og undanfarin ár, þannig að það má segja að fátt komi á óvart. Það er einna helst að árangur blúsrokkdúósins The Black Keys veki athygli, en platan þeirra Brothers nær þriðja sæti með 17 stig og sex tilnefningar.

Það vekur líka athygli að níu af þeim listamönnum sem komust í eitt af tíu efstu sætunum eru frá Bandaríkjunum eða Kanada. Aðeins gamli Jam-forsprakkinn Paul Weller nær að klóra í bakkann fyrir Bretland og Evrópu með plötunni frábæru Wake Up the Nation sem hafnaði í níunda sæti.




### Bestu erlendu plöturnar

1. The National – *High Violet* ..... **23 stig**
2. Arcade Fire – *The Suburbs* ..... **18 stig**
3. The Black Keys – *Brothers* ..... **17 stig**
4. MGMT – *Congratulations* ..... **16 stig**
5. Kanye West – *My Beautiful Dark Twisted Fantasy* ..... **13 stig**
6. Neil Young – *Le Noise* ..... **9 stig**
7. Sufjan Stevens – *Age of Adz* ..... **8 stig**
8. LCD Soundsystem – *This Is Happening* ..... **7 stig**
9. Paul Weller – *Wake Up The Nation* ..... **6 stig** (3 tilnefningar)
10. Deerhunter – *Halycon Digest* ..... **6 stig** (2 tilnefningar)




**Alexandra Kjeld**



1. John Legend & The Roots – *Wake Up*
2. Sufjan Stevens – *Age of Adz*
3. Janelle Monáe – *The ArchAndroid*
4. Arcade Fire – *The Suburbs*
5. Joanna Newsom – *Have One On Me*

**Benedikt Reynisson** bensonisfantastic.wordpress.com



1. Women – *Public Strain*
2. Ariel Pink's Hunted Graffiti – *Before Today*
3. Deerhunter – *Halycon Digest*
4. These News Puritans – *Hidden*
5. LCD Soundsystem – *This Is Happening*

**Egill Harðar** – Rjóminn



1. MGMT – *Congratulations*
2. Corte Real – *St. Louis*
3. Oh No Ono – *Eggs*
4. Lightspeed Champion – *Life is Sweet! Nice to Meet You*
5. Interpol - *Interpol*

**Jens Kr. Guð**



1. Eivör – *Larva*
2. Högni Restrup – *Trý fet frá tilveruni*
3. Grinderman – *Grinderman 2*
4. Neil Young – *Le Noise*
5. The National – *High Violet*

**Anna Margrét Björnsson**



1. Clinic – *Bubblegum*
2. Broadcast & The Focus Group – *Familiar Shapes And Noises*
3. Death And Vanilla – *Hands In The Dark*
4. A Place To Bury Strangers – *Exploding Head*
5. Tame Impala – *Innerspeaker*

**Bergrún Anna Hallsteinsdóttir** – Grapevine



1. Max Tannone – *Mos Dub*
2. Mumford And Sons – *Sigh No More*
3. Laura Marling – *I Speak Because I Can*
4. Gil Scott-Heron – *I'm New Here*
5. Robert Plant – *Band Of Joy*

**Freyr Bjarnason** Fréttablaðið



1. The Black Keys – *Brothers*
2. Kanye West – *My Beautiful Dark Twisted Fantasy*
3. Arcade Fire – *The Suburbs*
4. The National – *High Violet*
5. Beach House – *Teen Dream*

**Kjartan Guðmundsson** Fréttablaðið



1. Vampire Weekend – *Contra*
2. Kanye West – *My Beautiful Dark Twisted Fantasy*
3. The Black Keys – *Brothers*
4. M.I.A. – *Maya*
5. Ou Est Le Swimming Pool – *The Golden Year*

**Atli Fannar Bjarkason** Fréttablaðið



1. The National – *High Violet*
2. The Walkmen – *Lisbon*
3. Arcade Fire – *The Suburbs*
4. Interpol – *Interpol*
5. MGMT - *Congratulations*

**Björn Þór Björnsson** Bobby Breiðholt



1. Black Mountain – *Wilderness Heart*
2. Big Boi - *Sir Lucious Left Foot The Son of Chico Dusty*
3. The Black Keys – *Brothers*
4. Phosphorescent - *Here's to Taking it Easy*
5. Tobacco – *Maniac Meat*

**Halldór Ingi Andrésson** bloggheimar.is/poppheimar



1. John Grant – *Queen Of Denmark*
2. Paul Weller – *Wake Up The Nation*
3. Neil Young – *Le Noise*
4. Belle & Sebastian – *Write About Love*
5. Tom Petty & The Heartbreakers – *Mojo*

**Mattías Már Magnússon** Rás 2



1. The National – *High Violet*
2. Arcade Fire – *The Suburbs*
3. The Tallest Man On Earth – *The Wild Hunt*
4. The Black Keys – *Brothers*
5. Paul Weller – *Wake Up The Nation*

**Árni Þór Jónsson** – Zýrður rjómi



1. The National – *High Violet*
2. Sufjan Stevens – *Age of Adz*
3. Deerhunter – *Halycon Digest*
4. LCD Soundsystem – *This Is Happening*
5. Arcade Fire – *The Suburbs*

**Dr. Gunni** – Fréttatíminn



1. MGMT – *Congratulations*
2. Surfer Blood – *Astro Coast*
3. Sleigh Bells – *Treats*
4. Wavves – *King Of The Beach*
5. The Chemical Brothers - *Further*

**Höskuldur Daði Magnússon** Fréttablaðið



1. The National – *High Violet*
2. MGMT – *Congratulations*
3. Arcade Fire – *The Suburbs*
4. Beach House – *Teen Dream*
5. The Black Keys – *Brothers*

**Ólafur Páll Gunnarsson** Rás 2



1. Band Of Horses – *Infinite Arms*
2. Neil Young – *Le Noise*
3. Robert Plant – *Band Of Joy*
4. Arcade Fire – *The Suburbs*
5. Mumford And Sons – *Sigh No More*

## BESTU PLÖTUR SÍÐUSTU ÁRA

**2009: Animal Collective - Merriweather Post Pavilion**
**2008:** MGMT - *Oracular Spectacular*
**2007:** Arcade Fire - *Neon Bible*
**2006:** Bob Dylan – *Modern Times*
**2005: Sufjan Stevens – Illinois**
**2004:** The Streets – *A Grand Don't Come For Free*
**2003:** The Mars Volta – *De-Loused In The Comatorium* og **The White Stripes – Elephant**
**2002:** The Streets – *Original Pirate Material*
**2001: Daft Punk – Discovery**
**2000:** St. Germain – *Tourist*
**1999:** Beck – *Midnite Vultures*
**1998:** Massive Attack – *Mezzanine*

*Samkvæmt sams konar könnunum í Fréttablaðinu, DV og Fókus.*




**Trausti Júlíusson** Fréttablaðið



1. Kanye West – *My Beautiful Dark Twisted Fantasy*
2. LCD Soundsystem – *This Is Happening*
3. The Black Keys – *Brothers*
4. Gorillaz – *Plastic Beach*
5. Paul Weller – *Wake Up The Nation*


Ice Queen
Ice Queen snyrtivörulínan er ný hönnun á glæsilegum förðunarvörum fyrir skvísur á öllum aldri.
VISA Vildarkort
HÉR FÁST ÞREFALDIR VILDARPUNKTAR TIL JÓLA
Zebra taskan
· Svartur IceQueen maskari
· Smoky-Chic augnskuggabox
· Icy-Pink gloss
· IceQueen eyeliner
· Midnight Queen gerviaugnahár
4.900kr
Svarta taskan
· Svartur IceQueen maskari
· Smoky-Chic augnskuggabox
· Icy-Pink gloss
· IceQueen eyeliner
· Midnight Queen gerviaugnahár
3.900kr
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Íslenskt og enskt rokk og ról

„Þetta eru ég og bróðir minn Egill og hinir svokölluðu Birmingham Bad Boys,“ segir Skúli Jónsson úr hljómsveitinni Porquesi, sem hefur gefið út sína fyrstu plötu, This Is Forever.

„Birmingham Bad Boys“ eru þeir Jonathan Baker og Russell Michael Harmon frá Birmingham á Englandi sem kræktu sér í íslenskar kærustur og búa með þeim hér á landi. „Við Russell erum með svipaðan tónlistarsmekk. Við byrjuðum að púsla saman lögum en vinur hans Jonathan er á trommum. Svo small þetta allt rosavel saman,“ bætir Vesturbæingurinn Skúli við.

Porquesi spilar ósungin rokklög sem eflast með hverri mínútunni. Þrátt fyrir söngleysið fylgja textar með öllum lögum plötunnar. „Mér datt þetta í hug til að gefa plötunni aðeins meiri þunga. Svo getur fólk ráðið hvort það les textann með þegar það hlustar eða ímyndar sér eitthvað sjálft.“

Áhrifavaldar eru af ýmsum toga, þar á meðal skoska bandið Mogwai, Sigur Rós, Mike Oldfield og hinar ýmsu harðkjarnasveitir. Útgáfutónleikar Porquesi verða á Sódómu í kvöld. Dúlli Dúskur og Rokksonur hita upp og aðgangseyrir er ókeypis. - fb



**PORQUESI** Rokksveitin heldur útgáfutónleika á Sódómu í kvöld.



**KLÁMFENGIN** Klovn-myndin þykir klámfengin og miðað við atriðin sem talin eru upp í dönskum blöðum er ljóst að hún er á ansi gráu svæði. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvaða aldurstakmark verður inn á á sýningarnar hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Klovn-mynd er klámmynd

**Klovn-myndin er að verða ein vinsælasta gamanmyndin í sögu Danmerkur og stjörnurnar tvær, Casper Christensen og Frank Hvam, mala gull. En nú hefur aðeins hægst á lukkuhjólinu því sumir vilja meina að myndin sé argasta klám.**

Danskur barnabókahöfundur er æfur út í danska kvikmyndaeftirlitið vegna gamanmyndarinnar Klovn: The Movie sem byggir á samnefndum þáttum. Myndin er bönnuð börnum innan ellefu ára í Danmörku en það þykir barnabókahöfundinum ákaflega lágur aldur, hún ætti í raun að vera bönnuð innan sextán, þar sem hún sé mjög gróf.

Vibeke Manniche er barnalæknir og hefur skrifað bækur á borð við Allt um barnið og Heilbrigð börn sem notið hafa töluverðra vinsælda í Danmörku. Í samtali við danska dagblaðið BT segir hún að Klovn-myndin sé ekkert annað en klám og hún skilji ekkert í danska kvikmyndaeftirlitinu að hafa aldurstakmarkið aðeins ellefu ára. „Myndin er alltaf gróf fyrir börn á þessum aldri,“ segir Manniche.

Fram kemur í umfjöllun B.T. að vissulega sé mikið af nekt í myndinni og margir vilja meina að hún fari á köflum yfir velsæmismörkin. Þannig sést trúðurinn Frank Hvam stinga fingri upp í endaþarm konu, Casper Christensen hefur mök við karlmann og þar að auki gera þeir tveir grín að tilla ellefu ára gamals drengs.





Vibeke segist óttast að myndin gæti haft alvarleg áhrif á hvernig börn upplifi sjálf sig og hvað sé eðlilegt. „Börn sem eru ellefu ára þekkja ekki muninn á skáldskap og raunveruleika. Myndin er mjög satírísk, sem gerir hana enn erfiðari í meltingu fyrir barn á þessum aldri,“ útskýrir Vibeke.

Framleiðandi Klovn-myndarinnar, Louise Vesth, segist ekki líta á Klovn sem klám og vísaði að öðru leyti í ákvörðun danska kvikmyndaeftirlitsins. Könnun á vef Ekstrablaðsins leiðir hins vegar í ljós að lesendur eru ekki sammála framleiðandanum, tæplega sextíu prósent telja að myndin ætti að vera bönnuð innan fimmtán ára.

Sambíóin dreifa Klovn-myndinni hér á Íslandi en hún verður frumsýnd 1. janúar. Þorvaldur Árnason hjá Sambíóunum segir að þeir séu ekki búnir að taka ákvörðun um hvaða aldurstakmark verði á myndinni. Á Íslandi er notast við svokallað hollenskt kerfi en það var tekið upp með lögum árið 2006. Kerfið á að vera nokkuð óbrigðult en Þorvaldur segir að þeir ætli að leita eftir upplýsingum um myndina og umræðum um hana í Danmörku. „Við eigum eftir að sjá myndina í heild sinni og tökum ákvörðun eftir það,“ segir hann.

freyrgigja@frettabladid.is

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| MEGAMIND-3D M/ ensku. Tali | kl. 8 - 10:10 | L |
| THE LAST EXORCISM | kl. 6 - 8 - 10:10 | 16 |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 8:30 - 10:10 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 8:30 | VIP |
| DUE DATE | kl. 8 | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MEGAMIND-3D ísl tal | kl. 6 | L |
| MEGAMIND-3D enskt tal | kl. 8 - 10 | L |
| HARRY POTTER | kl. 6 | 10 |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 9 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| MEGAMIND-3D M/ ensku. Tali - textalaust | kl. 8 og 10.30 | L |
| LITTLE FOCKERS mastercard forsýning | kl. 8 | 12 |
| HARRY POTTER | kl. 5, 8 og 10.10 | 10 |
| NARNIA-3D | kl. 5.30 | L |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 10.10 | L |
| DUE DATE | kl. 5.40 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LITTLE FOCKERS MasterCard forsýning 2 fyrir 1 | kl. 8 | 12 |
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| MEGAMIND-3D M/ ensku. Tali | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| THE LAST EXORCISM | kl. 10:10 | 16 |
| HARRY POTTER | kl. 5 - 8 | 10 |
| RED | kl. 10:40 | 12 |





SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| LITTLE FOCKERS | KL. 8 FORSÝNING | 12 |
| MEGAMIND 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.50 | L |
| NARNIA 3 3D | KL. 3 - 5.30 - 10.30 | 7 |
| NARNIA 3 3D LÚXUS | KL. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| FASTER | KL. 10.30 | 16 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | KL. 10.10 | 16 |
| JACKASS 3D ÓTEXTAÐ | KL. 10.30 | 12 |
| | | L |

HÁSKÓLABÍÓ — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| LITTLE FOCKERS | kl. 8 FORSÝNING | 12 |
| NARNIA 3 3D | kl. 6 - 9 | 7 |
| FASTER | kl. 10.10 | 16 |
| AGORA | KL. 6 - 9 | 14 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 6 | L |
| UNSTOPPABLE | KL. 10.10 | 12 |
| EASY A | KL. 6 | L |
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | KL. 8 | |

BORGARBÍÓ — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| LITTLE FOCKERS | kl. 8 FORSÝNING | 12 |
| NARNIA 3 3D | kl. 5.45 - 10 | 7 |
| UNSTOPPABLE | kl. 8 Síðasta sýning | 12 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | kl. 10 Síðasta sýning | 16 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 5.45 | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is
facebook /smarabio • Sími 564 0000

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁS BÍÓ — Miðasala á midi.is





LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| LITTLE FOCKERS | 8 - FORSÝNING | L |
| MEGAMIND 3D - ISL TAL | 6 | L |
| MEGAMIND 3D - ENS TAL | 10 - ÓTEXTUÐ | L |
| NARNIA 3D | 5.30 | 7 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | 8 | 16 |
| THE NEXT THREE DAYS | 5.40, 8 og 10.30 | 12 |
| JACKASS 3D | 10.10 - ÓTEXTUÐ | 12 |

CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| RARE EXPORTS(12) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| THE KILLER INSIDE ME(16) | 18:10, 20:15, 22:20 |
| FRIED GREEN TOMATOES(L) | 18:00 |
| IN THE LINE OF FIRE(16) | 20:30 |
| DAS BOOT(16) | 22:20 |
| THE SOCIAL NETWORK(L) | 22:50 |
| GNARR(L) | 20:30 |
| ÓRÓI(L) | 18:20 |



# TÆMUM BÚÐINA
## Á KORPUTORGI

# 50% afsláttur af öllu




LEIKFÖNG




BÆKUR




PÚSL & SPIL




SKRIFSTOFU OG SKÓLAVÖRUR



TÖSKUR



TÖLVUVÖRUR

# ALLT Á AÐ SELJAST

VIÐ ÆTLUM AÐ BREYTA BÚÐINNI



**Ég ætla að spara í ár!**

**Office1**

18 DAGAR

**GUNNLAUGUR HJÁLMARSSON** skoraði fyrsta mark Íslands á HM þegar hann kom Íslandi í 1-0 á móti verðandi silfurliði Tékka í fyrsta leik Íslands á HM í Austur-Þýskalandi 1958. Þetta var í eina skiptið sem Ísland var yfir í leiknum, Tékkar skoruðu hins vegar næstu átta mörk og unnu 27-17. Leikurinn fór fram 27. febrúar 1958 í Magdeburg.

# Ég hefði átt að fara miklu fyrr út

**Hlynur Bæringsson hefur gert það gott í sænska körfuboltanum í vetur með Sundsvall Dragons. Hann hefur spilað vel rétt eins og liðið, sem er í toppbaráttunni. Þetta er í annað sinn sem hinn 28 ára gamli Hlynur fer í atvinnumennsku og hann segist sjá eftir því að hafa ekki látið slag standa fyrr á ferlinum.**

**KÖRFUBOLTI** Hlynur Bæringsson hleypti heimdraganum í sumar eftir frábært tímabil með Snæfelli þar sem Hólmarar unnu tvöfalt. Hann gekk í raðir sænska liðsins Sundsvall Dragons sem er í toppbaráttu sænsku úrvalsdeildarinnar.

Hlyni hefur gengið vel að aðlagast sænska boltanum en hann hefur farið mikinn. Er með 15,1 stig, 12,4 fráköst og 3,5 stoðsendingar að meðaltali í leik.

„Mér hefur líkað vistin frábærlega. Það hefur allt staðið undir væntingum bæði innan vallar og utan. Það er fínn styrkleiki í þessari deild þó svo að það séu ekki eintómir snillingar í henni. Munurinn liggur heilt yfir í því að hér eru margir góðir leikmenn. Kanarnir eru ekki í eins stóru hlutverki og heima á Íslandi,“ segir Hlynur, sem er einnig ánægður með sína frammistöðu það sem af er.

### Missti mig ekki í golfi og öli

„Það hefur gengið vel hjá mér. Ég er töluvert minni en strákarnir sem ég þarf að dekka en ég bjóst nú við því. Þrátt fyrir hæðarmuninn hefur þetta gengið vel. Ég reyndi líka að koma almennilega undirbúinn til leiks. Var ekki með neinn aumingjagang og var ekki að missa mig í golfi og öli síðasta sumar. Ég sinnti sjálfum mér vel og það skilaði sér,“ segir Hlynur, sem er atvinnumaður í íþróttinni og segist hafa það ágætt.

„Ég myndi nú ekki segja að maður verði ríkur af þessu en ég get séð fyrir fimm manna fjölskyldu og á smá afgang til að leggja til hliðar. Ég get því ekki kvartað. Það eru líka forréttindi að fá að vera mikið heima með fjölskyldunni enda er ég með stóra fjölskyldu. Ég hef reynt að segja konunni að þó svo ég sé meira heima við þá þurfi ég að hvíla líka en það er lítið hlustað á það,“ segir Hlynur léttur en það er sjaldan langt í húmorinn hjá honum.

Það er fín stemning fyrir körfubolta í Sundsvall og mæta venjulega um 2.000 manns á heimaleiki Dragons. Hlynur segir lífið í Sundsvall vera gott þó svo að það sé nokkuð kalt.

„Það voru mínus 23 gráður hérna um daginn. Það var ekkert spes. Maður mælir hitann með því að anda inn um nefið. Ef nasirnar festast lengi saman þá er mikið frost,“ segir Hlynur og hlær við. „Það er mjög fínt að hafa Jakob og frú hér líka en við búum í sömu blokk og það er mikill samgangur á milli. Við skiptumst á að elda og erum mikið saman. Það er afar notalegt.“

### Munurinn svipaður og á himninum og hafinu

Þetta er í annað sinn á ferlinum sem hinn 28 ára gamli Hlynur fer í atvinnumennsku en hann var áður í Hollandi. Hann segir mikinn mun vera á því að spila í Svíþjóð og Hollandi.

„Munurinn er svipaður og á himninum og hafinu. Liðið í Hollandi var reyndar þokkalegt en umgjörðin er allt önnur og betri hér í Svíþjóð. Svíarnir gera þetta vel og leggja mikið í þetta. Því var ekki að heilsa í Hollandi,“ segir Hlynur sem getur vel hugsað sér að vera áfram í Svíþjóð.

„Ég er með svokallaðan einn plús einn samning. Ég get komist frá liðinu í lok tímabils til liðs í Evrópu en ef ég verð áfram á Norðurlöndunum þá verð ég hér. Hér er gott fyrir barnafjölskyldur að vera og okkur líður vel. Ég veit ekki hvort mér býðst eitthvað betra þó svo ég væri vissulega til í að prófa að búa sunnar í Evrópu. Ég er ekkert að bíða eftir tilboði frá liði í efstu deild á Spáni. Ég býst því fastlega við því að vera hér áfram,“ segir Hlynur sem sér ekki eftir því að hafa farið til Svíþjóðar. „Það eina sem ég sé eftir er að hafa ekki farið fyrr. Ég hefði átt að vera löngu farinn.“

Hlynur mun eyða jólunum í Svíþjóð ásamt fjölskyldu sinni enda þarf hann að spila um jólin. Hann stefnir engu að síður á að vera með eins íslensk jól og hann getur.

„Það verður lítið um jólafrí hjá mér þar sem leik var frestað og ég þarf því að spila á annan í jólum. Það er sem betur fer heimaleikur því annars hefði ferðalagið þangað tekið heilan dag. Það er búið að senda okkur hamborgarhrygg og hangikjöt ásamt mörgum lítrum af malti og appelsíni. Þetta verður því í fínu lagi,“ segir Hlynur, sem vill líka prófa að halda sænsk jól. „Ég mun fara á stúfana og athuga hvað Svíarnir borða og svona. Maður verður að vera með í menningunni.“

henry@frettabladid.is



**MEISTARI SÍÐASTA VOR** Hlynur Bæringsson fagnar hér einum af mörgum sigrum Snæfells á síðasta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Gott að sofa í rúminu mínu

Snæfelli hefur gengið ótrúlega vel í boltanum hér heima þó að liðið hafi misst Hlyn og Sigurð Þorvaldsson fyrir þetta tímabil. Hlynur vill meina að hann eigi stóran þátt í árangri Snæfells í vetur.

„Snæfell leigði af mér húsið mitt í Hólminum og þar búa Pálmi Freyr Sigurgeirsson, Jón Ólafur Jónsson, Sean Burton og Emil Jóhannsson. Pálmi var að drepast í bakinu í fyrra en er allur annar eftir að hafa komist í almennilegt rúm enda sefur hann í rúminu mínu. Þetta er því mér að þakka,“ segir Hlynur.

„Það þýðir ekkert að núlla út mín áhrif til Snæfellsliðsins. Ég er búinn að bjarga heilsunni hjá Pálma og svo hafa strákarnir gott sjónvarp til að horfa á sem léttir þeim lundina. Þeir eru meira að segja með hundinn minn líka. Ég er því enn að skila til Snæfells,“ segir Hlynur, sem hefur ekki áhyggjur af húsinu. „Pálmi sér um að halda strákunum á mottunni og ganga vel um húsið.“





**BJÖRGVIN PÁLL** Mun keppa við góðan Hollending hjá Magdeburg. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

Gerrit Eijlers:

## Bíður spenntur eftir Björgvini

**HANDBOLTI** Magdeburg hefur komið þægilega á óvart í þýsku úrvalsdeildinni í vetur. Markvörður liðsins, Hollendingurinn Gerrit Eijlers, á stóran þátt í gengi liðsins en hann hefur þótt vera með betri markvörðum deildarinnar í vetur.

Hann er aðalmarkvörður liðsins í vetur en mun fá harða samkeppni næsta vetur er Björgvin Páll Gústavsson gengur í raðir félagsins.

Eijlers óttast ekki samkeppnina heldur bíður hann þvert á móti spenntur eftir því að fá Björgvin til félagsins.

„Það eru margir leikir á hverju tímabili og maður á ekki alltaf góðan dag. Við munum bakka hvor annan vel upp,“ sagði Eijlers.

„Öll bestu liðin eru með tvo góða markverði og þannig verður það hjá okkur á næstu leiktíð.“

- hbg



**ÖFLUGUR** Albert mun verja mark Eyjamanna áfram á næstu leiktíð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Góð tíðindi fyrir ÍBV:

## Albert búinn að framlengja

**FÓTBOLTI** Markvörðurinn Albert Sævarsson skrifaði í gær undir nýjan samning við Pepsi-deildarlið ÍBV. Samningur Alberts við félagið gildir út næsta sumar.

ÍBV kom allra liða mest á óvart í Pepsi-deildinni síðasta sumar og Albert átti hugsanlega sitt besta sumar í íslenska boltanum. Hann varði eins og berserkur og átti stóran þátt í frábæru gengi Eyjamanna.

Hann var eftir mótið valinn leikmaður ársins hjá ÍBV.

Albert, sem hefur leikið 64 leiki fyrir ÍBV, kom til liðsins árið 2008 en lék áður með Grindavík. Albert hefur þess utan reynt fyrir sér í Færeyjum með ágætum árangri.

- hbg

Drög komin að Íslandsmótunum í knattspyrnu:

## Ballið byrjar 1. maí

**FÓTBOLTI** Mótanefnd KSÍ hefur sent frá sér fyrstu drög að leikdögum vegna Íslandsmótanna næsta sumar. Eins og kunnugt er verður ekki auðvelt að púsla Íslandsmóti karla saman vegna þátttöku U-21 árs liðsins á EM sem fer fram í júní.

Aðeins tvær umferðir eru áætlaðar í júní. Þær á að spila 6. júní og 26. júní.

Breiðablik er það lið sem líklega verður án flestra leikmanna meðan á EM stendur og eftir stendur sú spurning hvort rétt sé að láta lið sem á nokkra fulltrúa á EM spila meðan á mótinu stendur.

Stefnt er að því að hefja Íslandsmótið hjá körlunum hinn 1. maí og lokaumferðin er áætluð 1. október. Í frétt á heimasíðu KSÍ er ítrekað að einungis sé um grunndaga að ræða en ennþá eigi eftir að vinna við hverja umferð fyrir sig með tilliti til óska félaga, ferðalaga og ekki síst sjónvarpsútsendinga.

Íslandsmótið hjá konunum hefst á venjulegum tíma, hinn 17. maí, og mótinu hjá konunum á að ljúka 9. september. Fyrsta umferð í bikarkeppni karla fer fram 2. maí og önnur umferðin viku síðar. Konurnar hefja síðan leik í bikarnum hinn 21. maí.

Úrslitaleikur bikarkeppni karla mun líklega fara fram á menningarnótt eins og stefnt var að að gera með breytingum á ársþingi. Það var ekki hægt síðasta sumar þar sem kvennalandsleikur Íslands og Frakklands var spilaður á menningarnótt.

- hbg



**BYRJA Á STÓRLEIK** Íslandsmeistarar Breiðabliks byrja Íslandsmótið á því að taka á móti KR-ingum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# @ HARÐIR PAKKAR

## ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI

### MINNISLYKILL 8GB



**Corsair Flash Voyager Mini**
8GB USB mini minniskubbur, höggvarinn og með 10 ára ábyrgð. Einn sá allra minnsti.

CORSAIR

**3.950**

### VEFMYNDAVÉL



**Logitech WebCam C210**
Ódýr og góð vefmyndavél með 1.3MP kyrrmyndatöku, hljóðnema með RightSound og Rightlight. Virkar með Skype, MSN o.fl.

Logitech

**4.750**

### AKG HEYRNARTÓL



**AKG K512**
Lauflétt lokuð heyrnatól með púðum sem þekja eyrun alveg og spöng sem aðlagast notandanum. Pottþétt fyrir tónlist og tölvur.

AKG

**6.450**

### USB FLAKKARI 500GB



**Toshiba StorE Art 2.5**
500GB 2,5" USB flakkari sem tekur straum gegnum USB tengið.

TOSHIBA

**13.950**

### UNITED MARGMIÐLUNARSPILARI

WD

**1TB DISKUR**




**United HD MMP 9530**
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 1TB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

720/1080i

HDMI

**22.950**

### LASERPRENTARI

SAMSUNG



**Samsung ML1665**
Laserprentari sem prentar A4 í 1200x 600 upplausn og allt að 16bls. á mín. USB 2.0. Windows, Mac ofl.

**13.950**

### AMD TURNTÖLVA 2

COOLER MASTER



**AMD 2**
- AMD Athlon II X250 3,0GHz DualCore AM3
- 2GB DDR3 1333MHz minni
- 500GB SATA 2 WD harðdiskur
- AMD Radeon HD4250 skjákort
- DVD og CD skrifari
- Realtek High Definition 7.1 hljóðkort
- 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium

**79.950**

### acer FARTÖLVA



15,6"

**Acer Aspire 5736Z-453G32MN**
- 2.3GHz Intel Pentium Dual-Core T4500
- 3GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA diskur
- 15.6" WideScreen WXGA LED skjár
- DVD og CD skrifari og vefmyndavél í skjá
- Intel GMA X4500 skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

intel Pentium inside

**97.950**

### TOSHIBA FARTÖLVA



15,6"

**Toshiba Satellite L650-11J**
- 1.86GHz Intel Pentium Dual-Core P6000
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- 512MB Radeon HD 5145 skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

intel Pentium inside

**127.950**

**SENDUM ALLAR VÖRUR FÍTT FRAM AÐ JÓLUM**
**– MEÐ ÍSLANDSPÓSTI Á ÞITT PÓSTHÚS!**

WWW.ATT.IS

ATT.IS • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS • SÆKTU EÐA FÁÐU SENT

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði



**ERFIÐIR MÓTHERJAR** Dagur Sigurðsson, þjálfari Füchse. MYND/NORDICPHOTOS/BONGARTS

Þýski bikarinn í handbolta:

## Dagur dróst á móti Alfreð

**HANDBOLTI** Füchse Berlin, lið Dags Sigurðssonar og THW Kiel, lið Alfreðs Gíslasonar mætast í átta liða úrslitum þýska bikarsins en það var dregið í gærkvöldi.

Füchse Berlin sló HSV Hamburg út úr 16 liða úrslitunum en hafði ekki heppnina með sér því liðið mætir sjálfum þýsku meisturunum í næstu umferð.

Leikirnir fara fram 2. mars næstkomandi en fjögurra liða úrslit þýska bikarsins fara síðan fram í 7. og 8. maí. Undanúrslitaleikirnir fara þá fram um sömu helgi og úrslitaleikurinn.

Það var eitt annað Íslendingalið í pottinum, Rhein-Neckar Löwen, lið Guðmundar Guðmundssonar, sem dróst á móti MT Melsungen. - óój

Þrettándi sigur AG í röð í gær:

## Arnór með átta

**HANDBOLTI** Arnór Atlason skoraði átta mörk og var markahæstur í 36-21 sigri AG Kaupmannahöfn á FIF í dönsku úrvalsdeildinni í handbolta í gærkvöldi.

Þetta var þrettándi deildarsigur AG-liðsins í röð en liðið er með fimm stiga forskot á Aarhus á toppi deildarinnar. Snorri Steinn Guðjónsson skoraði þrjú mörk fyrir AG-liðið en næstmarkahæsti leikmaður liðsins var danski landsliðsmaðurinn Mikkel Hansen með sjö mörk.



Þetta var besti leikur Arnórs með AG á tímabilinu en hann hafði fyrir leikinn skorað 2,2 mörk að meðaltali í leik. - óój

# Fjórir íslenskir í fararbroddi

**Ægir Þór Steinarsson, Pavel Ermolinskij, Hörður Axel Vilhjálmsson og Sævar Ingi Haraldsson hafa slegið við öllum bandarísku bakvörðunum þegar kemur að því að spila uppi félaga sína í Iceland Express-deild karla í vetur.**

**KÖRFUBOLTI** Bandarískir bakverðir hafa oft verið í aðalhlutverki þegar kemur að því að leiða liðin úr leikstjórnendastöðunni í úrvalsdeild karla um árin. Það er því sérstakt að skoða stöðu mála í tölfræði fyrri umferðar Iceland Express-deildar karla eftir 11. og síðustu umferðina á árinu 2010.

Þeir Ægir Þór Steinarsson, Pavel Ermolinskij, Hörður Axel Vilhjálmsson og Sævar Ingi Haraldsson eru allir í lykilhlutverki í sínum liðum þegar kemur að því að skapa góð skotfæri fyrir félaga sína. Þeir eru í nokkrum sérflokki hvað - stoðsendingarnar varðar því Tindastólsmaðurinn Sean Cunningham er fyrstur bandarískra bakvarða á listanum með 6,0 stoðsendingar að meðaltali í leik eða 0,88 færri en Sævar sem er í 4. sætinu.

Fjölnismaðurinn Ægir Þór Steinarsson er í efsta sæti, aðeins einni stoðsendingu frá því að brjóta hundrað stoðsendinga múrinn. Ægir Þór hefur gefið 99 stoðsendingar í 11 leikjum eða nákvæmlega 9 að meðaltali í leik.

Ægir Þór hefur titil að verja en hann varð efstur á þessum lista eftir harða baráttu við Snæfellinginn Sean Burton á síðasta tímabili. Ægir Þór gaf 7,8 stoðsendingar að meðaltali í leik í fyrra og hefur því hækkað meðaltal sitt um 1,2 stoðsendingar frá því í fyrra.

KR-ingurinn Pavel Ermolinskij hefur gælt við þrefalda tvennu í allan vetur. Hann er í 2. sæti yfir flestar stoðsendingar, aðeins fjórum stoðsendingum á eftir Ægi. Það gera 8,64 stoðsendingar að meðaltali í leik. Pavel er langefstur af umræddum fjórum í fráköstum enda að taka 12,18 fráköst að meðaltali í leik.

Keflvíkingurinn Hörður Axel Vilhjálmsson er í þriðja sætinu með 81 stoðsendingu í 11 leikjum eða 7,4 að meðaltali í leik. Hörður er líka efstur í stigaskori af þessum fjórum íslensku bakvörðum en hann hefur auk allra stoðsendinganna skorað 19 stig að meðaltali í leik. Hörður hækkar á listanum fjórða tímabilið í röð, hann var í 10. sæti 2007-08, í 9. sæti 2008-09 og svo í 6. sæti á síðasta tímabili þegar hann gaf 5,0 stoðsendingar að meðaltali í leik.

Haukamaðurinn Sævar Ingi Haraldsson er síðan í 4. sætinu með 6,88 stoðsendingar að meðaltali í leik. Sævar Ingi hefur misst af þremur síðustu leikjum Hauka en gaf 55 stoðsendingar í fyrstu átta leikjum liðsins. Sævar Ingi hefur passað boltann best af öllum bakvörðunum í deildinni því hann hefur aðeins tapað 12 boltum á tímabilinu á 246 mínútum sem þýðir að hann gefur 4,58 stoðsendingar á hvern tapaðan bolta.

Fjölnir, KR, Keflavík og Haukar munu halda áfram að treysta á þá Ægi, Pavel, Hörð og Sævar þegar deildin fer af stað á ný á nýju ári og þá verður fróðlegt að sjá hvort einhverjir bandarískir bakverðir muni ógna þeim íslensku á listanum yfir flestar stoðsendingar í Iceland Express-deildinni.

ooj@frettabladid.is

## Flestar stoðsendingar í leik




**ÆGIR ÞÓR STEINARSSON**
19 ára Fjölnismaður
99 stoðsendingar í 11 leikjum




**PAVEL ERMOLINSKIJ**
23 ára KR-ingur
95 stoðsendingar í 11 leikjum




**HÖRÐUR AXEL VILHJÁLMSSON**
22 ára Keflvíkingur
81 stoðsending í 11 leikjum




**SÆVAR INGI HARALDSSON**
26 ára Haukamaður
55 stoðsendingar í 8 leikjum



**SPILAÐI VEIKUR** Alexander Petersson gat lítið beitt sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þýski handboltinn í gær:

## Dramatískur sigur Füchse

**HANDBOLTI** Alexander Petersson gat lítið beitt sér vegna veikinda þegar Füchse Berlin vann 27-26 sigur á Magdeburg í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær. Pólverjinn Bartlomiej Jaszka skoraði sigurmarkið rétt fyrir leikslok en Magdeburg var fimm mörkum yfir í hálfleik.

Alexander Petersson var settur á skýrslu á síðustu stundu þar sem óvíst var hvort hann gæti spilað leikinn. Hann var ólíkur sjálfum sér þegar hann kom inn á, reyndi að hjálpa sínum mönnum en tókst ekki að komast á blað og sat því mestan hluta leiksins á bekknum.

Guðmundur Guðmundsson og lærisveinar hans í Rhein-Neckar Löwen urðu að sætta sig við 31-31 jafntefli á móti Lemgo. Þetta var fyrsta stigið sem Rhein-Neckar Löwen tapar á heimavelli í deildinni í vetur en liðið hafði unnið sjö fyrstu heimaleiki sína.

Ólafur Stefánsson átti góðan leik og skoraði 8 mörk fyrir Rhein-Neckar Löwen þar af mörg mikilvæg mörk á lokasprettinum. Guðjón Valur Sigurðsson skoraði eitt mark en Róbert Gunnarsson komst ekki á blað.

Í gær var tilkynnt hvaða leikmenn verða í úrvalsliði þýsku deildarinnar sem mætir þýska landsliðinu í Stjörnuleiknum í Leipzig 5. febrúar næstkomandi. Íslendingar eiga tvo fulltrúa í þessum leik. Dagur Sigurðsson, þjálfari Füchse Berlin, er þjálfari liðsins ásamt Martin Schwalb þjálfara HSV Hamburg. Dagur og Schwalb völdu síðan Alexander Petersson sem þriðja leikmanninn í stöðu hægri skyttu. Alexander er eini íslenski leikmaðurinn sem komst í liðið. - óój








**7 MÖRK Í 15 LEIKJUM** Gylfi Þór Sigurðsson fagnar í gær. MYND/NORDICPHOTOS/BONGARTS

Hoffenheim sló Gladbach út úr þýska bikarnum:

## Þriðja aukaspyrnumark Gylfa í vetur

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson skoraði beint úr aukaspyrnu þegar Hoffenheim vann 2-0 sigur á Gladbach í sextán liða úrslitum þýsku bikarkeppninnar í gær.

Gylfi skoraði markið sitt á 35. mínútu leiksins og kom Hoffenheim í 1-0. Þetta var sjöunda mark hans á tímabilinu í 15 leikjum þar af þriðja markið sem hann skorar beint úr aukaspyrnu.

Senegalmaðurinn Demba Ba skoraði seinna mark Hoffenheim á 63. mínútu eftir sendingu frá Bosníumanninum Sejad Salihovic. Gylfi fékk gult spjald fjórum mínútum áður en Ba skoraði markið sitt.

Gylfi var í byrjunarliðinu í þriðja leiknum í röð en hann kom inn á sem varamaður í níu af fyrstu ellefu deildarleikjum sínum með Hoffenheim-liðinu. Gylfa var síðan skipt út af mínútu fyrir leikslok eftir fínan leik. - óój

markhonnun.is

# JÓLA-KODDAR



**OPIÐ TIL KL. 22 Í KVÖLD**

# JÓLASPIL




uppselt hjá útgefanda

PARTÝ ALIAS
**5.798kr**




HEILSUKODDAR
MEMORY FOAM
2 STK. SAMAN
**6.998kr**

Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

GILDIR **22. - 24.** DESEMBER



**Markadrottningar 2003-10**

| | |
|---|---|
| **2010** | |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | 9/7 mörk |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | 8 leikir/4 |
| Sara Björk Gunnarsdóttir | 10/3 |
| Katrín Jónsdóttir | 10/3 |
| **2009** | |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | 14/8 |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | 14/6 |
| Sara Björk Gunnarsdóttir | 11/3 |
| Katrín Jónsdóttir | 14/3 |
| **2008** | |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | 11/14 |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | 8/4 |
| Sara Björk Gunnarsdóttir | 12/3 |
| Katrín Jónsdóttir | 12/3 |
| Katrín Ómarsdóttir | 10/3 |
| **2007** | |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | 9/8 |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | 7/3 |
| Dóra María Lárusdóttir | 9/2 |
| Greta Mjöll Samúelsdóttir | 7/2 |
| Katrín Jónsdóttir | 9/2 |
| **2006** | |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | 8/8 |
| Katrín Jónsdóttir | 6/3 |
| Ásthildur Helgadóttir | 5/2 |
| **2005** | |
| Dóra María Lárusdóttir | 4/4 |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | 4/2 |
| Ásthildur Helgadóttir | 4/1 |
| **2004** | |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | 9/6 |
| Olga Færseth | 9/3 |
| **2003** | |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | 5/5 |
| Ásthildur Helgadóttir | 6/3 |
| Hrefna Huld Jóhannesdóttir | 6/3 |

# Fríða rauf einokun Margrétar Láru

**Hólmfríður Magnúsdóttir varð markahæsti leikmaður kvennalandsliðsins á þessu ári. Hún skoraði 7 mörk í 9 leikjum og endaði fjögurra ára einokun Margrétar Láru Viðarsdóttur í efsta sæti á markalista liðsins.**

**FÓTBOLTI** Hólmfríður Magnúsdóttir, nýkjörin knattspyrnukona ársins í leikmannavali KSÍ, átti frábært ár, hvort sem það var að fara á kostum sem vinstri bakvörður með silfurliði Philadelphia Independence í bandarísku atvinnumannadeildinni eða með því að vera aðalstjarna íslenska kvennalandsliðsins á árinu 2010. Hólmfríður rauf líka á þessu ári fjögurra ára einokun Margrétar Láru Viðarsdóttur og varð í fyrsta sinn á ferlinum markahæsti leikmaður stelpnanna okkar.



Hólmfríður hefur verið annar markahæsti leikmaður kvennalandsliðsins undanfarin þrjú ár en á þessu ári tók hún markadrottningartitilinn af Margréti Láru sem hafði verið markahæsti leikmaður liðsins allar götur frá árinu 2006.

Margrét Lára hafði skorað fimm (2007) og tíu mörkum (2008) meira en Hólmfríður fyrstu tvö árin en það munaði aðeins tveimur mörkum á þeim stöllum í fyrra. Margrét Lára var þá með átta mörk en Hólmfríður skoraði sex mörk. Hólmfríður hefur því verið að sækja á Margréti Láru og tókst nú að komast upp fyrir hana.

Þetta er enn fremur aðeins í annað skiptið á síðustu átta árum þar sem Margrét Lára skorar ekki flest mörk fyrir kvennalandsliðið á einu ári því hún varð einnig markahæsti leikmaður liðsins árin 2003 og 2004.

Hólmfríður skoraði mörkin sín sjö í fimm leikjum, þar af kom hún Íslandi í 1-0 í fjórum þeirra og skoraði síðan tvennu í tveimur leikjanna. Tvö af fjórum mörkum Margrétar Láru komu í 5-0 sigri á Eistlandi í lokaleik liðsins í undankeppni EM en Hólmfríður tók út leikbann í þeim leik.



**EITT AF SJÖ MÖRKUM** Hólmfríður Magnúsdóttir skorar hér annað af tveimur mörkum sínum í leiknum á móti Króatíu á Laugardalsvellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrsta mark Hólmfríðar á árinu kom í 1-5 tapi á móti Svíum í Algarve-bikarnum. Hólmfríður kom þá Íslandi í 1-0 á 17. mínútu leiksins eftir að hafa fengið stungusendingu inn fyrir vörnina frá Berglindi Björgu Þorvaldsdóttur.

Hólmfríður minnkaði muninn í 2-3 í tapi á móti Noregi í næsta leik liðsins í Algarve-bikarnum en hún skoraði þá beint úr hornspyrnu á 76. mínútu leiksins.

Hólmfríður skoraði síðan fyrsta markið í 3-0 sigri á Portúgal í lokaleik liðsins í Algarvebikarnum. Hólmfríður skoraði markið á 49. mínútu eftir að hafa fengið langa sendingu markvarðarins Þóru Bjargar Helgadóttur inn fyrir vörnina.

Hólmfríður skoraði síðan tvö mörk í 2-0 sigri í Serbíu í fyrsta leik ársins í undankeppni HM. Bæði mörkin hennar komu þá í seinni hálfeik, það fyrsta á 52. mínútu eftir fyrirgjöf frá Sif Atladóttur og það seinna á 84. mínútu eftir góða samvinnu við Rakel Hönnudóttur.

Hólmfríður skoraði að lokum tvö mörk í 3-0 sigri á Króatíu á Laugardalsvellinum og kom þá Íslandi í 2-0 í fyrri hálfleik. Fyrra markið skoraði hún á 20. mínútu eftir sendingu Söru Bjarkar Gunnarsdóttur inn fyrir vörnina og það seinna skoraði hún þremur mínútum fyrir hálfeik eftir langa sendingu Sifjar Atladóttur inn fyrir vörnina.

Margrét Lára skoraði 4 mörk í sínum 8 leikjum á þessu ári og er áfram með yfirburðaforystu á listanum yfir markahæstu leikmenn kvennalandsliðsins frá upphafi. Margrét Lára hefur skorað 55 mörk í sínum 68 landsleikjum eða 32 mörkum meira en Ásthildur Helgadóttir sem er í öðru sæti. Hólmfríður er nú komin upp í 3. sætið á listanum og vantar nú aðeins eitt mark til að jafna Ásthildi Helgadóttur sem átti markametið á undan Margréti Láru.

ooj@frettabladid.is



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Hugh Jackman

„Mér finnst gaman að gera mig að fífli. Í þrjú ár vann ég fyrir mér sem trúður í barnaafmælum.“

***Hugh Jackman leikur Ástrala í upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar, sem kynnist enskri hefðarfrú sem erfði nautabýli í heimalandi hans. Þurfa þau að berjast við enska baróna um býlið í kvikmyndinni Australia sem sýnd er á Stöð 2 Bíó kl. 22.00 í kvöld.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ATLI FANNAR BJARKASON **VELTIR FYRIR SÉR TILVIST TÍKARINNAR Í MESSUNNI**

# *Tími Pamelu er liðinn*

Sem ólíklegasti knattspyrnuspekingur landsins nýt ég þess að horfa á Sunnudagsmessuna á Stöð 2 sport eftir hverja umferð í enska boltans. Ég hef áður skrifað um ágæti þáttarstjórnendanna Guðmundar Benediktssonar og Hjörvars Hafliðasonar í þennan dálk og vil undirstrika enn frekar að þekking þeirra í bland við húmor og hispursleysi gerir þáttinn að reglulegu kryddi í tilveru mína.

En allt er í lífinu hverfult. Guðmundur og Hjörvar kynntu til leiks nýjan lið í þættinum fyrir nokkrum vikum. Hann gengur út á að tíkin Pamela spáir fyrir um úrslit leikja með því að éta mat úr skál; tveimur merktum liðunum sem eigast við og einni merktri jafntefli.

Það væri hægt að réttlæta tilveru liðarins ef náðargáfa Pamelu væri til staðar, eins og Guðmundur og Hjörvar hafa ítrekað lýst yfir. Pamelu hefur nefnilega orðið á í messunni í hvert einasta skipti sem hún hefur gert tilraun til að spá fyrir um rétt úrslit og *aldrei* hefur hún sýnt merki um iðrun. Leikur Manchester City og Everton á mánudag var kornið sem fyllti mælinn. Pamela spáði City sigri með nokkuð afgerandi hætti, en ég velti fyrir mér hvað er látið í hundamatinn hennar því allir sem eru í sæmilegu jafnvægi vissu að strákarnir hans Davids Moyes myndu sigra. Sjálfur spáði ég reyndar að Everton myndi vinna með tveimur mörkum gegn engu, en með heppni tókst City að koma boltanum einu sinni í netið.



Nú trúi ég ekki öðru en að Guðmundur og Hjörvar liggi undir feldi og íhugi stöðu Pamelu, sem hefur haft þá að fíflum fyrir framan alþjóð. Þolinmæðin er eflaust á þrotum, enda virðast þeir sjálfir búa yfir meiri þekkingu en Pamela – þeirra helsti spekingur. Þeir ættu að íhuga að spá sjálfir fyrir um úrslitin í næsta þætti og borða úr hundaskálunum. Þannig myndu þeir sýna með táknrænum hætti að tími Pamelu er liðinn.

## SJÓNVARPIÐ

**16.15 Návígi** (Baltasar Kormákur) (e)
**16.45 Jóladagatalið - Jól í Snædal** (e)
**17.15 Táknmálsfréttir**
**17.25 Disneystundin**
**17.26 Snillingarnir** (13:28)
**17.49 Sígildar teiknimyndir** (13:42)
**17.57 Gló magnaða** (13:19)
**18.25 Jóladagatalið - Jól í Snædal**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Læknamiðstöðin** (35:53) (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Ung í anda** (Young @ Heart) Verðlaunuð bandarísk heimildamynd um kór eldri borgara í Massachusetts sem flytur lög eftir Jimi Hendrix, Coldplay, Sonic Youth og fleiri.
**00.00 Landinn** (e)
**00.30 Kastljós** (e)
**01.10 Fréttir** (e)
**01.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Mermaids**
**10.00 Reality Bites**
**12.00 FJÖLSKYLDUBÍÓ: Artúr og Mínímóarnir**
**14.00 Mermaids**
**16.00 Reality Bites**
**18.00 FJÖLSKYLDUBÍÓ: Artúr og Mínímóarnir**
**20.00 12 Men Of Christmas**
**22.00 Australia**
**00.40 Dracula 2. Ascension**
**02.05 Crank**
**04.00 Australia**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.40 Galdrabókin** (22:24)
**07.50 Maularinn**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark. The New Adventure** (17:21)
**11.00 Ameríski draumurinn** (3:6)
**11.45 Grey's Anatomy** (8:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Pretty Little Liars** (4:22)
**13.50 Gossip Girl** (17:22)
**14.40 E.R.** (8:22)
**15.30 iCarly** (18:25)
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (9:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (11:24)
**19.50 How I Met Your Mother** (24:24)
**20.15 Gossip Girl** (7:22) .
**21.05 Hawthorne** (4:10) Dramatísk þáttaröð sem fjallar um hjúkrunarfræðinga á Richmond Trinity-spítalanum í Virginíu.
**21.50 Medium** (13:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois.
**22.35 Nip:Tuck** (12:19)
**23.20 Sex and the City** (12:18)
**23.55 NCIS. Los Angeles** (18:24)
**00.40 Human Target** (9:12)
**01.25 Life on Mars** (5:17)
**02.10 Dracula 3. Legacy**
**03.40 Gossip Girl** (7:22)
**04.25 Hawthorne** (4:10)
**05.10 The Simpsons** (11:23)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þýski handboltinn: Rhein-Neckar Löwen - Lemgo**
**16.20 Þýski handboltinn: Füchse Berlin - Magdeburg**
**17.55 Þýski handboltinn: Lübbecke - Kiel** Bein útsending frá leik Lübbecke og Kiel í þýska handboltanum. Alfreð Gíslason er þjálfari Kiel og Aron Pálmarsson leikur með liðinu.
**19.35 Juventus - Man. Utd: 21.4 1999** Knattspyrnuárið 1999 líður stuðningsmönnum Manchester United seint úr minni.
**21.25 Kings Ransom** Einstök heimildarmynd um óvænta sölu íshokkístjörnunnar Wayne Gretzky frá Edmonton Oilers til Los Angeles Kings árið 1988.
**22.20 Þýski handboltinn: Lübbecke - Kiel**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Enska úrvalsdeildin**
**18.15 Enska úrvalsdeildin**
**20.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir.
**20.55 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
**21.25 Ronaldinho** Í þessum þætti verður fjallað um Ronaldinho sem var af mörgum talinn einn af bestu knattspyrnumönnum heims snemma á þessum áratug.
**21.55 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara. Líflег og fagleg umræða um enska boltann.
**22.55 Sunderland - Bolton**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.00 Survivor** (3:16) (e)
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 How To Look Good Naked**
**19.00 Judging Amy** (18:23)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (17:46) (e)
**20.10 Top Chef** (17:17)
**21.00 Parenthood** (12:13)
**21.45 America's Next Top Model**
**22.35 Cruel Intentions** Rómantískur spennutryllir frá 1999 með Reese Witherspoon, Ryan Phillippe og Sarah Michelle Gellar í aðalhlutverkum. Rík, spillt og ófyrirleitin stjúpsystkini á Manhattan reyna að bæta sér upp sitt innantóma líf með því að gera sitt besta til að eyðileggja mannorð annarra og valda fólki sem mestri óáran. Bönnuð börnum.
**00.15 Jay Leno**
**01.00 CSI: Miami** (12:24) (e)
**01.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁR*GOLF*

**06.00 ESPN America**
**12.05 Golfing World**
**12.55 The Open Championship Official Film 2009**
**13.50 PGA Tour Yearbooks** (9:10)
**14.35 Golfing World**
**15.25 European Tour - Highlights 2011** (2:45)
**16.15 LPGA Highlights** (7:10)
**17.35 Ryder Cup Official Film 2004**
**18.50 JBwere Masters 2010** (2:4)
**23.20 PGA Tour Yearbooks** (2:10)
**00.00 ESPN America**

## STÖÐ 2 EXTRA

**18.55 The Doctors**
**19.35 Falcon Crest** (6:28).
**20.25 Ástríður** (11:12) Það haustar í öllum skilningi. Ekki síst í hjarta Ástríðar nú þegar nýir tímar eru að renna í garð ásamt nýjum tækikfærum eða er hún búin að glata sínu tækifæri í ástinni. Vofa kannski makaskipti yfir?
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (4:22) Modern Family fjallar um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna, hefðbundinnar 5 manna fjölskyldu, samkynhneigðra manna sem eru nýbúnir að ættleiða dóttur og svo pars af ólíkum uppruna þar sem eldri maður hefur yngt upp og náð í suðurameríska fegurðardís.
**22.15 Chuck** (6:19)
**23.05 Burn Notice** (2:16)
**23.50 Daily Show: Global Edition**
**00.15 Ástríður** (11:12)
**00.40 The Doctors**
**01.20 Falcon Crest** (6:28)
**02.05 Fréttir Stöðvar 2**
**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Svavar Gestsson** Sennilega lifir sú tæra vinstri þessi jól.
**20.30 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og félagar um markaðsmálin.
**21.00 Segðu okkur frá bókinni** Sigurður G. tekur á móti íslenskum höfundum.
**21.30 Segðu okkur frá bókinni** Sigurður G. tekur á móti íslenskum höfundum.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20:20

### Gossip Girl



Það gengur mikið á hjá unga og fína fólkinu í Gossip Girl. Blair heldur upp á tvítugsafmælið og óvæntur gestur setur allt í uppnám í afmælisveislunni. Serena og Nate eru búin að fá nóg af leikjunum hjá Chuck og Blair og ákveða að gera eitthvað í málinu.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Margar útvarpsraddir **14.03** Tónleikur **15.03** Útvarpssagan: Aðventa **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Bókaþing **21.10** Út um græna grundu **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Hendingar **23.05** Flakk **00.05** Næturtónar

## BBC entertainment

**12.25** The Weakest Link **13.10** Deal or No Deal **13.45** Dancing with the Stars **15.00** Dancing with the Stars **15.40** Only Fools and Horses **16.15** Cranford **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Vicar of Dibley **19.30** After You've Gone **20.00** After You've Gone **20.30** After You've Gone **21.10** The Jonathan Ross Show **22.00** Vicar of Dibley **22.30** EastEnders **23.00** After You've Gone **23.30** After You've Gone

## DR 1

**12.15** Julens TV **12.30** Danmark Ekspeditionen **13.00** Hammerslag **13.30** Spise med Price **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.05** Fakiren fra Bilbao **15.30** Absalons Hemmelighed **16.00** Fillmore **16.25** Cowboy, indianer og hest **16.30** Sebastians jul **16.40** Garfield **16.55** Fup og Svindel **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Absalons Hemmelighed **19.00** Julehilsen til Grønland **20.00** TV Avisen **20.25** SportNyt **20.30** Julevejret **20.40** Wallander: Skyggerne **22.10** Onsdags Lotto **22.15** Taggart **23.55** Inspector Morse

## NRK 1

**13.30** Lisa goes to Hollywood **14.00** NRK nyheter **14.10** Mamma Mia - for en kveld! **15.20** Førjulshygge i Strömsö **16.00** NRK nyheter **16.10** Været i 2010 **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul på Månetoppen **17.30** Filmavisen **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Schrödingers katt **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.40** House **21.25** Lille Billefjord **21.50** Dankerts jul **22.00** Kveldsnytt **22.15** Gretten julefeiring **23.15** Stjernesmell **00.00** Trekant

## SVT 1

**12.05** Nobel 2010: Litteratur **12.35** Nobel 2010: Ekonomi och fred **13.05** Rebecca och Fiona **13.20** Förortsprinsessan **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Våra vänners liv **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Minnenas television **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Melodifestivalen 2010 **20.00** Den förlorade dottern **20.45** Nurse Jackie **21.15** Nurse Jackie **21.45** Min jul **21.50** Våra vänners liv **22.50** Ung & bortskämd **23.50** Ung & bortskämd





*Í flestu sem viðkemur jólahaldinu er best að halda í hefðirnar og þar er MS rjóminn hvergi undanskilinn. MS rjóminn er þessi gamli góði sem er samt alltaf ferskur. Nú er hann fáanlegur í nýjum umbúðum með skrúfuðum tappa. Hann myndi endast á milli jóla og nýárs – ef hann væri ekki svona góður.*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 09-2225



Gæða rúm á góðu verði

LYSTADÚN Marco

í 60 ár



**Hrúgöld**
Jólatilboð verð frá kr. 18.144



**Heilsukoddi og 100% hrein** andadúnsæng 140x200 cm.
Jólatilboð kr. 29.900



**Mediline heilsurúm**
Innifalið: Heilsudýna, botn og lappir.
Jólatilboð, verð frá kr. 122.880



**Satin og Damask**
Sængurverasett mikið úrval og margir litir.
Jólatilboð, verð frá kr. 7.920

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 Opnunartími: Mán–fös 10–18 og laug 11–16

## JÓLAMATURINN



*„Það er hamborgarhryggur með bæði brúnuðum og venjulegum kartöflum, salati, sósu og öllu hinu. Svo er ís í eftirrétt og smákökur ef menn leyfa sér það.“*

Kristinn Steindórsson knattspyrnumaður

# Stormsker ritar ævisögu Völu Grand

„Það er oft með fólk sem er kannski ekki nema 25 ára, það hefur stundum lifað meira og merkilegra lífi heldur en þeir sem eru níræðir,“ segir tónlistarmaðurinn Sverrir Stormsker.

Sverrir hyggst rita ævisögu Völu Grand, en hún hefur verið mikið á milli tannanna á fólki fyrir og eftir að hún gekkst undir kynleiðréttingaraðgerð á árinu.

Sverrir og Vala hittust í útvarpsviðtali á Útvarpi Sögu á dögunum þar sem hugmyndin varð til. „Okkur datt þetta snjallræði í hug að ég myndi rita ævisögu hennar – líklegast í viðtalsformi,“ segir hann.

Og ertu búinn að hitta hana með upptökutækið?

„Nei, ekki síðan. Það er búinn að vera svo ægilegur snúningur á manni. Þeysingur.“

Þannig að vinnan hefst á nýju ári?

„Já, nákvæmlega. Ætli ég hitti hana ekki í janúar eða febrúar. Ég held að það væri sniðugast.“

Þrátt fyrir að Vala sé aðeins rúmlega tvítug telur Sverrir að hún hafi frá ýmsu að segja. „Það getur vel verið að hún hafi frá miklu meira að segja en afdönkuð gamalmenni – með fullri virðingu fyrir afdönkuðum gamalmennum,“ segir hann og tekur sem dæmi að fáir hafi gengist undir aðgerðina sem hún gekkst undir.

Spurður hvort einhverjir útgefendur séu komnir í spilið segir Sverrir að hann sé ekki byrjaður að kanna áhuga þeirra, en bætir við að sú vinna hefjist á nýju ári. **- afb**



**SEGIR SÖGU VÖLU** Sverrir Stormsker ritar ævisögu Völu Grand og hefst vinnan á nýju ári. Sverrir segir ungt fólk oft hafa lifað meira og merkilegra lífi en þeir sem eldri eru.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og flestum ætti að vera kunnugt dvelst Julian Assange, forsvarsmaður Wikileaks, nú á sveitasetri í eigu Vaughans Smith. Með honum á setrinu eru margir af hans nánustu vinum, þar á meðal **Kristinn Hrafnsson**, oftast kallaður talsmaður Wikileaks. Ekki ætti að væsa um þá Julian og Kristin því samkvæmt AFP-fréttastofunni er lóðin sem tilheyrir sveitasetrinu 240 hektarar og þar er bæði hægt að stunda stangveiði og skotveiði. Vaughan Smith, eigandi sveitasetursins, er sjálfur fyrrverandi foringi í breska hernum.



**Adolf Ingi Erlingsson** hefur farið á kostum fyrir vefsíðu Evrópumótsins í handknattleik sem lauk um helgina með sigri Norðmanna. Adolf Ingi hefur komið mörgum á óvart með skeleggri framkomu og eltingarleik við magavöðva Gro Hammersen. Það er ekki síður enskur hreimur fréttaritarans sem vakið hefur óskipta athygli en hann þykir minna nokkuð á hreim Frímanns Gunnarssonar í sjónvarpsþáttaröðinni Mér er gamanmál. **- fgg**



## HALLDÓR HÖGURÐUR: ÞETTA VAR FYNDIÐ FYRST EN ER ORÐIÐ ÞREYTT

# Ítrekað ekið á bifreið skaupsskrifara

„Það er spurning um að fara að nota leigubíla,“ segir Halldór Högurður, einn af handritshöfundum áramótaskaupsins í ár – og í fyrra.

Þrisvar sinnum hefur verið keyrt utan í bíl Halldórs á aðeins sex vikna tímabili. Allir ökumennirnir hafa stungið af og kostnaðurinn hefur því fallið á Halldór. Hann gat hlegið að óhöppunum í fyrstu, en segir að brandarinn sé orðinn þreyttur í dag.

„Áður en ég hélt út í vetrarfrí var búið að keyra tvisvar utan í bílinn á stæðum niðri í miðbæ á innan við tveimur vikum,“ rifjar Halldór upp. „Svo fer ég út í tvær vikur og læt rétta bílinn á minn kostnað. Ég nota tækifærið fyrst ég var að fara í frí og læt sprauta hann í Keflavík. Hann kemur assgoti góður frá þeim, eins og nýr.“

Halldór fór svo niður í miðbæ á nýsprautuðum bílnum í vikunni, stoppaði í tvær klukkustundir og kom að klesstum bílnum í þriðja skipti á sex vikum. „Það var ekið nokkuð hressilega aftan á hann – einhver sem var að fara úr stæði,“ segir Halldór og vandar ökuníðingnum ekki kveðjurnar. „Það er eitthvert gimp heima hjá sér að fárast yfir öllu vonda fólkinu í bönkum og ríkisstjórn sem tekur ekki ábyrgð og stingur svo af frá svona.“

Halldór segir kostnaðinn við fyrstu viðgerðina hafa numið 100 þúsund krónum. Í þetta skipti er verðmiðinn 50 þúsund krónur og hann hyggst fá kostnaðinn tífaldan til baka. „Þetta er jólaleikurinn í ár. Ég ætla að finna hann á undan lögreglunni og rukka hann um margfaldan kostnað, berja út úr viðkomandi hálfa milljón allavega,“ segir Halldór. „Það vill svo til að þessi snillingur gerir þetta við Landsbankann þar sem eru tvær myndavélar sem á eftir að skoða. Svo er lögreglumyndavél neðar í götunni – ég er að bíða eftir því að lögreglan setjist niður og finni þennan bláa bíl.“

Halldór býst við að Lee C. Buchheit sem fór fyrir íslensku Icesave-samninganefndinni, sé upptekinn og treystir „því að Jón stóri eða álíka sannfærandi samningamaður hjálpi mér að semja við viðkomandi um tífalda greiðslu fyrir ónæði mitt af þessu,“ segir hann. „Mér finnst eðlilegt að verðleggja þetta sjálfur. Ef þetta á að að vera svona þjóðfélag; maður gerir það sem manni dettur í hug, þá tek ég þátt í því.“

Halldór segir að það yrði stórmannlegt af viðkomandi að gefa sig hreinlega fram. Hann hvetur þá sem kunna að hafa orðið vitni að óhappinu að senda sér póst á netfangið mafia@mafia.is.

**atlifannar@frettabladid.is**



**KLESST'ANN** Halldór Högurður sýnir lesendum þriðja tjónið sem ökuníðingar hafa unnið á bíl hans síðustu sex vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








**DVD-KÓNGARNIR** Sverrir Þór Sverrisson eða Sveppi er maður ársins í íslenskri DVD-sölu ásamt þeim **Bósa og Vidda**. Salan virðist dreifðari en mörg undanfarin ár.



# DVD-salan dreifðari en undanfarin ár

DVD-salan er dreifðari en mörg undanfarin ár að mati dreifingaraðila og fáir toppar um jólin eins og hefð hefur verið fyrir. Fjölskyldustjarnan Sveppi og vinirnir Bósi og Viddi úr Toy Story 3 verða hins vegar eflaust í toppsætum metsölulista þegar jólaösin klárast. „Niðurhalið hefur eiginlega verið að drepa sjónvarpsþættina,“ segir Konstantín Mikaelson hjá Senu og á þar við sölu á erlendum sjónvarpsseríum.

Konstantín nefnir sem dæmi að sala á Simpsons-diskum hefur hrunið. „Fyrir tveimur árum seldust diskarnir í 4-5 þúsund eintökum en nú seljast kannski 1.500.“ Það vekur óneitanlega athygli að í útgáfu Senu eru þrjár upptökur frá leikhúsi á meðal topp fimm. Þetta eru Harry og Heimir með 5.100 eintök farin frá dreifingaraðila, Fíasól með 5.000 og Algjör Sveppi: Dagur í lífi stráks í 3.500. Eina íslenska sjónvarpsserían sem nær inn á þennan lista hjá Senu er Steindinn okkar en fjögur þúsund eintök eru farin frá útgefanda.

Jón Geir Sævarsson hjá Samfilm segir að það séu eiginlega bara Toy Story 3 og Sveppamyndin Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið. „Toy Story hefur selst mjög vel, það eru fjórtán þúsund eintök farin frá okkur og Sveppi er að rjúfa tíu þúsund eintaka múrinn,“ segir Jón Geir og telur að DVD-salan sé dreifðari en mörg undanfarin ár. Spútnik-diskurinn er hins vegar eflaust Sigla himinfley eftir Þráin Bertelsson. Útgefandinn Tómas Hermannsson hjá Sögum gat ekki gefið upp nákvæmar sölutölur en bjóst við því að hann myndi seljast í fjögur þúsund eintökum. **- fgg**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan **Birgitta Birgisdóttir** er á leið í sjónvarpið en hún hefur tekið að sér hlutverk í sjónvarpsþáttum sem byggðir eru á bók **Þorbjargar Marinósdóttur**, Makalaus, og fara í tökur á nýju ári. Birgitta hefur slegið í gegn á fjölum Borgarleikhússins undanfarið í sýningunum Gauragangi og Fólkinu í kjallaranum. Hún fer með annað af tveimur aðalkvenhlutverkum þáttanna en enn hefur ekki verið gert uppskátt með hver muni túlka aðalsöguhetju bókarinnar Makalaus. Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að **Guðmundur Ingi Þorvaldsson** hefði tekið að sér stórt hlutverk í þáttunum sem eru óðum að taka á sig mynd. **- áp**





GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ

# Mikið fyrir lítið




## Íþróttagalli
Stærðir 1–6 ára

**1.990**

**Allt jóladót er á 50% afslætti**
Allt frá Ameríku



## Jakkaföt
Stærðir 46–64

**Business class skyrta í kaupbæti**

**14.990**



**699**

## iPod hátalarar
spilar allt af iPod



**999**

## Sæng og koddi
sett með polyester fyllingu



**999**

## Rakspírar og ilmvötn

**Handklæði 99**

# SAIKO
## Dömuúlpur
húfa og vettlingar fylgja í kaupbæti

**7.990**



Stærðir xs–xxl

**Barnaföt á mjög góðu verði!**




## GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8

*Opið í dag 10–22, Þorláksmessu 10-23 og aðfangadag 10-13. www.gulahusid.is*

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir.is Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Gengur í það heilaga

Trommarinn og meðlimur rokksveitarinnar Mínus, **Björn Stefánsson,** ætlar að ganga að eiga unnustu sína Írisi Dögg Einarsdóttur á nýársdag. Parið, sem er búsett í Kaupmannahöfn þar sem Íris stundar nám í ljósmyndun, er komið til landsins en gera má ráð fyrir skemmtilegri veislu þar sem rokkelíta landsins fjölmennir til að fagna með parinu.



### Tveir forsetar

Viðskiptavinir Bókabúðar Máls og menningar ráku upp stór augu á laugardag þegar þar voru stödd á sama tíma þau **Ólafur Ragnar Grímsson,** forseti Íslands, og **Vigdís Finnbogadóttir,** fyrrverandi forseti og forveri Ólafs í embætti. Ekki er vitað til þess að tveir forsetar hafi verið staddir í versluninni á sama tíma áður. Þau Ólafur og Vigdís eiga það þó sameiginlegt að um þau bæði hafa verið skrifaðar bækur; saga Ólafs kom út fyrir tveimur árum en Vigdísar í fyrra. Ekki fylgir sögunni hvort forsetarnir tveir hafi skipst á bókum í búðinni. **- áp, jab**



## Mest lesið vísir.is

1. „Þykist saklaus af því að stinga bróður okkar“
2. Trúlofaðist fyrrverandi eiginmanni konu
3. Skeljungur gefst upp á mótbyr í Hrútafirði
4. Segir lögregluna hafa vísað á Jón Stóra vegna innheimtu
5. Missti félagslegar bætur við að fá skaðabætur







